**birta**
Hildur Vala:
*Vill fylgja hjartanu*
• vignir í írafári • stjörnuspá
Fylgir Fréttablaðinu í dag

**FERMINGAR**
*Veislan, borðskreytingar, tertur, athöfnin*
Fylgir Fréttablaðinu í dag

**allt**
Rúnar Þór Rúnarsson:
*Matreiðslunemi ársins*
• matur • tilboð
Í miðju blaðsins


FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
18. mars 2005 – 75. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

FÖSTUDAGUR



**GJALDFRJÁLS LEIKSKÓLI** Reykjavíkurborg stefnir að sjö klukkustunda gjaldfrjálsum leikskóla. Ráðstöfunartekjur hjóna með eitt leikskólabarn koma til með að aukast um 215.600 krónur á ári. **Sjá síðu 2**

**ÓVÍST MEÐ TAKMARKANIR** Fjölmiðlanefnd menntamálaráðherra hefur ekki komist að niðurstöðu um hversu strangar takmarkanir eigi að setja á eignarhald markaðsráðandi fyrirtækja á fjölmiðlum. **Sjá síðu 2**

**MILLJARÐAR Í SVARTRI VELTU** Veltan í neðanjarðarhagkerfi veitingageirans nemur milljörðum króna. Formaður Matvís telur að 60-70 prósent starfsmanna á veitingastöðum við Laugaveginn vinni svart. **Sjá síðu 4**

**EKKI AUKNAR SKYLDUR** Ríkisútvarpinu eru ekki lagðar meiri skyldur á herðar en einkafjölmiðlunum í nýju frumvarpi, að sögn stjórnenda 365 og Skjás eins. **Sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING EÐA SKÚRIR Í DAG** Fremur hægur vindur syðra en lægir norðan til síðdegis eða í kvöld. Hiti 2-7 stig í dag en heldur áfram að hlýna á morgun. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG



**SVEIFLA Í HÁSKÓLANUM** Fyrstu tónleikarnir á vegum nýstofnaðs Jazzklúbbs Háskóla Íslands verða í Stúdentakjallaranum klukkan 16. Ragnheiður Gröndal söngkona kemur fram ásamt kvartettinum Black Coffee.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 36 | Myndlist | 38 |
| Tónlist | 38 | Íþróttir | 30 |
| Leikhús | 38 | Sjónvarp | 44 |


IÐNÞING 2005
föstudaginn 18. mars

Hátækniiðnaður á Íslandi
Sjá dagskrá á www.si.is
SI Samtök iðnaðarins

# Lyfjaverksmiðja reist á Húsavík

**Norskir iðjuhöldar ætla í sumar að reisa verksmiðju á Húsavík þar sem framleiða á efni til lyfjagerðar úr sjávarfangi. Sótt hefur verið um lyfjaleyfi í Svíþjóð og er ætlunin að koma lyfinu á markað víða í Evrópu.**

**LYFJAFRAMLEIÐSLA** Navamedic ehf., dótturfélag Navamedic ASA í Noregi, hyggst í sumar hefja framkvæmdir við fyrri áfanga verksmiðjuhúss á Húsavík þar sem unnin verða efni til lyfjagerðar. Undirbúningur hefur staðið í rúm þrjú ár en kostnaður við fyrri áfanga verksmiðjunnar er nálægt 200 milljónum kóna. Fjármögnun er á lokastigi og segir Öyvind S. Brekke, framkvæmdastjóri Navamedic í Noregi, að innan við tíu prósent vanti til að ljúka fjármögnun fyrri áfangans.

Í verksmiðjunni, sem rísa mun sunnan við rækjuvinnslu Íshafs, verður í fyrstu unnið kítín úr rækjuskel. Kítínið verður flutt til Noregs þar sem því verður umbreytt í glúkósamín, komið í töfluform og markaðssett sem lyf.

Í síðari áfanganum er ætlunin að koma á fót glúkósamínverksmiðju og á hún að verða tilbúin 2008. Á sama tíma verður hætt að flytja kítínið til Noregs en glúkósamínið verður virkt lyfjaefni í duftformi. Duftið verður flutt til Noregs þar sem því verður komið í töfluform en ekki þykir hagkvæmt að fjárfesta í búnaði til töfluvinnslu á Húsavík fyrir aðeins eina afurð.

Glúkósamín virkar á bandvefi líkamans og er til dæmis talið geta unnið gegn slitgigt. Navamedic í Noregi hefur selt glúkósamín sem heilsubótarefni og hefur efnið meðal annars verið selt sem slíkt í verslunum á Íslandi. Undanfarin tvö ár hefur fyrirtækið unnið að lyfjaþróun með það að markmiði að verða fyrsta fyrirtækið í Evrópu til að koma efninu í lyfjaverslanir. Gangi það eftir mun verðmæti framleiðslunnar stóraukast en Navamedic hefur sótt um lyfjaleyfi í Svíþjóð og er svara að vænta fljótlega.

Á Húsavík eru kjöraðstæður frá náttúrunnar hendi til framleiðslu glúkósamíns en framleiðsluferlið kallar á mikið af hreinu köldu vatni og 130 gráða heita gufu. Hvort tveggja er að finna á Húsavík á samkeppnishæfu verði.

Á bilinu 18 til 20 manns munu starfa í lyfjaverksmiðjunni eftir að þar hefst framleiðsla á glúkósamíni.

- kk



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**REKTORSKJÖRI FAGNAÐ**
Kristín Ingólfsdóttir prófessor fagnar sigrinum í rektorskosningunum í faðmi fjölskyldu og stuðningsfólks á heimili sínu í gærkvöld.

Kristín Ingólfsdóttir kjörin rektor Háskóla Íslands:

# Mikið verk fram undan

**REKTORSKJÖR** „Mér er efst í huga þakklæti fyrir þennan mikla stuðning sem ég hef fengið og þakklæti til þess fólks sem hefur unnið með mér í aðdraganda kosninganna,“ sagði Kristín Ingólfsdóttir prófessor, nýkjörinn rektor Háskóla Íslands, í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld. Í úrslitaumferð rektorskosninganna hlaut hún 53,1% gildra atkvæða, að teknu tilliti til mismunandi vægis þeirra, en Ágúst Einarsson 46,9%. Meðframbjóðendum sínum vildi Kristín þakka sérstaklega. Þeir hefðu allir lagt mjög mikið af mörkum til umræðu um framtíð Háskóla Íslands og kosningabaráttan farið fram af heilindum og drengskap.

„Það er mikið verk fram undan,“ sagði Kristín spurð um hvað biði hennar í hinu nýja starfi, en hún er fyrsta konan í tæplega aldarlangri sögu Háskólans sem gegnir stöðu rektors. „Skólinn er geysilega sterkur og mjög merkilegt starf þar unnið,“ sagði hún. „Það þarf að vinna áfram að því að tryggja fjárhagsgrundvöll skólans til framtíðar og styrkja hann enn frekar.“

- aa



**HEILBRIGÐISRÁÐHERRA**
Jón Kristjánsson vinnur að fjármögnun þjónustu fyrir átröskunarsjúklinga.

Átröskun:

# Fjármagn á næsta leiti

**HEILBRIGÐISMÁL** Vonir standa til þess að þær 16 milljónir króna fáist á næstunni sem vantar til þess að hægt sé að koma rekstri nýrrar göngudeildar fyrir átröskunarsjúklinga á Landspítalanum í fullan gang, að sögn Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra. Deildin var opnuð fyrr í vikunni.

„Við erum að leita allra leiða til að styrkja þá teymisvinnu sem þarf að fara fram á nýju göngudeildinni,“ sagði Jón. Hann sagði að þrjú til fjögur stöðugildi til viðbótar þyrfti inn á deildina ef vel ætti að vera. Kostnaðurinn væri 16 milljónir á ársgrundvelli. - jss / Sjá síðu 12.

Endurskoðun stjórnarskrár:

# Öll gögn opin almenningi

**STJÓRNSKIPUNARMÁL** Allir íslenskir borgarar sem láta sig stjórnskipun lýðveldisins varða geta nú nálgast öll þau gögn sem nefnd sú vinnur með, sem falið hefur verið að semja frumvarp til breytinga á stjórnarskránni.

Þetta tilkynnti formaður nefndarinnar, Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra, á blaðamannafundi í Þjóðarbókhlöðunni í gær. Þar hefur verið innréttaður bás í handbókasafninu, þar sem þessi gögn verða öllum opin. Heimasíða hefur einnig verið opnuð til að auðvelda samráðið við almenning, http://stjornarskra.is. - aa / Sjá síðu 20

uppgrip fyrir þig
Morgunmatur

Samloka & gos 380 kr.
olís



## SPURNING DAGSINS

*Mugison, ætlarðu aldrei suður?*

**„Maður á heima þar sem hjartað er og það er alltaf hér fyrir vestan, þótt búkurinn skjótist suður.“**

Ísfirðingurinn Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, er aðalsprautan að baki rokkhátíðinni Aldrei fór ég suður, sem verður hluti af dagskrá Skíðavikunnar á Ísafirði um páskana.

Reykjavíkurborg hyggst taka á sig aukinn kostnað við leikskólagöngu:

# Gjaldfrjáls leikskóli í framtíðinni

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Reykjavíkurborg stefnir að sjö klukkustunda gjaldfrjálsum leikskóla. Ráðstöfunartekjur hjóna með eitt leikskólabarn koma til með að aukast um 215.600 á ári miðað við átta klukkustunda leikskóladvöl barns. Áfram greiða foreldrar fyrir matarkostnað og umframstundir.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir ekki endanlega ákveðið hvenær breytingin taki gildi en hún verði í fjórum skrefum. „Fyrsta skrefið var tekið haustið 2004 þegar fimm ára börn fengu þrjár gjaldfrjálsar klukkustundir í leikskólum. Haustið 2006 tökum við skref tvö þegar allir fá tvær stundir gjaldfrjálsar, síðan koma tvær stundir til viðbótar fyrir öll börn árið 2008 og loks þrjár stundir fyrir börn að fimm ára aldri.“ Hún segir ekki ákveðið hvenær lokaskrefið verði stigið.

Meirihlutinn í borgarstjórn hefur reiknað út að kostnaðarauki borgarinnar við breytingarnar nemi um 846 milljónir króna á ári en verði veginn upp með fasteignaskatti frá ríkinu og húsaleigubótum að upphæð um 689 milljónir króna.

- gag



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**BORGARSTJÓRINN**
„Við lítum svo á og það er mín bjargfasta trú að leikskólinn eigi að vera almenn grunnþjónusta sem samfélagið á að veita án þess að vera með íþyngjandi gjaldtöku,“ segir Steinunn Valdís.

## DÓMSMÁL

**FANGELSI OG SVIPTING ÖKULEYFIS** Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur um níu mánaða fangelsi og ævilanga sviptingu ökuleyfis manns sem var sakfelldur fyrir ölvunarakstur og akstur án ökuleyfis en um margítrekuð brot var að ræða.

**DEILUR UM EIGNARHLUT** Hæstiréttur úrskurðaði að eignarhlutur konu í búð sem keypt var meðan á óvígðri sambúð hennar við sambýlismann sinn stóð yfir næmi fimmtán prósentum. Hæstiréttur Íslands staðfesti þar með fyrri dóm Héraðsdóms Reykjavíkur. Maðurinn hélt því fram fyrir dómi að hann ætti eignina alla sjálfur.

Kjalarnes:

# Rúður brotna í roki

**VEÐUR** Þrjár rúður brotnuðu í Klébergsskóla á Kjalarnesi fyrir hádegi í gær í allnokkru hvassviðri. Ein rúðan brotnaði þegar gluggi fauk upp en tvær aðrar þegar borð sem var á skólalóðinni fauk á glugga.

Iðnaðarmenn voru snöggir á staðinn til að gera tímabundið við það skemmdist. Ekki þurfti að gera hlé á skólastarfi vegna brotnu rúðanna eða hvassviðrisins.

Mjög hvasst var víða um landið í gær. Undir Eyjafjöllum fór vindhraði upp í 40 metra á sekúndu.

- ss



**SKEMMDIR BÍLAR**
Margir bílanna skemmdust töluvert í árekstrinum.

Hellisheiðin:

# Tíu bíla árekstur

**LÖGREGLA** Tíu bíla árekstur varð í Hveradalsbrekku á Hellisheiði síðdegis í gær. Einn maður var fluttur með sjúkrabíl á Landspítalann og nokkrir aðrir hlutu minniháttar meiðsli. Að sögn lögreglu skemmdust sumir bílanna töluvert.

Loka þurfti Hellisheiðinni fyrir umferð á meðan verið var að færa bílana af veginum. Vegurinn var aftur opnaður fyrir umferð um klukkan sjö í gærkvöldi. Mikið hvassviðri og blindbylur var á þessum slóðum þegar slysið varð.

- th



**HORFT Á SJÓNVARPIÐ**
Fjölmiðlafyrirtækjum sem þegar búa yfir dreifikerfi verður skylt að veita nýjum fyrirtækjum á fjölmiðlamarkaði aðgang.

# Deilur eru um takmörkun eignarhalds

**Fjölmiðlanefndin hefur ekki komist að niðurstöðu um hversu strangar takmarkanir eigi að setja á eignarhald markaðsráðandi fyrirtækja á fjölmiðlum.**

**FJÖLMIÐLASKÝRSLA** Fjölmiðlanefndin sem menntamálaráðherra skipaði síðasta haust hefur ekki enn komist að niðurstöðu um hversu strangar takmarkanir eigi að setja við eignarhald markaðsráðandi fyrirtækja á fjölmiðlum. Almenn sátt er hins vegar um að einhverjar takmarkanir verði að vera.

Enn hefur ekki verið tekist á um niðurstöðurnar, en nefndarmenn hafa kynnt hugmyndir sínar í nefndinni. Þær eru allt frá því að vera hinar sömu og gert var ráð fyrir í fjölmiðlafrumvarpinu sem samþykkt var á Alþingi síðasta sumar, þar sem sett var bann við því að markaðsráðandi fyrirtæki ætti meira en 15 prósenta hlut í ljósvakamiðli, yfir í að hafa engar takmarkanir. Þá hefur verið rætt um að setja mörkin við 30 prósenta eignarhlut markaðsráðandi fyrirtækja.

Horfið hefur verið frá hugmyndum um að setja bann við því að sami aðili eigi ljósvakamiðil og prentmiðil, líkt og stefnt var að í sumar.

Meðal þess sem fjölmiðlanefndin mun leggja til í skýrslunni er að þeim fjölmiðlafyrirtækjum sem þegar búa yfir dreifikerfi verði skylt að veita nýjum fyrirtækjum á fjölmiðlamarkaði aðgang. Það muni tryggja nauðsynlega nýliðun á markaðinum.

Þá hefur verið rætt um að setja eigi á fót stofnun sem hafa á eftirlit með því að skilyrðum sem sett eru í útvarpsleyfum sé fylgt eftir. Ekki hefur verið ákveðið hvort nýta megi stofnun sem þegar sé starfandi, líkt og Póst- og fjarskiptastofnun eða útvarpsréttarnefnd.

Þá verður lagt mikið upp úr því að lög verði sett þar sem gagnsæi eignarhalds verði tryggt. Auk þess mun nefndin leggja það til að tryggja megi sjálfstæði ritstjórnar gagnvart eigendum.

Nefndin telur að með því að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins megi tryggja það að ákveðin samkeppni sé á fjölmiðlamarkaði sem leiði til nauðsynlegrar fjölbreytni. Því telur nefndin að Ríkisútvarpið verði að hafa skýra og skarpa hlutdeild á markaði.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leggja nefndarmenn mikið upp úr því að sátt náist um niðurstöðurnar. Horft verði til framtíðar í stað þess að miða niðurstöðurnar við það fjölmiðlaumhverfi sem nú er til staðar.

sda@frettabladid.is

Óstöðugleiki í Afganistan:

# Kosningum frestað

**AFGANISTAN, AP** Hamid Karzai, forseti Afganistans, tilkynnti í gær að þingkosningum í landinu yrði frestað um tvo mánuði. Sprenging varð fimm manns að bana í Kandahar í suðurhluta landsins, þar sem uppreisnarmenn hliðhollir talibönum vaða enn uppi.

Ákvörðunin um frestun kosninganna er staðfesting á því hve illa gengur að koma á stöðugleika í landinu, nú þegar rúm þrjú ár eru síðan talibanastjórnin var hrakin frá völdum.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, var í heimsókn í Kabúl og lýsti hún því yfir að Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra myndu áfram styðja við uppbyggingu og lýðræðisvæðingu í landinu. ■

## DANMÖRK

**REIÐHJÓLAÞJÓFNAÐIR ALGENGIR** Reiðhjólaþjófnaðir eru þrisvar sinnum algengari í Danmörku en í Svíþjóð og sex sinnum algengari en í Finnlandi. 500 þúsund reiðhjól eru í Danmörku og er tæplega fimm þúsund stolið árlega.

## NOREGUR

**HNEYKSLI Á MJÓLKURMARKAÐNUM** Salan hjá stærsta mjólkursamlagi Noregs hefur hrunið eftir að upp komst að það reyndi að beita bolabrögðum til að klekkja á keppinauti sínum. Norðmenn kunnu ekki að meta slíkar brellur og tóku að kaupa vörur þess sem svínað var á. Sölutapið er metið á einn milljarð íslenskra króna.

## ÍRAK

**FORSÆTISRÁÐHERRA DANA Í HEIMSÓKN** Anders Fogh Rasmussen fór í óvænta heimsókn til Íraks í gær. Ríkisstjórn hans studdi innrásina fyrir tveimur árum dyggilega og er nú 501 danskur hermaður í landinu.




Breytingar hjá DV:

# Jónas ráðinn ritstjóri

**FJÖLMIÐLAR** Jónas Kristjánsson hefur verið ráðinn ritstjóri DV. Hann mun ritstýra blaðinu ásamt Mikael Torfasyni, sem hefur verið ritstjóri þess síðan haustið 2003. Jónas tekur við starfi Illuga Jökulssonar, sem var ritstjóri ásamt Mikael en hætti störfum á DV þegar hann var ráðinn útvarpsstjóri Talstöðvarinnar í janúar.

„Mér líst mjög vel á þetta starf,“ segir Jónas. „Þetta er minn gamli vinnustaður og ég ber miklar tilfinningar til hans frá gamalli tíð. Þetta er eins og að koma heim.“

Jónas er margreyndur í blaðamennsku. Hann byrjaði á Tímanum sem blaðamaður og síðar fréttastjóri. Hann var ritstjóri Vísis og síðan DV um áratuga skeið áður en hann varð ritstjóri Fréttablaðsins árið 2001. Því starfi gegndi hann í um eitt ár. Síðustu misseri hefur Jónas verið útgáfustjóri Eiðfaxa.

Jónas segist í stórum dráttum sáttur við DV eins og það sé í dag. Blaðið sé ólíkt öðrum dagblöðum á Íslandi. Það sé svolítið úti á kanti og þannig eigi það að vera. Hann segist ekki hafa neinar hugmyndir um að breyta blaðinu sérstaklega. Þó telji hann brýnt að klára siðareglur þess og birta þær í blaðinu. Það muni gera blaðinu gott og styrkja blaðamenn þess í því sem þeir séu að gera.

- th



**RITSTJÓRAR DV**
Jónas Kristjánsson mun nú ritstýra DV ásamt Mikael Torfasyni.

# LÆKKAÐ VERÐ Á NÝJUM BÍLUM!

**Gríptu tækifærið og endurnýjaðu fyrir vorið.**

**Opið mánudaga til föstudaga kl. 9-18 og laugardaga kl. 12-16.**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 2956

Audi

MITSUBISHI MOTORS

HEKLA®

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is · hekla@hekla.is

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 17.03.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 58,31 | 58,59 |
| Sterlingspund | GBP | 112,26 | 112,80 |
| Evra | EUR | 77,97 | 78,41 |
| Dönsk króna | DKK | 10,47 | 10,53 |
| Norsk króna | NOK | 9,57 | 9,63 |
| Sænsk króna | SEK | 8,57 | 8,62 |
| Japanskt jen | JPY | 0,56 | 0,56 |
| SDR | XDR | 89,60 | 90,14 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**106,55 -0,42%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Félagsmálaráðherra hefur kynnt niðurstöðu tekjustofnanefndar á Alþingi:

# Sveitarfélögin vildu tveimur milljörðum meira

**TEKJUSTOFNANEFND** Tekjur sveitarfélaganna aukast um rúmlega 1,5 milljarða á ári samkvæmt tillögum tekjustofnanefndar. Árni Magnússon félagsmálaráðherra sagði á Alþingi í gær að á tímabilinu frá 2005 til 2008 næmi tekjuaukningin alls 9,5 milljörðum króna.

„Auraleikur," segir Lúðvík Geirsson, einn þriggja fulltrúa sveitarfélaganna í tekjustofnanefnd sem skiluðu séráliti vegna niðurstöðu nefndarinnar. „Árni tínir saman alla aura, meðal annars þá sem fara í sameiningarferli sveitarfélaga. Niðurstaða tekjustofnanefndar er í raun og veru fjárhæð sem nemur um og yfir fjórum milljörðum til ársins 2008," segir Lúðvík og nefnir því til samanburðar að árlegur halli sveitarfélaganna sé um 3,5 milljarðar króna. Það sé sú upphæð sem hafi verið lágmarkskrafa sveitarfélaganna þegar samningar í tekjustofnanefnd hófust. Tveimur milljörðum muni því á því sem þau vildu fá og því sem þau fá samkvæmt tillögum tekjustofnanefndar.

Snarpar umræður urðu um niðurstöðu nefndarinnar á Alþingi í gær. Kristján L. Möller í Samfylkingunni sagði tillögurnar klúður. Siv Friðleifsdóttir, formaður félagsmálanefndar, benti stjórnarandstöðunni á að féð sem rynni til sveitarstjórna yrði ekki til í ráðuneytunum heldur væri um skattgreiðslur borgaranna að ræða. **- gag**

**TILLÖGUR TEKJUSTOFNANEFNDAR:**

- Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fær 2,1 milljarð
- Ríkið greiðir 1,2 milljarða í fasteignaskatt
- Framlög í varasjóð húsnæðismála aukast um 840 milljónir
- 600 milljónir fara í fráveitumál
- 600 milljónir í breytingar á dagsgreiðslum fasteignaskatts

**Samtals: 5.340 milljónir króna til ársins 2008.**

Um 4.215 milljónir króna verða að auki lagðar til vegna lagabreytinga og annarra ástæðna

*Heimild: Fjármálaráðuneytið*



**ÁRNI MAGNÚSSON Á ALÞINGI**
Menn eru ekki á einu máli um hvort niðurstaða tekjustofnanefndar sé viðunandi eða ekki. Sveitarfélögin fá 1,5 milljarða árlega til ársins 2008.

Uppgjör hjá VÍS:

## Hagnaður 2,5 milljarðar

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Vátryggingafélags Íslands í fyrra nam 2,5 milljörðum króna, sem er methagnaður hjá félaginu. Þetta er tæplega sjötíu prósentum meiri hagnaður en árið 2003 þegar félagið skilaði ríflega 1,5 milljörðum í hagnað.

Aðalfundur félagsins var haldinn í gær og þar var samþykkt að greiða hundrað prósenta arð, alls 650 milljónir króna.

VÍS var afskráð úr Kauphöll Íslands í lok síðasta árs. Nú er félagið í eigu tíu hluthafa.

Á fundinum var kjörin ný stjórn fyrirtækisins og tóku þrír nýir menn sæti í stjórninni. Þeir eru Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, Erlendur Hjaltason, framkvæmdastjóri Meiðs, og Lýður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Bakkavarar. **- þk**

ESA kvartar:

## Umdeildum lögum breytt

**HAPPDRÆTTI** Dómsmálaráðherra skoðar að afnema einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands til peningaverðlauna. Hann hefur kynnt ríkisstjórninni hugmyndir sínar um heildarendurskoðun á reglum um happdrætti og hlutaveltur.

Endurskoðun reglnanna kemur í kjölfar kvörtunar ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, sem telur einkaleyfi Happdrætti Háskólans brjóta í bága við reglur Evrópska efnahagssvæðisins.

Happdrætti Háskólans hefur greitt um eitt hundrað milljónir síðustu ár fyrir einkaleyfið sem það hefur haft í 79 ár. **- gag**

# Milljarðar í svartri veltu

**Veltan í neðanjarðarhagkerfi veitingageirans nemur milljörðum króna. Formaður Matvís telur að 60-70 prósent starfsmanna á veitingastöðum við Laugaveg vinni svart. Matvís ætlar í átak gegn svartri atvinnustarfsemi.**

**VINNUMARKAÐURINN** Veltan í neðanjarðarhagkerfi veitingageirans nemur milljörðum króna og er tap samfélagsins því gífurlegt. Þetta er álit Níelsar Sigurðar Olgeirssonar, formanns Matvís, sem segir að þetta hafi lengi verið gríðarlegt vandamál, ekkert síður hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.

Hann telur að 60-70 prósent starfsmanna á veitingastöðunum við Laugaveginn hafi ekki tilskilin leyfi eða séu á skrá. Bæði séu það útlendingar sem hjálpi til við uppvask og fleiri ófaglærð störf á veitingastöðunum en einnig sé mikið um að Íslendingar vinni svart. „Ég sé og veit að mínir félagar fá ekki vinnu ef á að gefa alla vinnu upp. En það þarf tvo til í öllum tilvikum. Ég sé í gegnum félagsgjöldin að það eru margir á lágmarkstaxtanum en það er langur vegur frá að það sé raunin. Í þessum geira vinna menn mikið og lítið sem ekkert er gefið upp af þessari vinnu," segir hann.

Matvís ætlar í átak gegn ólöglegum vinnukröftum og svartri atvinnustarfsemi og hefur óskað eftir samstarfi við Eflingu og Samtök ferðaþjónustunnar. Níels segir að þetta sé sameiginlegt vandamál og margir sem vinni á veitingastöðunum, til dæmis við uppvask, þurfi atvinnuleyfi og eigi að vera í Eflingu.

„Við höfum beðið um fund til að fara yfir það hvað við getum gert. Stór hluti af starfseminni fer fram neðanjarðar og er því ekki uppi á borðinu. Við höfum annað slagið fengið lista yfir fólk sem er grunað um að vinna svart en það er lokað alls staðar að upplýsingastreymi þannig að við höfum ekki getað fengið upplýsingar, til dæmis frá skattinum," segir hann.

Á næstunni verður stefnan mótuð, kortlagt hvað hægt sé að gera og ákveðið hvað verður gert. Til greina kemur að ráða mann í eftirlit með veitingastöðunum en helst vill Níels komast hjá því. Best sé að fara í markaðssetningu og sjá svo á tölunum að mikið hafi áunnist.

**ghs@frettabladid.is**



**SVÖRT VINNA Á VEITINGASTÖÐUNUM**
Svört vinna er algeng á veitingastöðunum og telur formaður Matvís að 60-70 prósent starfsmanna á veitingastöðunum við Laugaveginn séu án tilskilinna leyfa. Myndin er ekki tekin á veitingastað hérlendis.



**NÍELS SIGURÐUR OLGEIRSSON**
Formaður Matvís segir að í veitingageiranum vinni menn mikið og gefi ekki alla vinnuna upp. En það þurfi tvo til í öllum tilvikum.



**LOÐNUVERTÍÐINNI LOKIÐ**
Botninn datt úr loðnuveiðum landans í fyrradag og hefur vart fundist tangur né tetur síðan.

Síldarvinnslan:

## Loðnuvertíðin á enda

**SJÁVARÚTVEGUR** „Auðvitað hefur komið fyrir að loðna hafi veiðst vel fram í apríl en mig grunar að veiðunum sé lokið að þessu sinni," segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Flestir útgerðarmenn virðast sammála um að botninn sé dottinn úr loðnuveiðum að þessu sinni.

Björgólfur segist þó ánægður með að meira hafi veiðst á þessu ári en á hinu síðasta. „Það er bót í máli að meira er komið að landi nú og vertíðin sem slík ekki verið slæm en ég verð hissa ef það veiðist meira en orðið er." **- aöe**

Stjórnarskrármál:

## Málskotsrétturinn haldi sér

**STJÓRNSKIPUNARMÁL** Í tilefni af því starfi sem nú er hafið á vegum stjórnvalda að endurskoða stjórnarskrár lýðveldisins hefur Þjóðarhreyfingin – með lýðræði sent frá sér yfirlýsingu, þar sem tíunduð eru þau mál sem að mati hreyfingarinnar er mikilvægast að hugað verði að í þessu sambandi.

Mesta áherslu leggur Þjóðarhreyfingin á að þjóðin „njóti áfram þess málskotsréttar, sem þjóðkjörinn forseti fer með samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar" og að sá réttur verði jafnframt betur tryggður framvegis. **-aa**




## Veðrið

**ALVÖRU HLÝINDI NÆSTU DAGA**
Kuldakastið er að baki og nú taka við mildir dagar. Smám saman lægir á öllu landinu og því gæti helgin orðið ágæt þó að reyndar megi búast við súld eða rigningu víða um land. Hitinn þá verður á bilinu 5-12 stig víða um land.

**HORFUR Í DYMBILVIKUNNI**
Suðlægar áttir með hlýindum. Væta af og til, einkum sunnan til. Ekki er að sjá neitt afgerandi kuldakast á næstunni og reyndar ekki út þennan mánuð. Vonum bara að það standist.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Strekkingur vestan til annars hægari.

### Sunnudagur




Fremur hægur vindur, einkum þó austan til.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C skýjað | París | 13°C alskýjað | Torrevieja | 15°C skýjað |
| Osló | 0°C léttskýjað | Prag | 14°C skýjað | Róm | 16°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | -3°C skýjað | Amsterdam | 12°C léttskýjað | New York | 7°C heiðskírt |
| London | 18°C léttskýjað | Varsjá | 8°C skúrir | Miami | 26°C heiðskírt |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Páskalambið í ár



## að hætti landsliðs matreiðslumeistara

Sérvalið lambalæri marínerað í ólífuolíu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk

landslið matreiðslumeistara





Kjötið er sérvalið og látið liggja í ólífuolíu með fersku kryddi með það að leiðarljósi að ná fullri meyrnun á sama tíma og fersk krydd kryddleggja kjötið án salts. Meyrnun í ólífuolíu gefur frábæran grunn til að kjötið verði sem best við náttúrlegar aðstæður án salts.

Fyrir steikingu er stráð sjávarsalti eða öðru hollu salti yfir kjötið til að samræma meyran bragðgóðan vöðvann við hóflegt saltbragð og kryddkeim.



Takmarkað magn

40% afsláttur við kassa

TILBOÐ **2.387** kr/kg

Merkt verð 3.979,-

**Nautalundir** frá Nýja Sjálandi



ÓÐALS

40% afsláttur við kassa

TILBOÐ **839** kr/kg

Merkt verð 1.398,-

**Óðals** hamborgarhryggur



**Nýtt**

í Hagkaupum

**Risa fjölskyldu-páskaegg** 1,4 kg

– flottasta eggið sem framleitt hefur verið!

Gott verð

**3.999** kr/1,4 kg

Gildir til 23. mars eða á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Á að veita Bobby Fischer ríkisborgararétt?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 46% |
| Nei | 54% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Notarðu internetið daglega?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Héðinsfjarðargöng aftur á dagskrá:

# Bæjarstjóri bíður með brosið

**SAMGÖNGUR** „Ég bíð með brosið þangað til ráðherra tilkynnir þetta formlega á laugardaginn kemur,“ segir Runólfur Birgisson, bæjarstjóri á Siglufirði. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hefur boðað til fundar í bænum um helgina þar sem vonir standa til að hann tilkynni hvenær framkvæmdir við Héðinsfjarðargöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar hefjist formlega.

Gangagerðinni var frestað á sínum tíma vegna ótta við þensluáhrif vegna stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi en ekki þykir lengur hætta á slíku enda aðeins tvö til þrjú ár áður en þeim framkvæmdum lýkur. Héðinsfjarðargöngin eru rúmlega tíu kílómetra löng og eru íbúar svæðisins almennt sammála um nauðsyn slíkra ganga.



HÉÐINSFJARÐARGÖNG

Runólfur segir fyrir liggja að þó að kostnaður við göngin sé áætlaður sex milljarðar króna þá sé enginn vafi í sínum huga að byggðir norðanlands eflist til mikilla muna með göngum.

„Það er óumdeilt í mínum huga að ávinningurinn verður mikill. Þegar liggur fyrir að Siglufjörður og Ólafsfjörður rugli reytum sínum saman hvað varðar stjórnsýslu og ýmislegt annað eftir að göngin eru komin. Þannig sparast strax miklir fjármunir auk þess sem ferðaþjónustan hér ætti að njóta góðs af.“

Ekki náðist í samgönguráðherra vegna málsins.

- aöe

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Dæmdur fyrir líkamsárás

**DÓMSMÁL** Maður var í gær dæmdur í þriggja mánaða fangelsi vegna líkamsárásar á veitingastaðnum Kaffi Austurstræti í desember 2003. Gekk hann þar í skrokk á viðskiptavini með þeim afleiðingum að sá hlaut ökklabrot af.

Við dóminn var til þess litið hversu langan sakaferil hinn ákærði átti að baki en hann hefur verið dæmdur alls 29 sinnum fyrir margvísleg brot á almennum hegningarlögum.

- aöe










STJÓRNENDUR 365 OG SKJÁS EINS
Gunnar Smári Egilsson og Magnús Ragnarsson eru sammála um að nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið skekki samkeppnisstöðuna á markaðnum.

# Segja RÚV styrkt í samkeppnisrekstri

**Ríkisútvarpinu eru ekki lagðar meiri skyldur á herðar en einkafjölmiðlunum í nýju frumvarpi þrátt fyrir að fá á þriðja milljarð í styrk frá ríkinu. Þetta segja forsvarsmenn 365 og Skjás eins.**

**RÍKISÚTVARPIÐ** „Það er of mikið á Ríkisútvarpið lagt að þurfa að standa í samkeppni á auglýsingamarkaði. Kostnaður Ríkisútvarpsins við að vera á auglýsingamarkaði er meiri en auglýsingatekjurnar sem það nær inn,“ segir Gunnar Smári Egilsson, framkvæmdastjóri 365.

„Til þess að vera samkeppnisfærit á auglýsingamarkaði þarf Ríkisútvarpið að fjárfesta í dýru efni, svo sem The Sopranos og Desperate Housewives, til þess að halda uppi ákveðnu áhorfi. Ríkisútvarpið gæt nýtt fjármuni sína miklu betur með því að framleiða innlent menningarefni og uppfylla þannig betur skyldur sínar sem almenningsútvarp,“ segir Gunnar Smári.

Hann segist enn fremur ekki skilja hvers vegna taka þurfi 2.500 milljónir krónur af almannafé til þess að bjóða megi upp á sams konar fjölmiðlaefni og aðrir fjölmiðlar geri.

„Þetta er eins og ef Landspítalinn fengi 2.500 milljónir af almannafé og þyrfti ekkert endilega að sinna sjúkum heldur gæti opnað líkamsræktarstöð,“ segir Gunnar Smári. „Rökin fyrir því að taka 2.500 milljónir af almenningi í rekstur RÚV hljóta að vera þau að búa til fjölmiðlaefni sem aðrir fjölmiðlar bjóða ekki upp á, eins og skyldur almenningsútvarps gera ráð fyrir.“

Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins, segir að í frumvarpinu séu Ríkisútvarpinu ekki lagðar miklar skyldur á herðar umfram aðrar sjónvarpsstöðvar þrátt fyrir að fá á þriðja milljarð króna frá ríkinu í rekstur auk þess að keppa á auglýsingamarkaði.

„Skjár einn þarf að hlíta nýjum úrskurði um að þurfa að verja íslenska tungu og vera með íslenska þuli á enskum fótboltaleikjum. Það virðist sem einkageirinn þurfi að sinna öllum sömu kvöðum og Ríkisútvarpið,“ segir Magnús. „Ég hefði viljað sjá meiri afmörkun á því sem á að heyra undir hlutverk almenningsútvarps og þess sem einkageirinn sinnir. Ég sé ekki af hverju halda þarf úti ríkisútvarpi sem styrkt sé af almannafé, ef það hefur svo litlar umframkvaðir.“

Hann bendir á að í frumvarpinu séu sérstök ákvæði sem segi að RÚV eigi að sinna afþreyingar- og skemmtiefni. „Ríkisútvarpinu er beinlínis gerð lagaskylda að vera í beinni samkeppni við einkageirann,“ segir Magnús.

sda@frettabladid.is







**Tilboð**

**stórlúða 1.490,-**

**humar 1.290,-**

**rækjur 990,-**

**Opið LAUGARDAG**

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70


Verðkönnun ASÍ:

# Unnin eftir nákvæmum reglum

**VERÐSTRÍÐIÐ** Verði í Bónus var sleppt í verðkönnun sem verðlagseftirlit Alþýðusambands Íslands birti á miðvikudagskvöld. ASÍ telur að starfsmaður Bónuss, sem var í Krónunni þegar verið var að taka þar niður verð, hafi haft óeðlileg afskipti af könnuninni með því að fylgjast með starfsmanni ASÍ. Bónus hafi hugsanlega náð að breyta verði hjá sér.

„Við vinnum þetta eftir nákvæmum og þröngum reglum sem við mótuðum í samstarfi við Samtök verslunar og þjónustu til að ekki kæmu upp svona deilur. Það er ekki hægt að una við að reynt sé að hafa afskipti af verðkönnun eða ná forskoti í verði. Okkar hlutverk er að tryggja jafnræði og hlutleysi við þessa verðupptöku. Eina leiðin sem við getum farið er að fella viðkomandi fyrirtæki út úr könnuninni,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir að Bónus sé ósammála þeim málflutningi ASÍ að starfsmaður Bónuss hafi reynt að hafa afskipti af verðkönnuninni en treysti því að könnunin sé unnin af heilindum og ASÍ geri sitt besta.

- ghs



GUÐMUNDUR MARTEINSSON
Framkvæmdastjóri Bónuss segir verslunina treysta því að könnun ASÍ sé unnin af heilindum.



GYLFI ARNBJÖRNSSON
Framkvæmdastjóri ASÍ segir verðkannanir unnar eftir nákvæmum og þröngum reglum sem settar hafi verið til að ekki komi upp deilur um niðurstöðurnar.




# Sparaðu tíma
# borgaðu við dæluna!
## á næstu ESSO stöð*

**Veldu hraða!**
Hjá ESSO getur þú nú sparað tíma og **borgað við dæluna** þegar þú velur sjálfsafgreiðslu.

**Veldu þægindi!**
Láttu okkur um að dæla á bílinn og nýttu þér um leið þá **þjónustu** sem ESSO er þekkt fyrir.

**Veldu ódýrara bensín!**
Þegar þú **dælir sjálf(ur)** á ESSO stöðvunum getur þú treyst því að fá eldsneyti á hagstæðu verði.

Esso

Fiton/SÍA F1006106

*Á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Keflavík, Hveragerði og Selfossi. Safnkortsafsláttur er í formi punkta.



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hver verður að öllum líkindum næsti bankastjóri Alþjóðabankans?

2 Hvað er gert ráð fyrir mörgum nýjum íbúðum við Mýrargötu?

3 Hvað heitir ný plata færeysku söngkonunnar Eivarar Pálsdóttur?

SVÖRIN ERU Á BLS. 42

Stuðningsmenn Bobby Fischer funduðu með allsherjarnefnd:

# Óvíst hvort Fischer fái ríkisborgararétt

**ALÞINGI** Stuðningsmenn skákmeistarans Bobby Fischer áttu fund með allsherjarnefnd Alþingis í gærmorgun. Þeir lögðu fram upplýsingar um atburðarásina í Japan, viðræður sínar við japanska stjórnmála- og embættismenn og möguleika Fischers á að losna frá Japan.

Stuðningsmenn Fischers telja sig hafa sterkar vísbendingar um að Fischer verði sleppt lausum hafi hann íslenskt ríkisfang og honum leyft að fara til Íslands.

„Þessar upplýsingar eru ekki staðfestar af stjórnvöldum heldur er þetta haft eftir samtölum við menn. Nú þurfum við að leggja mat á þessi gögn. Það er spurning hvaða áhrif þau hafa á framvindu málsins,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður allsherjarnefndar, og vill ekkert segja um það hvenær málefni Fischers verði næst tekið fyrir eða líkurnar á því að Fischer fái íslenskt ríkisfang. Ákveði allsherjarnefnd að veita Fischer ríkisborgararétt þá segir Bjarni að afgreiðsla málsins taki aðeins örfáa daga.

Fischer er nú laus úr einangrun í innflytjendabúðunum í Japan. Hann hringdi til íslenskra vina sinna í gær og sagði að síðustu fjórir dagar hefðu verið martröð. - ghs



**SÆMUNDUR PÁLSSON**
Sæmundur og fleiri stuðningsmenn Bobby Fischer fóru á fund allsherjarnefndar Alþingis í gærmorgun og lögðu fram nýjar upplýsingar. Formaður nefndarinnar vill fullvissu fyrir því að þær standist ef Fischer á að fá íslenskan ríkisborgararétt.

Hæstiréttur:

# Refsing var þyngd

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur þyngdi í gær refsingu síbrotamanns sem dæmdur hafði verið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í tveggja ára fangelsi í október síðastliðnum fyrir margvísleg brot. Var það mat dómsins að vegna fyrri sakaferils væri rétt að bæta sex mánuðum við dóm héraðsdóms.

Maðurinn var sakfelldur í héraði fyrir rán, akstur án ökuréttar, ölvunarakstur og að hafa fíkniefni í fórum sínum. Hæstiréttur tók tillit til að um þriðja rán mannsins var að ræða og fannst hæfilegt að dæma viðkomandi í fangelsi í tvö ár og sex mánuði. -aöe

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**HVIÐUR Í VESTMANNAEYJUM** Lögregla og björgunarsveitir í Vestmannaeyjum aðstoðuðu fólk við að festa lausamuni þegar verstu vindhviðurnar gengu yfir í gær. Fór vindhraði í 35 vindstig á tímabili en engum varð meint af.

**FÁIR Á SJÓ** Óvenjufá skip voru á sjó í gær. Bræla var sunnanlands og hafís norðanlands og sögðu vaktmenn hjá tilkynningarskyldu skipa að óvenjurólegt væri á vaktinni vegna þessa.

## KANADA

**SÝKNAÐIR AF HRYÐJUVERKUM** Dómstóll í Kanada hefur sýknað tvo indverska síkha af ákærum um að hafa sprengt upp tvær flugvélar Air India árið 1985 með þeim afleiðingum að 331 fórst. Önnur var á flugvelli í Tókýó, hin á flugi yfir Atlantshafi. Ættingjar fórnarlambanna eru ævareiðir.

Heimdallur um RÚV:

# Úr krumlum ríkisins

**RÍKISÚTVARPIÐ** Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík segir að leysa þurfi Ríkisútvarpið úr „krumlum ríkisvaldsins“ og koma fyrirtækinu á almennan markað. Í ályktun sem félagið sendi frá sér í gær segir að nauðsynlegt sé að selja RÚV hið snarasta. „Jafnframt er Heimdallur andvígur þeim áformum að stofna sameignarfélag um rekstur Ríkisútvarpsins. Ástæða þess er sú að ábyrgð ríkisins á rekstrinum mun eftir sem áður vera ótakmörkuð,“ segir í ályktuninni.

„Núverandi fyrirkomulag er með öllu óásættanlegt þar sem brotið er á þeirri grundvallarreglu að ríkið eigi ekki að vera í samkeppni við einkarekin fyrirtæki á markaði.“ - sda

# Ekki eru allir á eitt sáttir um Wolfowitz

**Tilnefning Paul Wolfowitz í bankastjórastól Alþjóðabankans hefur vakið blendin viðbrögð í heiminum. Leiðtogum Breta og Japana líst vel á manninn en talsmönnum hjálpar- og þróunarstofnana síður.**

**ALÞJÓÐABANKINN** Óhætt er að segja að heimsbyggðin skiptist í tvö horn í afstöðu sinni til tilnefningar Paul Wolfowitz í embætti bankastjóra Alþjóðabankans. Þeir sem munu á endanum véla um málið eru þó hlynntir skipaninni.

George W. Bush tilkynnti í fyrradag ákvörðun sína um að tilnefna Paul Wolfowitz aðstoðarlandvarnaráðherra í bankastjóraembætti Alþjóðabankans. „Wolfowitz er heiðarlegur og hæfur sem lætur sér annt um aðra,“ sagði forsetinn í samtali við frétamenn.

Meginverkefni stofnunarinnar er að ráðast gegn fátækt og byggja upp efnahagslíf þróunarlandanna. Sérsvið Wolfowitz eru hins vegar varnar- og öryggismál. Þegar við bætist að hann var einn helsti skipuleggjandi innrásarinnar í Írak kom engum á óvart að tilnefningin yrði gagnrýnd.

Bush upplýsti í gær að hann hefði rætt um tilnefninguna við helstu leiðtoga heimsins, til dæmis Tony Blair, Gerhard Schröder, Jacques Chirac og Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans. Í París var staðfest að tilnefningin „hefði verið meðtekin“ en annars tjáðu ráðamenn sig þar ekki um málið. Koizumi og Jack Straw, utanríkisráðherra Breta, hafa hins vegar báðir lýst yfir ánægju sinni með Wolfowitz.

Talsmenn þróunar- og hjálparsamtaka hafa hins vegar gagnrýnt tilnefninguna harðlega og jafnvel fordæmt hana. Fjölmiðlar í þriðja heiminum hafa sömuleiðis látið í ljós tortryggni um að skipan Wolfowitz sé liður í að tryggja viðskipta- og öryggishagsmuni Bandaríkja-manna í þróunarlöndunum. Þá hafa fyrrverandi og núverandi starfsmenn Alþjóða-bankans lýst yfir furðu sinni, þar á meðal er Joseph Stiglitz, fyrrverandi bankastjóri og nóbelsverðlaunahafi.

Þetta er í annað skiptið á fáeinum vikum sem Bush útnefnir harðlínumann í áhrifastöðu hjá alþjóðastofnun. Á dögunum skipaði hann John Bolton, fyrrverandi aðstoðarutanríkisráðherra, sem sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum.

Stjórn bankans tekur lokaákvörðun um ráðninguna og þar hafa auðugustu þjóðir heims tögl-in og hagldirnar. Bandaríkjamaður situr jafnan í stól bankastjóra Alþjóðabankans á meðan Evrópumaður veitir Alþjóðagjaldeyrissjóðnum forstöðu. Bandaríkin beittu neitunarvaldi í fyrra þegar stungið var upp á Þjóðverja sem forstjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Gagnrýnendum til huggunar má geta þess að árið 1968 var ekki síður umdeildur maður skipaður bankastjóri. Það var Robert McNamara, varnarmálaráðherra í ríkisstjórnum John F. Kennedy og Lyndon B. Johnson og helsti arkitekt Víetnamstríðsins. Hann er af mörgum talinn einn farsælasti stjórnandi Alþjóðabankans fyrr og síðar.

sveinng@frettabladid.is



MYND/AP

**LAGT Á RÁÐIN**
Paul Wolfowitz og George W. Bush ræddu málin í Hvíta húsinu í fyrradag. Wolfowitz hefur síðastliðin ár verið afar handgenginn forsetanum og mótað mjög utanríkisstefnu hans.

Paul Wolfowitz:

# Hugmyndafræðingur haukanna

Paul Wolfowitz á að baki langan feril á sviði öryggis- og varnarmála og óhætt er að segja að hann sé einn af haukunum í ríkisstjórn Bush.

**Fæddur** 22. desember 1943.

**Menntun** BS-gráða í stærðfræði frá Cornell-háskóla og doktorsgráða í stjórnmálafræði frá University of Chicago.

**Starfsferill** Á árunum 1970-73 kenndi Wolfowitz við Yale-háskólann og nokkru síðar við Johns Hopkins háskólann í Washington. 1983 sest hann í stól aðstoðarutanríkisráðherra í málefnum A-Asíu og Kyrrahafsríkja. 1986-1989 gegnir Wolfowitz svo embætti sendiherra Bandaríkjanna í Indónesíu en árin þar á eftir starfar hann í Pentagon. Frá árinu 2001 hefur Wolfowitz verið aðstoðarlandvarnaráðherra.

**Skoðanir** Paul Wolfowitz er einn helsti hugmyndafræðingur svonefndra nýíhaldsmanna (neo-conservatives). Undir lok tíunda áratugarins mótaði óformlegur félagsskapur þeirra það sem eftir 11. september 2001 varð hryggjarstykkið í utanríkisstefnu Bush. Rauði þráðurinn í þeirri stefnu gengur út á að ekki sé nægilegt að halda óvinveittum ríkjum í skefjum með efnahagsþvingunum og slíku heldur sé réttlætanlegt að grípa til árása gegn þeim að fyrra bragði. Írak fékk að kenna á þessari stefnu.

Þótt Wolfowitz sé mikill stuðningsmaður Ísraela, enda af gyðingaættum, er hann einn fárra nýíhaldsmanna sem telja að stofna eigi palestínskt ríki.




MARJA ENTRICH®
- lífræn húðlína

MARJA ENTRICH BIOKOSMETIK
ME
GRÆNA LÍNAN



Kynning:
í dag, föstudag
L&H Melhaga, kl.13.30 - 16.00



Guðný Guðmundsdóttir
- ráðgjafi

hausverk / SÍA

Lyf&heilsa

Marja Entrich á Íslandi:
Júlía ehf • sími: 895 3091 • gudnygud@itn.is





Austurver
Opið alla daga ársins til kl. 24
Mán.–fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24

JL-húsið
Mán.-fös. kl. 9–21
Helgar 10–21

Kringlan 1. hæð
Mán.-mið. kl. 10–18:30,
fim. 10–21, fös. 10–19,
lau. 10–18, sun. 13–17

Opið lengur

Lyf&heilsa




## SÉRÞJÓNUSTA DEBENHAMS KYNNT Á TÍSKUVIKU 12. – 20. MARS

### 20% AFSLÁTTUR
af skóm og fylgihlutum.

### GLÆSILEG STÍLISTASÝNING – VORLÍNAN – MISMUNANDI TÝPUR OG VIÐEIGANDI FATASTÍLL

Fös. 18. mars kl. 17
Lau. 19. mars kl. 14 og 16
Sun. 20. mars kl. 15

### KYNNINGAR Á SÉRÞJÓNUSTU

- Snyrtivöru- og ilmvatnskynningar
- Förðunarsýning

PS
DEBENHAMS
Persónulegur stílisti

### UTANLANDSFERÐ MEÐ PLÚSFERÐUM
Allir sem bóka tíma hjá Persónulegum stílista út apríl eiga möguleika á að vinna ferð í sólina með Plúsferðum.

### VÖRUÚTEKT OG SNYRTIMEÐFEÐ
Aðrir vinningar eru vöruúttekt hjá Persónulegum stílista, naglaásetning hjá Professionails naglastúdíói og snyrtimeðferð á Snyrtistofu Jónu.
-Þrjú nöfn verða dregin úr pottinum 2. maí.

### GJÖF FRÁ LANCÔME OG 15% AFSLÁTTUR
50 fyrstu viðskiptavinir, sem bóka sig hjá Persónulegum stílista, fá flotta gjöf frá Lancôme þegar þeir koma í tímann og 15% afslátt í eitt skipti af fatnaði, fylgihlutum og skóm.

plús FERÐIR
LANCÔME
Jóna

# DEBENHAMS
SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 23950 03/2005



**SÖGUNNI EYTT**
Í gær var síðasta styttan af einræðisherranum Francisco Franco fjarlægð úr Madríd, höfuðborg Spánar.

Veitingamaður gagnrýnir Skattrannsóknarstjóra:

# Íþróttafélagið Gaukur á Stöng?

**SKATTRANNSÓKN** „Þeir mættu gera leit hjá íþróttafélögunum sem halda böll fyrir þrjú til fjögur þúsund manns og svo fer bókhaldið beint í skókassa,“ segir Sigurður Hólm Jóhannsson, eigandi veitingahússins Gauks á Stöng. Hann furðar sig á því að Skattrannsóknarstjóri hafi gert húsleit hjá veitingahúsum en geri minna til að athuga skemmtanahald íþróttafélaga.

Gaukur á Stöng var einn rúmlega tuttugu staða þar sem Skattrannsóknarstjóri gerði húsleit fyrir nokkru. Sigurður segist ekkert hafa út á það að setja.

Sigurður segir íþróttafélögin borga 5.000 krónur fyrir leyfi til að halda stóra dansleiki en þau greiði ekki virðisaukaskatt auk þess sem þau geri ekki grein fyrir því hver sjái um öryggisgæslu. Því geti íþróttafélögin greitt hljómsveitum himinháar upphæðir fyrir að spila. „Þetta er samkeppnin sem við þurfum að búa við og hún er styrkt af hinu opinbera. Maður ætti kannski að breyta Gauknum í íþróttafélag,“ segir Sigurður.

Skúli Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóri vísar gagnrýninni á burg og segir að ákaflega margir sem verði fyrir aðgerðum skattayfirvalda telji að aðgerðirnar ættu að beinast að öðrum en þeim sjálfum. **– jse**



**GAUKUR Á STÖNG**
Eigandi Gauks á Stöng segist ekkert hafa að fela fyrir skattayfirvöldum. Hann telur að skattayfirvöld ættu að athuga íþróttafélögin og þá sem halda dansleiki í nafni slíkra félaga.

# Mannréttindi á Íslandi gagnrýnd

**Mannréttindaskýrsla Íslands var lögð fyrir mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna. Breytingar á refsirétti og óljós skilgreining á hryðjuverkum er gagnrýnd. Lýst er yfir áhyggjum vegna þess hve fáar nauðgunarkærur leiða til dóma.**

**MANNRÉTTINDI** Á fundi mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna á miðvikudaginn var skýrsla Íslands rædd. Sérfræðingar nefndarinnar gagnrýndu breytingar á refsirétti sem beinast að hryðjuverkaógninni og sögðu að skilgreiningin á hryðjuverkum væri of óljós og gæti ógnað mannréttindum hér á landi. Hætta væri á að mótmæli, sem væru eðlileg í lýðræðislegu þjóðfélagi, væru skilgreind sem hryðjuverkaógn. Því er mælt með því að hryðjuverk verði frekar skilgreind í lögum.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir skilgreininguna vera álitamál sem rædd sé af löggjafarog framkvæmdarvaldi alls staðar í heiminum. Hann er nú staddur í Varsjá, þar sem hann situr fundi dóms- og innanríkisráðherra Evrópuráðsríkja, þar sem skilgreining á hryðjuverkum hefur meðal annars verið rædd.

„Á vegum Evrópuráðsins er nú verið að leggja lokahönd á nýjan samning um varnir gegn hryðjuverkum, þar sem kjarnaatriði er einmitt að skilgreina mörkin á milli málfrelsis, fundafrelsis og trúfrelsis annars vegar og ólögmætra athafna hins vegar. Ég er viss um að samþykkt þessa samnings mun hafa mótandi áhrif á íslenska löggjöf eins og löggjöf annarra ríkja og ég skil athugasemdir mannréttindanefndarinnar sem hvatningu til okkar til að taka mið af þessari þróun,“ sagði Björn í tölvupósti til blaðsins.



**DÓMSMÁLARÁÐHERRA ER Í VARSJÁ**
Björn Bjarnason dómsmálaráðherra er nú staddur á fundi í Varsjá þar sem skilgreining á hryðjuverkum var á dagskrá.

Eitt þeirra mála sem nefndin hafði sérstakar áhyggjur af var hversu fáir dómar falla vegna nauðgana með hliðsjón af fjölda kæra. Einn sérfræðinga nefndarinnar lagði það til að dómarar og lögreglumenn fái sérstaka þjálfun vegna nauðgunarmála, auk þess sem sálfræðingar verði betur nýttir til að komast að sannleikanum í nauðgunarkærum. Að sögn Björns er verið að endurskoða lög um meðferð opinberra mála, starfi sem á að vera lokið í haust, en þar er komið inn á endurskoðun réttarfarsreglna. Þær snúa meðal annars að nauðgunarmálum.

svanborg@frettabladid.is

Ráðning fréttastjóra:

## Trúverðugleiki er í hættu

**RÍKISÚTVARPIÐ** Miðstjórn Bandalags háskólamanna lýsir yfir áhyggjum af því að trúverðugleiki Útvarpsins bíði hnekki vegna ráðningar Auðuns Georgs Ólafssonar í starf fréttastjóra.

Miðstjórnin ræddi málið á fundi sínum í fyrrakvöld. Í ályktun hennar segir, að hún mótmæli harðlega að gengið hafi verið fram hjá faglegum kröfum við ráðninguna.

Ljóst er að misræmi er milli auglýsinga um starfið og þeirra þátta sem réðu niðurstöðu, segir í samþykktinni. „Miðstjórn BHM tekur undir áhyggjur af því að trúverðugleiki útvarpsins bíði hnekki vegna ráðningarinnar og meðferðar málsins.“ **- jss**

Raforkunotkun Íslendinga:

## Sú mesta í heiminum

**IÐNAÐUR** Raforkunotkun Íslendinga er sú mesta í heiminum og notaði hver íbúi að meðaltali 29.500 kílóvattstundir af raforku á síðasta ári, samkvæmt upplýsingum frá Orkuspánefnd. Þá var aukning á almennri forgangsnotkun sú mesta í 20 ár eða frá 1987.

Raforkunotkun hefur aukist mikið síðustu ár, aðallega vegna eflingar orkufreks iðnaðar. Raforkunotkun stóriðju stóð í stað á síðasta ári eftir mikla aukningu á árunum 1996-2003. **- sgi**

### BANDARÍKIN

**FEGURÐARDROTTNING SÝKNUÐ** Sharron Nicole Redmond, ungfrú Savannah í Georgíuríki, var í gær sýknuð af því að hafa skotið unnusta sinn árið 2003. Hjónaleysin höfðu deilt og hélt Redmond að unnustinn væri að teygja sig í byssu og því skaut hún hann. Kviðdómur taldi að um sjálfsvörn hefði verið að ræða.



**MIKILL LÉTTIR**
Leikaranum létti mikið eftir að dómur var kveðinn upp.

Robert Blake:

## Sýknaður af ákærum

**LOS ANGELES, AP** Bandaríski leikarinn Robert Blake var í fyrradag sýknaður af ákærum um að hafa myrt eiginkonu sína, Bonny Lee Bakley, árið 2001 og að hafa reynt að fá leigumorðingja til verksins.

Blake var mjög hrærður eftir að dómurinn var kveðinn upp og kjökraði hástöfum. Það fyrsta sem hann gerði þegar hann kom út úr dómssalnum var að kveikja sér í sígarettu og skera af sér staðsetningararmband sitt.

Frægðarsól Blakes reis hæst á áttunda áratugnum þegar hann lét í sjónvarpsþáttunum Baretta. ■




Félag íslenskra bifreiðaeigenda:

# Gagnrýnir auglýsingar Olís

**VERSLUN** „Mér þykja þetta heldur einkennileg vinnubrögð hjá Olís að básúna slíkt þegar um gamla könnun er að ræða,“ segir Runólfur Ólafsson, formaður Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Hann gagnrýnir auglýsingaherferð Olís þar sem fram kemur að mikil almenn ánægja sé hjá viðskiptavinum fyrirtækisins samkvæmt könnun Gallup.

Runólfur bendir á að könnun sú er Olís notast við í auglýsingum hafi verið tekin áður en fyrstu fregnir bárust af samráði olíufélaganna og segist ekki í vafa um að staðan sé allt önnur í dag. „Svona vinnubrögð eru vafasöm þar sem almenningur gerir sér ekki grein fyrir því að könnunin fór fram í júlí og október í fyrra og þess utan eru aðeins um 25 fyrirtæki sem taka þátt í henni. Að mínu viti er verið að slá ryki í augu neytenda enda staðan eflaust önnur í dag.“ **- aöe**



**VAFASAMUR HEIÐUR**
Könnun sú er sýnir mikla ánægju almennings með viðskipti sín hjá Olís er tekin áður en fregnir bárust af samráði olíufélaganna. Það kemur hvergi fram í auglýsingum olíufélagsins.



„Ég fylgdi bara tískunni og
var í vínrauðum jakkafötum“
Sveppi

ENNEMM / SÍA / NM15537



Góður myndasími með
miklum möguleikum

**Léttkaupsútborgun:**
**1.980kr.**
**og 1.250 kr. á mán.**
**í 12 mán.**

Sony Ericsson K500
**Verð aðeins:**
**16.980 kr.**

- Tri-Band 900/1800/1900 GSM
- Þyngd: 80 g
- Music Dj
- Íslensk valmynd
- Taltími: Allt að 7 klst.
- Litaskjár
- Myndavél
- Tekur upp hreyfimyndir
- 12 MB innbyggt minni
- MP3 spilari
- POP3 og IMAP tölvupóstur

*Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.



Glæsilegur sími
með myndavél

**Léttkaupsútborgun:**
**1.980kr.**
**og 1.750 kr. á mán.**
**í 12 mán.**

Sony Ericsson K700
**Verð aðeins:**
**22.980**

- VGA myndavél
- 41 MB innbyggt minni
- Tekur og spilar hreyfimyndir
- Ljós f. myndatöku
- Íslensk valmynd
- POP3 og IMAP tölvupóstforrit
- Pólýtónar og MP3 tónar
- MP3 spilari og útvarp
- Music DJ

*Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.

Með símunum*
fylgir 3.000 kr.
inneign hjá
retro

## ADSL tilboð



**Verð á búnaði:**
**2.490 kr.**
ÞRÁÐLAUST INTERNET**

Stofngjald m.v.
12 mánaða áskrift

## Kaupauki

- Þráðlaus USB tenging fyrir borðtölvu
- Spilun á Jewel Quest á netinu í einn mánuð án endurgjalds



**Innifalið í Internetáskrift hjá Símanum er m.a.:**

- 5 netföng - 50 MB
- 50 MB heimasíðupláss
- Öflugar vírus- og ruslpóstvarnir
- Tilboð á tölvuleikjum á siminn.is/leikir og hugi.is/leikir
- Verðþak

**Mánaðargjald frá 4.820 kr.

Flottur sími með
miklum möguleikum



**Léttkaupsútborgun:**
**2.980 kr.**
**og 1.000 kr. á mán.**
**í 12 mán.**

Motorola V300
**Verð aðeins:**
**14.980 kr.**

*Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.

- 5 MB innbyggt minni
- MP3 spilari
- Handfrjáls hátalari
- Pólýtónar og MP3 tónar
- Samkeyranlegur við Outlook

Nú getur síminn þinn
öskrað eins og ljón

Náðu þér í furðulega rauntóna á **siminn.is**

Síminn

800 7000 - **siminn.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Í LÓFA LAGIÐ**
Michael Jackson veifaði aðdáendum sínum fyrir utan dómsalinn í Santa Maria. Réttarhöldin eru í fullum gangi og hefur meint fórnarlamb popparans borið vitni í vikunni.

Borgarstjórnarflokkur F-lista:

# Kosningabaráttan hafin

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Margrét Sverrisdóttir lýsti því yfir í gær að hún sæktist eftir öðru sæti á lista Frjálslyndra fyrir næstu borgarstjórnarkosningar. Á sama tíma lýsti hún yfir stuðningi við Ólaf F. Magnússon í fyrsta sætið og sagði það fagnaðarefni að hafa jafn reyndan mann í fyrsta sæti. Þau skipa nú fyrsta og annað sæti F-listans.

Margrét sagðist vonast til að verða kjörin. Ef það gengi eftir yrði Frjálslyndi flokkurinn væntanlega í oddastöðu í borgarstjórn og hefði mikla burði til að sækja fram.

„Við erum ekki sjálfkjörin,“ sagði Ólafur en miðstjórn flokksins tekur ákvörðun um uppröðun á lista. Hvorugt þeirra á von á því að prófkjör verði haldið.

Borgarstjórnarflokkur Frjálslyndra hefur opnað nýja heimasíðu: www.f-listinn.is. Með því má segja að kosningabarátta flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar sem verða í maí á næsta ári sé hafin. Frjálslyndi flokkurinn hyggst á næstu dögum dreifa veggspjöldum sem gerð voru vegna baráttunnar fyrir varðveislu götumyndar og elstu byggðarinnar við Laugaveg.

- ss

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**HEIMASÍÐAN OPNUÐ**
Ólafur F. Magnússon og Margrét Sverrisdóttir hafa gefið kost á sér í fyrsta og annað sæti á lista Frjálslyndra í næstu borgarstjórnarkosningum.




# Auglýsingar ýta undir átraskanir

**Sterk ímynd auglýsingaiðnaðarins stuðlar að því skelfilega og vaxandi vandamáli sem átröskun er, að mati landlæknis. Hann leggur áherslu á að nýta beri það sóknarfæri sem opnun nýrrar göngudeildar á Landspítala býður upp á.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Auglýsingaiðnaðurinn ýtir undir átraskanir, að mati Sigurðar Guðmundssonar landlæknis. Embættið hefur starfað að úrlausnum þessa vaxandi vanda ásamt starfsfólki Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) og fleirum á heilbrigðissviði.

Fram hefur komið að um 60 nýjar beiðnir vegna átröskunar hafa borist til geðsviðs LSH á undanförnum árum. Á síðasta ári tvöfaldaðist tala þeirra barna sem greindust með þennan sjúkdóm á Barna- og unglingageðdeildinni á Dalbraut. Fjöldi þeirra fór þá úr tíu til fimmtán í 30. Þetta þýðir að á síðasta ári bættust að minnsta kosti 90 átröskunarsjúklingar í þann hóp sem fyrir var á geðdeildum LSH. Gera má ráð fyrir að hópur fólks hafi einnig leitað til heilsugæslustöðva, sálfræðinga og annarra fagaðila vegna átraskana.

Í vikunni var ný göngudeild fyrir þennan sjúklingahóp tekin í notkun á geðsviði LSH. Samkvæmt upplýsingum frá Eydísi Sveinbjarnardóttur vantar 16 til 18 milljónir króna til að hægt sé að keyra þjónustuna þar eins og hægt er með því sérmenntaða fagfólki sem er á spítalanum.

„Það er enginn vafi á því að það skelfilega og vaxandi vandamál sem átröskun er tengist samfélagsbreytingum nútímans,“ segir landlæknir. „Ég er sannfærður um að hluti af vandanum er þessi sterka ímynd auglýsingaiðnaðarins, snyrtivöruiðnaðarins og skemmtiiðnaðarins á ungar stúlkur sérstaklega, en einnig á einstaka drengi. Séu ákveðin geðlagseinkenni fyrir hendi er fólk móttækilegra fyrir sterkum áhrifum eins og eru látin dynja yfir okkur allan daginn. Sumir einstaklingar í samfélaginu hafa minni varnir en fjöldinn og fara yfir í átröskun. Þetta er ekki sjálfskaparvíti eins eða neins. Þetta er geðröskun.“



**EINKENNI ÁTRÖSKUNAR**
Eitt einkenna átröskunar er ef farið er fljótlega í sturtu eftir hverja máltíð. Það getur bent til þess að viðkomandi láti vatnið fossa á meðan hann losar sig við matinn í klósettið. Myndin er sviðsett.

Sigurður segir að byggja þurfi upp þverfaglega þjónustu. Hún þurfi að beinast fyrst og fremst að fræðslu til umhverfisins, aðstandenda, sjúklinga, meðferð á göngudeild og dagdeild. Jafnframt þurfi að vera fyrir hendi aðgangur að sjúkrahúslegu, annað hvort á geðdeild eða jafnvel lyfjadeild.

Þörf á því að leggja átröskunarsjúklinga inn á sjúkrahús sé yfirleitt lítil. Langflestum sé hægt að sinna á göngudeildum og dagdeildum. Efla þurfi þjónustuna við þá á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Nú sé sóknarfæri eftir opnun nýju göngudeildarinnar.

jss@frettabladid.is



M.Sc. - nám í viðskiptafræði
Kynningarfundur föstudaginn 18. mars kl. 15.00 í Háskólanum í Reykjavík, á fyrstu hæð, Ofanleiti 2

Framúrskarandi kennarar
– alþjóðleg þekking og reynsla

M.Sc. Endurskoðun og reikningshald (Accounting)
M.Sc. Fjármál fyrirtækja (Corporate Finance)
M.Sc. Investment Management (MSIM)

FABRIKAN



Stefán Svavarsson forstöðumaður meistaranámsins kynnir skipulag þess.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.ru.is

Slippstöðin á Akureyri:

# Vantaði ISO-vottun

**IÐNAÐUR** Tilboð Slippstöðvarinnar á Akureyri í endurbætur á varðskipunum Ægi og Tý var metið þriðja hæsta tilboðið. Slippstöðin var metin jöfn pólska fyrirtækinu Morska, sem var hlutskarpast í útboðinu, í reynslu. Þá var Slippstöðin metin tveimur stigum neðar en Morska í verði. Þar hlaut Slippstöðin 68 stig, en Morska 70 stig. Pólska skipasmíðastöðin Nauta var talin vera með annað besta tilboðið, fékk átta sigum minna en Slippstöðin fyrir verð og tveimur stigum minna fyrir reynslu. Það sem skipti mestu máli var að Slippstöðin hlaut ekkert stig fyrir ISO-vottun, en Morska hlaut 20 stig, sem og Nauta.

Í tilkynningu frá Landhelgisgæslunni segir að hlutur ISO-vottunar í stigagjöf hafi verið rækilega kynntur í útboðsgögnum og Gæslunni sé ekki kunnugt um að bjóðendur hafi gert athugasemdir við það.

Þá segir í tilkynningu að Landhelgisgæslan taki ekki sjálfstæðar ákvarðanir um við hvern sé rætt eða samið, hún sé skyldug að skipta við Ríkiskaup og bjóða út svo stór verkefni á Evrópska efnahagssvæðinu.

- ss

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN



**FRÁ SLIPPSTÖÐINNI Á AKUREYRI**
Fékk ekki endurbætur á varðskipum því að alþjóðlega staðalvottun vantaði.




## Veldu nýjan **Focus**

# Nýtt tákn um gæði

*Nýtt verð*

► Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en helstu keppinautarnir. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus. ESP stöðugleikastýrikerfi, TRACS spólvörn, loftkæling og öryggispúðagardínur eru þar á meðal. Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun!

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Ford Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílablöðum. Veldu nýjan Focus - nýtt tákn um gæði..!



*Ford Focus hefur hreppt 1. sæti á 65 alþjóðaverðlaunahátíðum. Veldu Ford.*

### Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.*

| Kaupverð | 5 gíra | Sjálfskiptur |
|---|---|---|
| Ford Focus 3 dyra Trend 1,6 | **1.801.200 kr.** | **1.890.500 kr.** |
| Ford Focus 5 dyra Trend 1,6 | **1.896.200 kr.** | **1.985.500 kr.** |
| Ford Focus Wagon Trend 1,6 | **1.991.200 kr.** | **2.080.500 kr.** |

✓ Ath. sjálfskiptingin er líka á lægra verði: 89.300 kr!

Ford Focus er heimsmethafi í vinsældum. Frá þeim tíma Ford Focus var fyrst kynntur, árið 1998, hefur Focus selst í yfir 4 milljónir eintaka. Heimsmetabók Guinness taldi sig þurfa staðfesta heimsmet Ford Focus í vinsældum árið 2000 og sem mest selda bíl í heimi, aðeins ári eftir að hann kom fyrst á markað. Samkvæmt afmælisútgáfu Heimsmetabókar Guinness fyrir árið 2005 stendur heimsmetið enn. Focus er einnig vinsæll meðal bílagagnrýnenda en þeir hafa í 65 skipti kosið Focus í 1. sætið á aðeins 6 árum. Focus hefur verið kosinn bíll ársins í 13 skipti í Evrópu og Norður-Ameríku.



**Páskatilboð gildir til 23. mars**

**Vetrardekk fyrir næsta vetur fylgja með veljir þú Ford fyrir páska**

### Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

ESP stöðugleikastýrikerfi
TRACS spólvörn
Loftkæling
Stillanlegur hiti í framsætum
Öryggispúðar að framan
Öryggispúðar í hliðum
Öryggispúðagardínur
ABS hemlakerfi
EBD hemlajöfnun
EBA hjálparhemlun
Frjókornasía
Upphitanlegir hliðarspeglar
Rafstilltir hliðarspeglar
Vindskeið að aftan (3d og 5d)
Fjarstýrð samlæsing
Fjölstillanlegt stýri
Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
Fjarstýring fyrir hljómtæki
Aksturstölva og útihitamælir

### Hægt að fá aukalega:

Bluetooth® fyrir síma
AFS Halogen beygjuljós
DVD spilari í lofti og skjár
Fjöltengi fyrir heyrnartól
Kæling í hanskahólfi
Leiðsögukerfi með litaskjá
6 diska Sony hljómtæki
Bakkskynjari
Regnskynjari
Leður- eða sportsæti
Rafdrifið ökumannssæti
Raddstýring fyrir:
- hljómtæki
- síma
- leiðsögukerfi
Aðfellanlegir speglar
Hiti fyrir alla framrúðuna
Sólarvörn í framrúðu
Sportfjöðrun
Sjálfvirkur „dimmer" á baksýnisspegli
Hraðastillir
Rafdrifin sóllúga




*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford nú annað vinsælasta bílamerkið á Íslandi...og sækir stöðugt á! Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Brimborgar. 5% Gengislækkun.

**Ford Fiesta**



**Fiesta Trend 5 dyra 1,4i 5 gíra.**
Kaupverð...........1.505.000 kr.
Gengislækkun.......-72.250 kr.
Nýtt verð............1.429.750 kr.

**Ford Fusion**



**Fusion Trend 5 dyra 1,4i 5 gíra**
Kaupverð...........1.655.000 kr.
Gengislækkun.......-82.750 kr.
Nýtt verð...........1.572.250 kr.

**Ford Focus**



**Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra.**
Kaupverð...........1.996.000 kr.
Gengislækkun.......-99.800 kr.
Nýtt verð...........1.896.200 kr.

**Ford Focus C-Max**



**Focus C-Max Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra.**
Kaupverð ...........1.995.000 kr.
Gengislækkun .......-99.750 kr.
Nýtt verð ...........1.895.250 kr.

**Ford Mondeo**



**Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i 5 gíra:**
Kaupverð............2.440.000 kr.
Gengislækkun......-122.000 kr.
Nýtt verð............2.318.000 kr.

**Ford Galaxy 7 manna**



**Galaxy Trend 7 manna 2,0i 5 gíra.**
Kaupverð...........2.745.000 kr.
Gengislækkun......-137.250 kr.
Nýtt verð ...........2.607.750 kr.



*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: álfelgur.

BRIMBORG / GCI ALMANNATENGSL · GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Tékk Kristall



Skartgripaskrín

**3.600 kr.**



Jens

Krossar

**2.900-7.600 kr.**

byggtogbúið



Baybliss gler sléttujárn – nýjung

**6.490 kr.**

THE BODY SHOP



Vanilluilmandi gjafaaskja

**4.310 kr.**

betra líf



Pendúlar

**1.890 kr.**

ÚTILÍF



High Peak Sherpa 55+10, frábær göngupoki

**8.990 kr.**

skór.is



Vagabond, ýmsir litir

**4.995 kr.**

Jens



Bindisnæla/ermahnappar

**7.800/8.600 kr.**

Jens



Hálsmen/hringur með zirkon

**4.900/5.300 kr.**

THE BODY SHOP



Herrasnyrtitaska fyrir fermingardrenginn

**3.285 kr.**

Tékk Kristall



Rúmföt

**1.490 kr.**

THE BODY SHOP



Moonflower gjafaaskja

**3.840 kr.**

# ...með allt fyrir

Tékk Kristall



Sparibaukur

**1.850 kr.**

byggtogbúið



PT hjartarlampi

**1.999 kr.**

Jens



Herrahringir með steini/steinlausir

**11.900/5.900 kr.**

ÚTILÍF



Kira 3 kúlutjald með stóru fortjaldi

**8.990 kr.**



# Páskaleikur

# ferminguna

Þú gætir unnið ársafnot af Opel Astra eða páskaegg frá Nóa-Siríusi!

## Nýtt kortatímabil

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

**Páskalitasamkeppni fyrir 3ja–9 ára**
Teikniaðstaðan er á 1. hæð. Opið 14–18 í dag. Fyrstu 250 börnin fá nammi og allir sem lita gætu unnið stór Púka-páskaegg.

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | **Mán.** til **mið.** | **Fimmtudagur** | **Föstudagur** | **Laugardagur** | **Sunnudagur** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Verslanir** | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| **Ævintýraland** | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐMUNDUR GUÐLAUGSSON

# Patreksdeginum fagnað með pomp og prakt



„Það er allt gott að frétta, það voru hátíðarhöld hjá okkur í gær í tilefni Patreksdagsins í gær," segir Guðmundur Guðlaugsson, bæjarstjóri í Vesturbyggð. „Við vorum með skemmtun fyrir börnin í gærdag en um kvöldið var boðið upp á dagskrá fyrir fullorðna í félagsheimilinu. Þar komu bæði heimamenn fram sem og aðkomnir listamenn, til dæmis Guðrún Gunnarsdóttir," segir Guðmundur. Hann segir að hátíðarhöldin hafi átt sér aðdraganda og í vikunni buðu kaupmenn á Patreksfirði afslátt á vörum. „Það er alltaf haldið vel upp á þennan dag hér."

Hann segir að margt sé í pípunum í Vesturbyggð. Nýverið var reist íþróttahús á Bíldudal og verið sé að reisa veglega íþróttamiðstöð á Patreksfirði sem stefnt er að taka í notkun í júní. „Það er því gott í okkur hljóðið hér í Vesturbyggð."

Af sjálfum sér segir Guðmundur líka allt gott. Hann er búinn að ráðstafa sumarfríinu að einhverju leyti og gerir ráð fyrir að skreppa til Danmerkur í júlí og ágúst. „Þetta er sannkölluð fjölskylduferð; ég fer með fjölskyldunni að hitta systkini mín og fjölskyldur þeirra í sumarhúsi í eina viku. Ég á von á því að það verði hin skemmtilegasta dvöl og hlakka mikið til," segir Guðmundur sem hefur nokkrum sinnum áður komið til Danmerkur.

## SVONA ERUM VIÐ



**SPÁÐ ER AÐ 5.600 TONN AF SVÍNAKJÖTI VERÐI FRAMLEIDD 2005**
Það er svipað magn og í fyrra.

*Heimild: bondi.is*

## SJÓNARHÓLL

**NÝTT HÚSNÆÐI HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK**



GUÐRÚN PÉTURSDÓTTIR

### *Þarfir skólans verði látnar ráða*

„Það er svo margt sem þarf að athuga og huga að mörgum forsendum áður en maður tekur afstöðu í svona máli," segir Guðrún Pétursdóttir líffræðisfræðingur um hvort hún telji að nýtt húsnæði Háskólans í Reykjavík eigi að rísa í Vatnsmýrinni eða Garðabæ eins og rætt er um.

„Bæði þessi sveitarfélög hafa margt til síns ágætis, en maður þarf líka að velta fyrir sér framtíðarmöguleikum eins og hvort þau muni verða eitt og sama sveitarfélagið áður en langt um líður." Guðrún segir að endanleg niðurstaða eigi auðvitað að miðast við hvað standi skólanum til boða.

„Hvernig lóðirnar verða, aðkoman að skólanum og svo framvegis. Þetta er auðvitað það sem á eftir að skipta starfsemi hans mestu." Guðrún hefur ekki áhyggjur af umferðarvanda sem kynni að skapast með mannmörgum skóla. „Borgaryfirvöld hafa sagst geta leyst það og væru varla að bjóða þetta ef þau teldu sig ekki geta það." Guðrún vonar hins begar að framkvæmdir í Vatnsmýrinni raski ekki útivistarsvæðinu í Öskjuhlíð og við Nauthólsvík. „Þetta er fallegt svæði og það væri mikil eftirsjá af því."

# Átta Íslendingar í lúxussiglingu með Herbalife

**Að lokinni alheimsráðstefnu Herbalife í Atlanta í næsta mánuði halda átta Íslendingar í siglingu um Karíbahafið í boði fyrirtækisins. Þannig er þeim launað fyrir frábæran árangur í starfi.**



**MARGRÉT HERDÍS HALLDÓRSDÓTTIR OG SVERRIR EINAR EIRÍKSSON** Á leið í átta daga lúxussiglingu um Karíbahafið í boði Herbalife.

Fjórum íslenskum dreifingaraðilum Herbalife og mökum þeirra er boðið í átta daga siglingu um Karíba hafið að lokinni alheimsráðstefnu og 25 ára afmælishátíð Herbalife í Bandaríkjunum í næsta mánuði. Þetta eru Erla Bjartmarz og Þórir Kr. Þórisson, Birgir Jósafatsson og Jóhanna Harðardóttir, Jón Óttar Ragnarsson og Margrét Hrafnsdóttir og Sverrir Einar Eiríksson og Margrét Herdís Halldórsdóttir.

Fólkið tilheyrir afburðahópi Herbalife, það hefur náð meiri og betri árangri en aðrir í dreifingu á Herbalife-vörum og tekist að byggja upp öflugt net dreifingaraðila. Herbalife launar góðan árangur með lúxus.

„Það sem er svo spennandi við þetta er að allir geta gert þetta, allir geta komist í svona siglingu og það þarf ekki að taka mjög langan tíma," segir Sverrir Einar Eiríksson.

Hann hlakkar vitaskuld til ævintýrisins og veit að vel verður gert við hópinn. Þau hjónin fóru nefnilega í ámóta siglingu fyrir þremur árum, þá um grísku eyjarnar.

„Ef fólki gengur vel er það verðlaunað með einhverju svona löguðu," segir Sverrir en bætir við að árangur náist ekki með annarri hendi. Þó séu hvorki galdrar né ævintýri að baki. „Við hjálpum fólki að léttast og ná betri heilsu. Lykillinn er að hugsa vel um viðskiptavinina og hjálpa þeim að ná árangri svo þeir haldi áfram að panta og vera glaðir."

Þau hjónin hafa sjálf notað Herbalife í sex ár og sjá ekki eftir að hafa byrjað. „Konan mín fékk allt í einu áhuga á þessu og vildi léttast. Við fórum því á kynningarfund og í kjölfarið byrjuðum við að nota vöruna. Konan mín léttist um tvö kíló fyrstu dagana, átta kíló fyrsta mánuðinn, fjórtán kíló á þremur mánuðum og 25 kíló á níu mánuðum."

Og Sverrir byrjaði sjálfur á sama tíma, þrátt fyrir að finnast hann ágætlega hraustur. „Áður byrjaði ég daginn á að fá mér kaffi og sígarettu og borðaði yfirleitt hádegismat um tvöþrjúleytið. Ég svaf illa og var grár og gugginn en byrjaði á Herbalife fyrst og fremst til að styðja konuna. En eftir svolítinn tíma svaf ég betur og fékk miklu meiri orku og eftir tvo til þrjá mánuði fékk ég lit á húðina og hárið og neglurnar urðu betri," segir Sverrir sæll og glaður og vitaskuld spenntur fyrir að sigla um Karíbahafið.

**bjorn@frettabladid.is**

Betur fór en á horfðist:

# Með lúðubein í kokinu

Patreksfirðingur lenti í þeirri óskemmtilegu reynslu á dögunum að lúðubein festist í koki hans. Sat hann að snæðingi með konu sinni og var langt kominn með máltíðina þegar hann fann, sér til skelfingar, að bein sat fast í kokinu. Ræskingar og aðrar tilraunir til að ná beininu lausu báru ekki árangur og leitaði hann því hjálpar á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar. Þar var sama uppi á teningnum og beinið sat sem fastast.

Brá hann því á það ráð að aka til Ísafjarðar en þangað er tveggja og hálfrar stundar akstur. Læknum við sjúkrahúsið tókst að ná beininu lausu og beittu til þess slöngu sem þeir þræddu ofan í kok hans.

Særindi í hálsi hrjáðu manninn í nokkra daga á eftir en honum varð ekki meint af að öðru leyti.

Atvikið hafði ekki alvarleg áhrif á manninn, hann ætlar áfram að borða lúðu hér eftir sem hingað til.

**- bþs**



MYND AP

**TORONTO-TÍSKAN** Tískuvikan í Toronto í Kanada stendur nú sem hæst. Þar kennir ýmissa grasa – og fjaðra.


Express þýskunámskeið **Æfing #3**

**»Das ist ja cool!«**

Þetta þykir mér ansi svalt.



Búðu þig undir brottför til Frankfurt Hahn á **www.icelandexpress.is**

Verð frá: **7.995 kr.*** Barnaverð: **5.995 kr.***

*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express

Fíton/SÍA




GRILLPRO
ADVANCING THE ART OF GRILLING

# Mikið úrval af aukahlutum







Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
LAMBA
VILLIKRYDDAÐUR
hryggur
Villikryddaður lambahryggur
1098 kg KR.
VILLIKRYDDAÐAR
GRILLSNEIÐAR
KF VILLI GRILLSNEIÐAR
599 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 998kr.
Á PÖNNUNA - Á GRILLIÐ
40% afsláttur við kassann
Bajonskinka
779 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1298kr.
GÆÐAGRÍS
Bajon
SKINKA
BAJON
SKINKA
GÆÐA
GRÍS
Vanillu Ís
Súkkulaði Ís
2 lítrar
179 KR.
2 LÍTRAR
40% afsláttur við kassann
VILLIKRYDDAÐ
Lamba
LÆRI
Ódýrastir í 16 ár
Bónus býður betur!
EKKERT BRUÐL
KF HROSSABJÚGU
287 kg KR.
Merkt verð 479kr.
HROSSA
bjúgu
40% afsláttur við kassann
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
299 kg KR.
SVEITA
KOFAREYKT
bjúgu
Kartöflu salat
Hrá salat
KARTÖFLUSALAT/HRÁSALAT
99 KR.
350g
Villikryddað lambalæri
998 kg KR.
KJARNAFÆÐI
Villijurtakryddað
LÚXUS
LAMBALÆRI
FROSINN
Grillsagaður
FRAMPARTUR
EKKERT BRUÐL
399 kg KR.
KJARNAFÆÐI
NORÐLENSKT
KOFAREYKT
HANGIKJÖT
BÓNUS
30% afsláttur við kassann
KOFAREYKTA hangilærið
1399 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1999kr.
Reyktur lax og grafinn
959 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1599kr.
Norðanfiskur
GRAFINN LAX
Norðanfiskur
REYKTUR LAX
UNG
naut
TILBOÐ
UNGNAUTAHAKK
769 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1099kr.
30% afsláttur við kassann
HANGI
ÚRBEINAÐ
læri
grafinn
LAX
&
reyktur
40% afsláttur við kassann



BÓNUS Kjúklingabitar FERSKIR
BLANDAÐIR BITAR
259 kg KR.
2 MYLLU hamborgara BRAUÐ
2 brauð
15 KR.
UNGNAUTA HAMBORGARAR
115g stykkið
10 x 115g hamborgarar
999 KR.
10 x 115g UNG naut
10 FROSNIR BÓNUS HAMBORGARAR 115g stykkið
Nýtt kortatímabil!
2 tegundir
5999 KR.
SEVERIN sýður vatnið Á BÓNUSVERÐI!
JDV fjölkerfa DVD spilari með upptöku
• Spilar DVD/DVD+RW/DVD-RW/DVD+R/DVD-R/SVCD/VCD/CD/CD-R/CD-RW/ MP3/Kodak Picture CD/JPEG play back. DVD+RW/DVD+R Recording
19900 KR.
• JPG format playback
• Inngangar: DV (tengi fyrir myndbandsupptökuvélar), Scart, SVHS, AV og RF
• Útgangar: Scart, SVHS, AV, RF, VGA
• Coaxal og optical tengi
• Fullkomin fjarstýring
• Allt að 8 tíma upptaka (DVD+R/RW)
• HQ/SP/LP/EP upptökumöguleikar
• Progressive Scan
• Tekur upp í Dolby Digital
Loksins stafræn upptaka!
DVD spilari fyrir öll kerfin
• 2 Channel • DVD/CD CDR/CDRW/ VCD/SVCD/JPEG/MP3 spilari
3999 KR.
• Dolby Digital AC3 • Digital Theatre Sound (DTS) • Valmyndakerfi • NTSC afspilun yfir í Pal • RCA, Scart, Coax og Optical tengi • Fjarstýring
FÆST Í ÖLLUM BÓNUSBÚÐUM
FRÁBÆRAR FERSKAR ALI VÖRUR
ALI SVÍNAKÓTELETTUR
909 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1298kr.
ALI SVÍNAHAKK
391 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 559kr.
EKKERT BRUÐL
ALI SVÍNASNITSEL
979 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1398kr.
30% afsláttur við kassann
ALI SVÍNAGÚLLAS
979 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1398kr.
Ferskt frá ALI -alltaf gott!
FROSIÐ Lamba LÆRI
Frosið KS lambalæri
719 kg KR.
MEST SELDI HAMBORGARHRYGGUR LANDSINS!
30% afsláttur við kassann
ALI HAMBORGARHRYGGUR
979 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1398kr.
...fyrir góðan dag!
FROSIÐ OG SNYRT SKAGFIRSKT LAMBALÆRI
Skynsemin velur Bónus
ERAN/Landlist
Tilboðin gilda til sunnudags 20. mars eða meðan birgðir endast
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Endurbætt stjórnarskrá taki gildi 2007

**Í byrjun þessa árs skipaði forsætisráðherra níu manna stjórnarskrárnefnd, auk fjögurra manna sérfræðinganefndar, til að vinna tillögur að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Stefnt er að því að hin endurbætta stjórnarskrá taki gildi eftir næstu alþingiskosningar.**



**FRÉTTASKÝRING**
ENDURSKOÐUN STJÓRNARSKRÁRINNAR

**AUÐUNN ARNÓRSSON**
BLAÐAMAÐUR

**STJÓRNSKIPUNARMÁL** Er forsætisráðherra skipaði í ársbyrjun nefnd þá sem hefur verið falið það hlutverk að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins var áhersla lögð á að leitast yrði við að hafa íslenskan almenning eins mikið með í ráðum og kostur væri. „Það er keppikefli að tillögur nefndarinnar endurspegli þjóðarvilja,“ segir í vinnuáætlun nefndarinnar.

Í stjórnarskrárnefndinni sitja níu manns, tilnefndir af stjórnmálaflokkunum, en formaður hennar er Jón Kristjánsson, þingmaður Framsóknarflokks og ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála. Á þriðja fundi nefndarinnar síðastliðinn mánudag var vinnuáætlunin samþykkt og línur lagðar um kynningarstarfið, í því skyni að stuðla að „upplýstri umræðu meðal almennings um stjórnarskrárumbætur.“ Nefndin ákvað að gera upplýsingastarfið virkara með því að setja á stofn upplýsingamiðstöð, sem samið hefur verið um að hýst verði í Þjóðarbókhlöðunni. Þar mun almenningur geta nálgast allt það efni sem viðkemur stjórnarskránni og endurskoðunarferlinu og ekki er birt á rafrænu formi á heimasíðu nefndarinnar, http://stjornarskra.is.

Samkvæmt vinnuáætlun nefndarinnar verða næstu mánuðir notaðir til að afla gagna og vinna ýmsa rannsóknarvinnu með hjálp sérfræðinganefndarinnar. Unnið verður sögulegt yfirlit yfir stjórnarskrárþróun á Íslandi frá 1874 til nútímans, skýringar samdar við núgildandi stjórnarskrá og yfirlit sett saman um stjórnskipunarþróun í nágrannalöndum frá stríðslokum.

Nefndin áformar að halda opna málfundi, þar sem almenningi gefst kostur á að ræða hvað standa beri í stjórnarskránni. Þessi málfundaröð á að hefjast snemmsumars með ráðstefnu þar sem ofangreindar greinargerðir verða ræddar.

### Leikreglurnar séu skýrar

Reyndar hefur nú þegar ein ráðstefna verið haldin um málið, en fyrir henni stóð Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri. Hún fór fram þann 10. mars. Þar hélt Eiríkur Tómasson, lagaprófessor og formaður sérfræðinganefndarinnar sem er stjórnarskrárnefndinni til ráðgjafar, framsöguerindi þar sem hann rakti hugmyndir manna fyrr og nú um endurskoðun stjórnarskrárinnar.


JÓN KRISTJÁNSSON


EIRÍKUR TÓMASSON

360 gráður

Í erindi sínu, sem hann flutti í eigin nafni en ekki nefndarinnar, hnykkti Eiríkur á því að meginhlutverk stjórnarskrár væri að mæla fyrir um samskipti æðstu handhafa ríkisvaldsins og hvernig staðið skuli að mikilvægum ákvörðunum af þeirra hálfu. Stjórnarskráin kvæði á um leikreglur þessara samskipta; þannig mætti bera hlutverk stjórnarskrárinnar saman við leikreglur á borð við mannganginn í skák. Þessar leikreglur yrðu að vera skýrar. Risi ágreiningur meðal handhafa ríkisvaldsins um leikreglurnar stefndi í óefni; svokölluð stjórnskipunarkreppa gæti komið upp. Slíkt ástand væri sambærilegt við að skákmenn greindi á um mannganginn.

Eiríkur sagði að jaðrað hefði við slíka kreppu er ágreiningurinn um fjölmiðlafrumvarpið stóð sem hæst síðasta sumar og forsetinn ákvað að beita synjunarvaldi sínu samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar. Kreppuástandið skapaðist við það að handhafar framkvæmdarvaldsins túlkuðu þetta ákvæði stjórnarskrárinnar á ólíka vegu.

### Sjö sinnum breytt síðan 1944

Í skipunarbréfi stjórnarskrárnefndarinnar kemur fram að endurskoðunin verði einkum bundin við I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar. Þetta eru þeir hlutar skrárinnar sem lítið sem ekkert hefur verið hróflað við frá upphafi. I. kaflinn er stuttur og laggóður, en í honum segir að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn og tilgreint hverjir fari með löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvaldið. Annar kaflinn er hins vegar efnismikill, alls 28 greinar, en hann fjallar um hlutverk forseta og ráðherra. Fimmti kaflinn fjallar um dómstóla.

Stjórnarskránni hefur alls sjö sinnum verið breytt frá því lýðveldisstjórnarskráin tók gildi árið 1944. Flestar voru þessar breytingar minni háttar. Kjördæmaskipan og kosningakerfi hefur verið breytt þrisvar (III. kafli) og kosningaaldur lækkaður tvisvar. Þar fyrir utan eru einu efnislegu breytingarnar þær sem gerðar voru 1991, er deildaskipting Alþingis var afnumin og fleiru varðandi starfsemi þingsins breytt (III. og IV. kafli), og 1995, er mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar voru endursamin (VII. kafli og VI. kafli að hluta).

Kaflinn um dómstóla, V. kafli, er svo til óbreyttur frá því í fyrstu stjórnarskránni, sem Kristján konungur IX færði Íslendingum árið 1874. Reyndar er það einn helsti hvatinn að endurskoðun stjórnarskrárinnar nú að mörg ákvæði hennar eiga rætur að rekja til þess tíma er konungur ríkti yfir landinu. Efni þeirra og orðaval er því að mörgu leyti ekki lengur í takt við tímann. Nema þá að Íslendingar ákveði að gera landið aftur að konungsríki?


**STJÓRNARSKRÁIN AFHENT** Kristján konungur IX færði Íslendingum stjórnarskrá árið 1874. Síðan lýðveldisstjórnarskráin tók gildi árið 1944 hefur henni sjö sinnum verið breytt.

### Fimm þættir helst til skoðunar

Víst má telja að tillaga um að skipta forseta Íslands út fyrir konung hlyti ekki mikinn hljómgrunn. En hvaða mál eru það þá sem helst koma til álita við endurskoðun stjórnarskrárinnar nú?

Meðal annars á grundvelli þess sem fram kom í framsöguerindi Eiríks Tómassonar á fyrrgreindu málþingi við Háskólann á Akureyri er hægt að halda því fram að skipta megi þessum atriðum í höfuðdráttum upp í fimm þætti:

Í fyrsta lagi að bæta inn í stjórnarskrána stefnumarkandi ákvæðum um grundvallaratriði þeirra þing- og lýðræðisstjórnarhátta, sem einkenna (eiga) íslenska stjórnskipun en er lítið eða ekkert getið um í skránni eins og hún er.

Í öðru lagi að bæta inn í hana „opnunarákvæði“, nánar tiltekið heimild til framsals á fullveldi til fjöl- og alþjóðlegra stofnana. Í slíku ákvæði yrði jafnframt tíundað hvaða skilyrði uppfylla þurfi til að beita megi þessari heimild. Stjórnskipunarréttarlega væri nauðsynlegt að innleiða slíkt ákvæði í stjórnarskrána ef Ísland semdi til dæmis um aðild að Evrópusambandinu. Það er þó ekki einvörðungu hugsanleg ESB-aðild sem kallar á slíka breytingu, heldur svo að segja öll þátttaka Íslands í nútíma alþjóðasamstarfi.

Í þriðja lagi hvort innleiða beri ákvæði um beina aðkomu kjósenda að pólitískum ákvörðunum. Að minnsta kosti þarf að skýra þau ákvæði þar sem gert er ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í fjórða lagi er talið koma til greina að skýra ákvæði stjórnarskrárinnar um stöðu og hlutverk forseta Íslands, svo og um stöðu ráðherra og annarra handhafa framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafanum.

Í fimmta lagi er talin þörf á að skýra stöðu og hlutverk dómstólanna í stjórnskipuninni. Spurning er hvort lögbinda eigi með ótvíræðum hætti aðhaldshlutverk dómstólanna með öðrum handhöfum ríkisvalds. Ber að fela Hæstarétti (sem reyndar er ekki nefndur í stjórnarskránni eins og hún er) formlega stjórnskipulegt úrskurðarvald um ný lagafrumvörp? Eða á jafnvel að stofna sérstakan stjórnlagadómstól til að sinna þessu hlutverki?

Fleiri þættir en þessir fimm koma einnig til álita, svo sem að ákvæði um umhverfisvernd verði tekið upp í stjórnarskrána.

### Kallað eftir tillögum

Í skipunarbréfi stjórnarskrárnefndarinnar segir að stefnt skuli að því að frumvarp til breytinga á stjórnarskránni liggi fyrir svo tímanlega að unnt verði að samþykkja það á Alþingi fyrir næstu reglulegu alþingiskosningar vorið 2007.

Í vinnuáætlun nefndarinnar er gert ráð fyrir að vinnuskjal með yfirliti yfir þau atriði í núverandi stjórnarskrá sem þarfnast endurskoðunar verði birt á heimasíðunni í sumar og kallað eftir viðbrögðum almennings við því. Á grundvelli þess sem út úr þeirri umræðu kemur verður síðan frumvarp samið að breytingum á stjórnarskránni. Það á að vera tilbúið ásamt greinargerð fyrir 1. september 2006, eða í síðasta lagi fyrir lok þess árs.

Spennandi verður að sjá hvort Íslendingar grípi þetta tækifæri til að hafa áhrif á mótun stjórnskipunar landsins, nú þegar sex áratugir eru liðnir frá lýðveldisstofnun og 131 ár frá því fyrsta íslenska stjórnarskráin tók gildi.




**UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ UM STJÓRNARSKRÁRUMBÆTUR** Í Þjóðarbókhlöðunni getur almenningur nálgast öll gögn sem viðkoma stjórnarskránni og endurskoðunarferlinu.





AFGREIÐSLUTÍMI:
föstudag.... 9 - 19:30
laugardag.... 10 - 16
tilboðin gilda til laugardagsins 19.mars
eða á meðan birgðir endast
HELGAR TILBOÐ
398kg-
MÓA KJÚKLINGA-LÆRI m/LEGG
4998
MYLLU KRANSAKAKA
879kg-
FYLLT SVÍNASÍÐA
verð áður: 1098kg-
1398kg-
SVÍNALUNDIR ÚR KJÖTBORÐI
verð áður: 1778kg-
1198kg-
PESTÓ LAMBASTEIK
979kg-
LONDON LAMB FRÁ KJARNAFÆÐI
verð áður: 1399kg-
899kg-
JURTAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
verð áður 1499kg-
398kg-
FERSKUR KJÚKLINGUR
779kg-
FK BAYONNESKINKA
698kg-
SVÍNAKÓTELETTUR ÚR KJÖTBORÐI
858kg-
SVÍNAHNAKKI ÚRBEINAÐUR OG SNEIDDUR
878kg-
FJALLALAMBS HELGARSTEIK
verð áður: 1098kg-
99-
JARÐABER Í BOXI
250gr.-
1898kg-
HÓTELRÆKJA
798kg-
HAMBORGARA-HRYGGUR ÚR KJÖTBORÐI
verð áður: 1098kg-
699-
OERLEMANS EURO-MIX
2,5kg.-
699-
BROCCOLI FROSIÐ
2,5kg.-
FK
FJARÐARKAUP
ekki bara verð!

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Alvarlegir gallar eru á útvarpslagafrumvarpinu.

## Marka þarf RÚV skýran bás

Megingallinn við frumvarp Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið er að stofnuninni er ætlað of víðtækt og of almennt hlutverk. Margir höfðu vænst þess að ráðherrann myndi kynna frumvarp þar sem starfsemi og rekstri Ríkisútvarpsins yrðu sett hófleg mörk þannig að víðtæk samstaða gæti orðið um framtíðarhlutverk stofnunarinnar. Þess í stað virðist opnað á stórfellda útþenslu Ríkisútvarpsins á fjölmiðlamarkaði. Jafnframt eru tekjurnar auknar með upptöku nefskatts í stað afnotagjalda án þess að nokkrar hömlur séu settar á samkeppnina við einkastöðvar um auglýsingar.

Ólíklegt er að víðtækur áhugi væri á því að efna til ríkisreksturs á útvarpi ef tæknin væri fyrst nú að koma til sögunnar. Útvarpsrekstur á vegum ríkisins á sér hins vegar sögulegar forsendur og án efa er meirihluti manna þeirrar skoðunar að rétt sé að halda úti ríkisútvarpi. Í því sambandi staldra menn einkum við öryggishlutverk slíkrar stofnunar, fréttaþjónustu og menningarmiðlun. Ríkisútvarpið nýtur enn fremur velvilja landsmanna enda hefur allur þorri þjóðarinnar alist upp við starfrækslu þess og þjónustu sem oft hefur verið til mikillar fyrirmyndar.

Frumvarpið um Ríkisútvarpið telur verkefni þess upp í heilum átján greinum. Gallinn er sá að verkefnin eru svo almenn og víðtæk að nánast má segja að hvert og eitt þeirra sé ærið fyrir heila stofnun. Frekar hefði átt að fara þá leið að marka Ríkisútvarpinu einfaldari bás og skapa stofnuninni um leið rausnarleg skilyrði til að uppfylla takmarkaðra hlutverk. Í því sambandi hefði mátt horfa til svonefndra „almenningsútvarpsstöðva“ í nágrannalöndunum og vestanhafs. Í útvarpslagafrumvarpinu skortir Ríkisútvarpið skýr sérkenni sem réttlæta stöðu þess og samkeppni við einkarekna miðla.

Nú á dögum er það viðurkennd meginregla að ríkið eigi ekki að hafa með höndum rekstur í samkeppni við einstaka menn og félög. Öll undantekning frá því þarf að vera studd skýrum rökum og réttlátum. Ef friður og samstaða á að takast um framtíð Ríkisútvarpsins, eins og æskilegt er, verður að endurskoða ákvæði útvarpslagafrumvarpsins um hlutverk stofnunarinnar. Það þarf að þrengja það og skerpa til muna.

Sjötta grein útvarpslagafrumvarpsins hefur vakið upp spurningar um hver sé raunveruleg framtíðarsýn menntamálaráðherra og ríkisstjórnarinnar um hlutverk Ríkisútvarpsins. Þar er stofnuninni veitt víðtæk heimild til að standa að annarri starfsemi „á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti“. Hætt er við að lítill friður verði um Ríkisútvarpið fái það svo opna lagaheimild til viðbótar við þau forréttindi sem felast í nefskattinum sem færir stofnuninni tvöþúsund og fimmhundruð milljónir á silfurfati.

Hugmyndin um að Ríkisútvarpið verði framvegis svokallað „sameignarfélag“ er ankannaleg í ljósi þess að eigandinn er einn og engin áform eru uppi um að breyting verði á því. Þetta er þó léttvægt miðað við þau atriði er snúa að hlutverki stofnunarinnar og samkeppni við aðra ljósvakamiðla. Alþingi þarf að gefa sér góðan tíma til að fara yfir frumvarpið og gera á því þær breytingar sem skapað geta frið og samstöðu um Ríkisútvarpið til lengri tíma. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Útgefandi verður ritstjóri

Anna Kristine Magnúsdóttir staldraði stutt við sem ritstjóri Skýja, tímaritsins sem farþegar Flugfélags Íslands fá í hendurnar þegar þeir eru komnir í loftið. Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri og aðaleigandi útgáfufélagsins Heims, sem heldur Skýjum úti, er sjálfur sestur í ritstjórastólinn og hefur Jón G. Hauksson, ritstjóra Frjálsrar verslunar, sér til halds og trausts. Ský hefur fengið svolitla andlitslyftingu og er ætlunin að auka upplagið með því að dreifa tímaritinu framvegis ókeypis með Frjálsri verslun. Starfsmannavelta hefur verið allnokkur hjá útgáfufélaginu Heimi á undanförnum mánuðum og er það líklega öðrum þræði í sparnaðar- og hagræðingarskyni sem útgefandinn sest sjálfur í ritstjórastól.



### Vond hugmynd

María Sigrún Hilmarsdóttir háskólanemi gagnrýnir borgaryfirvöld fyrir að bjóða Háskólanum í Reykjavík lóðir í Vatnsmýrinni, steinsnar frá flugvellinum og útivistarsvæði borgarbúa: „Vegna nálægðar við Nauthólsvík og Öskjuhlíð telja margir að útivist og afþreying eigi frekar heima á þessu svæði en byggingar og bílastæði,“ skrifar María á vefritið tikin.is. „Ef Háskólinn í Reykjavík fær þarna aðstöðu, þá stöðvast frekari þróun útivistar í tengslum við Nauthólsvíkina. Svæðið hefur ekki verið skipulagt. Ljóst er að skipulagsferlið verður mjög þungt í vöfum því búast má við miklum deilum varðandi ráðstöfun landsins. Efast má um að Háskólinn í Reykjavík verði einu sinni byrjaður að byggja þegar hann þyrfti í raun að taka húsakynnin í notkun. Nóg er umferðin um Miklubraut og Bústaðaveg kvölds og morgna, þótt ekki bætist við nokkur þúsund bílar til viðbótar á háannatíma. Kannanir sýna að fjórir af hverjum fimm háskólanemum fara á einkabíl til skóla. Háskólinn í Reykjavík þarf meira andrými en borgin býður á flugvallarsvæðinu.“

gm@frettabladid.is

## Von um breyttan tón?

Í DAG
SAMKOMULAG Í FJÖLMIÐLANEFND
BIRGIR GUÐMUNDSSON



Eftir dimma éljatíð í íslenskri fjölmiðlaumræðu virðist nú von um uppstyttu. Hroðvirknisleg og óvönduð tilraun til að setja íslenskum fjölmiðlum starfsumhverfi síðastliðið vor hefur skilið eftir sig flakandi sár og fráleit ráðning á fréttastjóra Útvarps með jafnvel enn fráleitari rökstuðningi og varnarræðum í kjölfarið hefur framkallað depurð hjá þeim sem fylgjast með. Tvennt hefur nú gerst sem bendir til að þessari þunglyndismóðu sé að létta. Í fyrsta lagi berast þær fréttir úr fjölmiðlanefnd menntamálaráðherra að þar kunni að vera að myndast þverpólitísk samstaða um reglur og ramma fyrir fjölmiðla og hins vegar hefur menntamálaráðherra lagt fram frumvarp um Ríkisútvarpið, sem líta má á sem gagnlegt framlag til skynsamlegrar umræðu um almannaútvarp á Íslandi. Frumvarpið hefur vissulega ýmsa galla en þar eru engu að síður stigin skref sem líkleg eru til að sníða af ýmsa vankanta á núverandi skipan þessara mála.

Sé fyrst horft til hugsanlegs samkomulags í fjölmiðlanefndinni hljóta það að teljast nokkur tíðindi að þverpólitísk samstaða hafi myndast – eða sé nálægt því að myndast – um eignarhald á fjölmiðlum og þann almenna starfsramma sem íslenskir fjölmiðlar eiga að búa við. Það dregur það fram, sem raunar margir vissu, að hitinn og heiftin í deilunum um fjölmiðlafrumvarpið og tilraunina til lagasetningar var ekki sprottinn af því að ógerlegt var að ná samkomulagi um efnisatriði málsins sjálfs. Átökin áttu þvert á móti rætur í vinnubrögðum og virðingarleysi fyrir þeim möguleika að hægt væri að ræða málið til sameiginlegrar niðurstöðu. Verði það raunin, að samkomulag náist í nefndinni, er það rós í hnappagat bæði formanns hennar, Karls Axelssonar, og menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, sem bæði hafa sýnt umtalsverðan áhuga á að ná sem víðtækastri sátt. Þetta gæti bent til þess að fjölmiðlaumræðan sé á leið upp úr flokkspólitískum hjólförum átakastjórnmála og yfir í sátta- og samtalsstíl sem er líklegri til að skila yfirveguðum og farsælum niðurstöðum.

> **Þetta gæti bent til þess að fjölmiðlaumræðan sé á leið upp úr flokkspólitískum hjólförum átakastjórnmála og yfir í sátta- og samtalsstíl sem er líklegri til að skila yfirveguðum og farsælum niðurstöðum.**

Það er því sérstaklega mikilvægt að umræðan um frumvarp menntamálaráðherra lendi ekki í þessum flokkspólitísku skotgröfum. Frumvarpið hefur þegar vakið upp veruleg viðbrögð og gagnrýni bæði frá hægri og vinstri ef svo má segja. Annars vegar hafa ýmsir stjórnarandstæðingar haft af því áhyggjur að frumvarpið tryggi ekki sjálfstæði og möguleika ríkisútvarpsins nægjanlega vel og hins vegar hafa talsmenn einkarekinna fjölmiðla bent á að með þessu frumvarpi sé samkeppnisstaða á fjölmiðlamarkaði skekkt enn meira en verið hefur. Hefur Óli Björn Kárason á Viðskiptablaðinu meira að segja gengið svo langt að tala um aðför að frjálsri fjölmiðlun. Það er einmitt í þessum ágreiningi sem mikilvægasta atriðið varðandi frumvarpið liggur – hinum hugmyndafræðilega ágreiningi. Sá ágreiningur snýst um það hvort hér eigi yfirleitt að vera ríkis- eða almenningsútvarp sem tryggi fjölbreytni og setji ákveðin viðmið og staðla sem aðrir fjölmiðlar í landinu verða að bera sig saman við, eða hvort markaðurinn eigi að fá að ráða í ríkari mæli en nú er. Frumvarpið tekur ótvírætt af skarið með þetta – stjórnarmeirihlutinn vill slíkt almenningsútvarp. Það vill stjórnarandstaðan líka. Að því leyti má segja að Óli Björn og skoðanabræður hans hafi orðið undir. En auðvitað er heilmikið svigrúm til ágreinings varðandi útfærslu. Ólíklegt er hins vegar að slík útfærsluatriði eigi að þurfa að valda djúpstæðum ágreiningi ef umræðan dettur ekki ofan í skotgrafirnar. Þannig eru augljóslega fjölmörg atriði sem skoða verður vandlega og með opnum huga og má nefna þrjú atriði sem dæmi þar um. Í fyrsta lagi er ástæða til að halda því opnu að einhverjar takmarkanir verði þegar til lengdar lætur settar á aðgengi RÚV að auglýsingamarkaði. Í öðru lagi er brýnt að skilgreina betur stöðu útvarpsstjóra og tryggja að hann sé ekki um of háður menntamálaráðherra og stjórn félagsins á hverjum tíma. Eins og þetta er í frumvarpinu leikur vafi á sjálfstæði þessa lykilstarfsmanns gagnvart hinu pólitíska valdi. Í þriðja lagi þarf að gera það erfiðara fyrir hið pólitíska vald að breyta stofnskrá Ríkisútvarpsins, en eins og þetta er virðist ráðherra hafa það í hendi sér með því að setjast niður og kalla sjálfan sig félagsfund í félaginu.

Mikilvægast er að umræðan taki mið af því – bæði frá hendi stjórnar og stjórnarandstöðu – að það er í raun þverpólitísk samstaða um aðalatriði. Þess vegna er líklegt að sátta- og samtalsstíllinn, sem á endanum varð ofan á í fjölmiðlanefndinni, skili betri árangri en átakastíll rembingsstjórnmálanna. ■







FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 7.35 | 13.36 | 19.38 |
| AKUREYRI 7.20 | 13.20 | 19.23 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

**tilboð o.fl.**
Kvenfatnaður með 50% afslætti
BLS. 5



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

*Góðan dag!*
**Í dag er föstudagur 18. mars, 77. dagur ársins 2005.**




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rúnar Þór Rúnarsson hampar verðlaunabikarnum.

# Æfði dag og nótt

***Tveir íslenskir matreiðslunemar, Rúnar Þór Rúnarsson og Pétur Örn Pétursson, voru valdir matreiðslunemar ársins í keppni á Akureyri um síðustu helgi. Þeir keppa fyrir Íslands hönd í norrænni matreiðslunemakeppni sem haldin verður hér á landi að ári.***

Rúnar Þór Rúnarsson, nemi á Grand Hóteli, og Pétur Örn Pétursson, nemi í Sjávarkjallaranum, urðu um síðustu helgi matreiðslunemar ársins. Titlinum fylgir sú ábyrgð að þeir keppa fyrir Íslands hönd í keppni norrænna matreiðslunema að ári.

Níu matreiðslunemar tóku þátt í keppninni, sem fór fram í Menntaskólanum á Akureyri um síðustu helgi. „Við fáum ákveðið grunnhráefni sem við þurfum að elda úr og eigum að elda þriggja rétta máltíð fyrir sjö manns,“ segir Rúnar Þór. „Í forréttinum áttum við að elda úr saltfiski og bankabyggi, í aðalréttinum úr kjúklingi og aspas og í eftirréttinum úr hvítu súkkulaði og hindberjum og með því þurfti að vera einhver bakstur.“

Nemarnir fengu upplýsingar um hráefnið þremur vikum fyrir keppnina og segist Rúnar hafa nýtt þann tíma vel til að æfa sig. „Ég var eiginlega að æfa mig dag og nótt,“ segir hann en tveir aðrir nemar á Grand hóteli voru einnig meðal keppenda þannig að samanlagt voru þeir þriðjungur keppenda í matreiðslukeppninni. „Nei, gestir Grand Hótels fengu nú ekki að njóta undirbúningsins,“ segir Rúnar aðspurður. „En samstarfsmennirnir fengu þeim mun meira að smakka frá okkur öllum þremur.“

Þegar í keppnina var komið höfðu nemarnir fjóra klukkutíma til að undirbúa sig og síðan hálftíma milli rétta þannig að keppnin stóð fimm klukkutíma alls.

Rúnar Þór og Pétur Örn munu nýta árið fram að keppninni vel. Þeir munu æfa saman undir handleiðslu matreiðslumanna frá fræðsluráði hótel- og mætvælagreina. „Vonandi gengur jafn vel þá,“ segir Rúnar Þór.

*Sjá uppskrift á tilverunni á Vísi.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
*í tilboðum*

**Útsölumarkaðurinn** í Glæsibæ er með mikið úrval af vinsælum herra-, dömu- og barnaskóm. Skórnir kosta frá 500 krónum og einnig er mikið úrval af töskum á útsölumarkaðnum. Töskurnar kosta líka frá 500 krónum. Markaðurinn er opinn frá 10 til 18 virka daga og frá 10 til 17 á laugardögum.



**Sturtubotn og bogahurð** frá sænska fyrirtækinu Ifö Samba fást nú á tilboðsverði, 34.900 krónur. Bogahurðin er 80x80 og er úr hertu öryggisgleri. Ifö-sturtuklefarnir eru fáanlegir í mörgum stærðum og gerðum. Þeir þykja sterkir og auðvelt er að þrífa þá. Tengi, Smiðjuvegi 11, selur þessar vörur.

**Griffill** er með ýmsan varning á tilboðsverði þessa dagana – hvort sem er fyrir heimilið eða skrifstofuna. Geisladiskaveski kostar 500 krónur og töskur fyrir leikskólabörn fást á aðeins 99 krónur. Pappírstætari án körfu kostar 2.990 krónur í stað 4.990 króna áður og svo mætti áfram telja.

**Rýmingarsala** stendur yfir í Vatnsvirkjanum við Ármúla. Þar er hægt að festa kaup á Ido Aniara salerni, í gólf eða vegg, á aðeins 14.995 í stað 34.995 króna áður. Handlaugar eru seldar með 50% afslætti og sturtuhorn frá Friges er selt með 40% afslætti. Þeir sem kaupa fyrir meira en 15 þúsund krónur fá páskaegg í kaupbæti.

*tilbod@frettabladid.is*

**Crispy Aromatic önd**
*Vinsælasti kínverski rétturinn á veitingahúsum um allan heim*

Hálf önd með 18 pönnukökum, vorlauk, agúrku, sósu og steiktum hrísgrjónum, frábær aðalréttur fyrir 2 einnig spennandi forréttur fyrir 4-6

Fyrst setur þú sósu á pönnukökuna, síðan agúrku, önd og vorlauk þar yfir. Pönnukökunni er síðan rúllað upp og rétturinn er tilbúinn.

á mann kr. 1745 fyrir tvo kr. 3490
Crispy Aromatic önd er eingöngu afgreidd fyrir 2 eða fleiri



*Fáið öndina senda heim eða borðið á staðnum!*

NINGS
Stórhöfða 17
Suðurlandsbraut 6
Hlíðasmára 12
Kringlunni
*Pöntunarsími 588 9899*

FJÖLSKYLDUTILBOÐ
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu • Svínakjöt og grænmeti í Drekasósu
Kjúklingur og grænmeti í Satay hnetusósu
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
Hrísgrjón og soya sósa



á mann kr. 1245 fyrir tvo kr. 2490
Ath! Tilboðin eru eingöngu afgreidd fyrir 2 eða fleiri
Ef þú hringir og sækir fylgir 2l. Coke með tilboðinu

HEILSUTILBOÐ
Gufusoðið brokkolí og pok-choi kál með hvítlauk í ostrusósu
Wok ristað blandað grænmeti og kartöflur í karrýsósu
Steiktar eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti
Ristaðar kjúklingabringur með tofu og grænmeti
Steikt brún grjón með eggjum og grænmeti, soya og Sweet Chilli



HEILSU TILBOÐ á mann kr. 1195 fyrir tvo kr. 2390
Ath! Tilboðin eru eingöngu afgreidd fyrir 2 eða fleiri
Ef þú hringir og sækir fylgja 2 Toppar með tilboðinu

**Ís** Taktu ísinn úr frystinum og láttu standa á borði í 8 til 10 mínútur áður en þú stingur í hann skeið. Berðu hann fram í kældum skálum og láttu hann strax í frystinn eftir að búið er að setja hann í skálarnar.



Útsalan
í fullum gangi
âman
Skeifunni 11d
Sími 533 1020

Allt í eldhúsið
Fissler
búsáhöld
KRINGLUNNI
sími 568 6440

GEORGE FOREMAN™
heilsu- og sælkeragrill

Réttir kvöldsins
Fordrykkur í boði hússins
M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

| Forréttur | verð f/ einrétta | verð f/ þriggja rétta máltíð |
|---|---|---|
| Humarsúpa m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði | kr. 850 | |
| **Aðalréttir** | | |
| Smjörsteiktur skötuselur m/ hvítvínssósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.950 | kr. 3.890 |
| Lambafillet m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.980 | kr. 3.890 |
| Nautalundir m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 3.150 | kr. 3.990 |
| **Eftirréttur** | | |
| Súkkulaðifrauð | kr. 690 | |

Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna Rauðarárstíg 27 www.madonna.is

metasys
Bylting í þyngdarstjórnun
Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys
Fyrir konur og karla
Eykur orku og brennslu á við 30 mínútna skokk á dag.
Jafnar blóðsykur er vatnslosandi, andoxunarríkt og hressandi.
Fæst í apótekum og heilsubúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is
sími 5517020

Smoothies
100% ávöxtur
smoothiepack
100% PURE
mango
engin aukaefni
enginn viðbættur sykur
arka



Knútur Rafn Ármann og Helena Hermundardóttir og plómutómataplönturnar í gróðurhúsinu í Friðheimum.

# Vistvænir íslenskir plómutómatar

***Plómutómatar eru kjötmeiri en venjulegir tómatar og henta því vel til matargerðar. Þeir eru nú ræktaðir árið um kring í Biskupstungum.***

Plómutómatar eru þeir tómatar sem mest eru notaðir til niðursuðu og þurrkunar. Þeir henta líka mjög vel til þess, þar sem þeir eru kjötmeiri en aðrir tómatar og ekki eins safaríkir. Gott er að búa til tómatsósur og pottrétti, bökur og þess háttar úr plómutómötum, en þeir eru einnig góðir í salöt, þar sem þeir eru sérlega bragðmiklir, sérstaklega ef þeir eru vel þroskaðir. Það er líka gott að steikja plómutómata og baka, þar sem ekki kemur eins mikill safi úr þeim og öðrum tómötum.

Plómutómata á ekki að geyma í kæli, fremur en aðra tómata. Þeir eru bestir þegar þeir eru hárauðir en þó enn stinnir og þéttir. Ef nota á þá í sósu eða súpu mega þeir þó vel vera farnir að mýkjast.

Nú eru íslenskir plómutómatar komnir á markaðinn. Þeir eru ræktaðir af Knúti Rafni Ármann og Helenu Hermundardóttur, garðyrkjubændum á Friðheimum í Biskupstungum og eru þau fyrst til að rækta þessa tómata í heilsársræktun. „Hér eftir ættu að vera til íslenskir plómutómatar árið um kring,“ segir Knútur Rafn. „Þetta er hluti af því sem við garðyrkjubændur erum að vinna í sem er að bjóða upp á þær tegundir sem neytendur vilja. Viðtökurnar hafa verið góðar og allt hefur selst sem hefur farið á markað,“ segir Knútur og bendir á að ræktunin í Friðheimum sé vottuð vistvæn ræktun.

### PLÓMUTÓMATAR Í KRYDDOLÍU

6-8 plómutómatar, þroskaðir
10-12 mintulauf eða basilíkublöð
nokkur piparkorn
salt
300 ml ólífuolía
4-5 hvítlauksgeirar

Tómatarnir skornir í fjórðunga eftir endilöngu. Nokkrir tómatbátar settir í krukku, 2-3 mintulauf, 2-3 piparkorn og svolítið salt, síðan meiri tómatar og þannig koll af kolli þar til tómatarnir eru uppurnir. Þrýst létt ofan á til að þjappa tómötunum ögn. Olía og hvítlaukur sett í pott, hitað og látið krauma í nokkrar mínútur en þess gætt að hvítlaukurinn brenni ekki. Sjóðheitri olíunni og hvítlauknum er svo hellt yfir tómatana. Látið kólna alveg og geymt í kæli í að minnsta kosti sólarhring. Þá má nota tómatana sem meðlæti með ýmsum mat, út á pasta, í salöt og margt annað. Þeir geymast í nokkra daga og svo má nota olíuna, t.d. í salatsósur og til að bragðbæta ýmsa rétti.



### BALSAM-PLÓMUTÓMATAR

6-8 plómutómatar, þroskaðir
4 msk. ólífuolía
1 tsk. sykur, helst hrásykur
nýmalaður pipar
salt
1/2 tsk. basilíka, þurrkuð (má sleppa)
balsamedik
300 g pasta, t.d. tagliatelle
hnefafylli af klettasalati

Ofninn hitaður í 140°C. Tómatarnir skornir í fjórðunga eftir endilöngu. Dálítilli olíu dreift í eldfast mót og tómötunum raðað í það (hýðið látið snúa niður). Svolitlum sykri dreift yfir, tómatarnir kryddaðir með pipar, salti og e.t.v. þurrkaðri basilíku, og síðan er balsamedikinu ýrt yfir ásamt afganginum af olíunni. Sett í ofninn og bakað í 45-60 mínútur, eða þar til tómatarnir eru hálfþurrir og unaðslega bragðmiklir. Pastað soðið í saltvatni samkvæmt leiðbeiningum á umbúðum, hellt í sigti og síðan hvolft í skál eða á fat. Olíunni af tómötunum ýrt yfir og klettasalatinu blandað saman við. ómötunum raðað ofan á.



# EGILS OG TUBORG: Páskabjóraþrenna



Ölgerðin Egill Skallagrímsson hefur sett á markað Egils Páskabjór, Egils Malt Páskabjór og Tuborg Påskebryg, nýjar bjórtegundir sem eru til sölu í Vínbúðunum.

Egils Páskabjór er bragðmikill 5% lagerbjór sem minnir á þýskan bjór og býr yfir miklu jafnvægi og fyllingu. Egils Páskabjór kom fyrst á markað páskana 2003 og kostar 33 cl flaska nú 189 krónur.

Tuborg Påskebryg er bjór sem Tuborg-verksmiðjurnar hafa sett á markað fyrir páska í áratugi og er fjölmörgum Íslendingum að góðu kunnur. Þetta er lagerbjór, 5,7%, fallega gylltur með keim af karamellueftirbragði. Kostar 33 cl flaska 187 krónur.

Egils Malt Páskabjór er sætur og dökkur maltbjór, 5,6%, með mikilli fyllingu og góðu eftirbragði. Egils malt páskabjór er til í 33 cl flöskum og kostar flaskan 169 krónur.

Páskabjórar frá Ölgerðinni verða til sölu í Vínbúðunum fram yfir páska. Einnig mun Ölgerðin selja páskabjór til veitingastaða og veislusala. ■

# Ertu með í mjólkurferð?

Kátt er nú hjá öllum mjólkursvelgjum enda mjólkin víða seld á spottprís. Sumir gætu farið að dæmi Kleópötru og baðað sig upp úr mjólkinni en aðrir kjósa hana frekar innvortis. Mjólk má drekka á ýmsan hátt og hér eru nokkur tilbrigði.



### KANADÍSK MJÓLK

1 bolli mjólk eða léttmjólk
1/2 bolli litlir sykurpúðar
1/2 teskeið vanilludropar
1 matskeið hlynsíróp

Hitið mjólkina í litlum potti. Setjið sykurpúða, vanilludropa og síróp í hitabrúsa og hellið heitri mjólkinni varlega yfir. Setjið lokið á og hristið brúsann í svona 20 sekúndur eða þar til blandan er farin að freyða og sykurpúðarnir eru bráðnaðir. Opnið varlega, hellið í krús og berið fram.

### INDVERSKT MJÓLKURTE

4 bollar vatn
8 negulnaglar
4 heilar kardimommur
1 teskeið fenníkufræ
1 kanilstöng
5 cm sneið af ferskum engifer
3 pokar af Darjeeling-te eða 3 matskeiðar af Darjeeling-telaufum
1 bolli léttmjólk eða fjörmjólk
1/4 bolli sykur

Blandið saman kryddi og vatni í meðalstóran pott og látið suðuna koma upp. Lækkið hitann, setjið lokið á og látið malla í tíu mínútur. Bætið tepokunum út í og takið pottinn af hellunni. Lokið aftur og mallið í hálftíma. Síið svo vökvann ofan í annan pott og bætið sykri og mjólk í. Sjóðið aftur þar til sykurinn leysist alveg upp. Hellið í fjórar könnur eða há kaffiglös og skreytið með kanilstöngum og appelsínuberki.



### HNETUHRISTINGUR

1 bolli kekkjalaust hnetusmjör
1/4 bolli súkkulaðisíróp
1 1/4 bolli mjólk
12 ísmolar

Blandið saman hnetusmjöri, súkkulaðisírópi, mjólk og ísmolum í matvinnsluvél. Hellið í há glös og skreytið með súkkulaðispænum.

### HOLLUR MORGUNHRISTINGUR

3 bollar undanrenna
1/4 bolli All Bran
1/4 teskeið kanill
1/2 teskeið vanilludropar
1 meðalstórt epli í sneiðum

Frystið 2 1/2 bolla af undanrennu í ísmolabakka yfir nótt. Setjið All Bran, kanil, vanilludropa og epli í matvinnsluvél og blandið saman við 1/2 bolla af undanrennu. Blandið saman í 20 sekúndur. Bætið frosnu undanrennumolunum einum af öðrum út í hristinginn þar til ákjósanlegri áferð er náð, en hún fer eftir smekk hvers og eins. Geymið afganginn frosinn til seinni nota. Í staðinn fyrir epli má nota hvaða ávexti sem er.



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR ELDAR EFTIRRÉTT

### Eplakurl hamingjunnar

Sagt er að fátt sé hlýlegra í húsi en ilmur af kanil og bökuðum eplum. Að sama skapi er haft fyrir satt að þessi eftirréttur, bragð hans og angan, útlit, áferð og hollusta, tendri hamingjuneista í hjörtum fólks, í það minnsta í brjóstum sem að geta fundið til.

3 græn epli (kjarnhreinsuð og skorin í litla bita)
2 dl grófar hafraflögur
2 dl eplakökurasp
2 dl púðursykur
1 tsk. kanill
100 g smjör



Byrjið á því að kjarnhreinsa eplin og skera niður í frekar litla bita. Eplahýðið getur verið á eða ekki, allt eftir smekk hvers og eins. Smyrjið botninn á ofnföstu fati og dreifið svo eplunum yfir botn fatsins og stráið yfir þau kanil. Blandið höfrum, eplakökuraspi og sykri saman í skál og vinnið mjúkt smjörið saman við með höndunum. Þessari blöndu er svo dreift yfir eplin og allt bakað í 200 gráðu ofni í 25 til 30 mínútur. Ef hafrarnir dökkna um of, setjið þá álpappír yfir bökuna síðustu mínúturnar. Berið fram með bólstrum af drifhvítum rjóma.

## Vín frá vínhúsi ársins á Spáni á kynningarverði






Íberískir dagar sem staðið hafa yfir í Vínbúðunum frá miðjum febrúar lýkur nú um helgina og fer því hver að verða síðastur að tryggja sér gæðavín á kynningarverði. Eitt athyglisverðasta vínið á íberísku dögunum er Baron de Ley Reserva, frábært matarvín sem á vel við flest rautt kjöt og grillmat.

The International Wine and Spirit Competition í London útnefndi nýlega spænska vínhúsið Baron de Ley besta spænska vínframleiðandann fyrir árið sem var að líða. Baron de Ley var stofnað 1985 og hefur á þessum skamma tíma unnið sér inn orðstír sem nútímalegt vínfyrirtæki sem framleiðir gæðavín á góðu verði. Mikið gæðaeftirlit er með vínuppskerunni og eru allar þrúgur handtíndar til þess að auka á gæðin. Vínið er svo sett yfir á eikartunnur þar sem amerísk eik er notuð í meirihluta en í bland við franska eik.

*Kynningarverð 1.390 kr.*












# allt tilboð o.fl.

**Hagkvæmustu** helgartilboðin að þessu sinni eru á kjúklingavængjum, Lindt súkkulaði og hollenskri grænmetisblöndu. Allt lækkar þetta um 50% í verslunum Nettó.

**50%**




## Vor í Skarthúsinu

Vorlínan frá Pilgrim komin – flott fyrir fermingar
Mikið úrval af hárskrauti og skartgripum
Ný sending af beltum, nælum og klútum.

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466


**FJARÐARKAUP**

Tilboðin gilda til 19. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínalæri úr kjötborði | 368 | 525 | 368 | 30 |
| Svínakótilettur úr kjötborði | 698 | 898 | 698 | 20 |
| Svínahnakki úrb. sneiddar | 858 | 1.178 | 858 | 25 |
| Svínahryggur m. puru | 598 | 898 | 598 | 35 |
| Svínahnakki m. puru | 628 | 829 | 628 | 25 |
| FK hamborgarhryggur | 798 | 1.198 | 798 | 35 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 899 | 1.499 | 899 | 40 |
| Fjalla lambalæri | 998 | 1.298 | 998 | 25 |
| FK Bayonneskinka | 779 | 1.298 | 779 | 40 |
| FK grill svínakótilettur | 972 | 1.389 | 972 | 30 |
| Móa ferskur kjúklingur | 398 | 598 | 398 | 35 |
| Móa fersk læri m. legg | 398 | 598 | 398 | 35 |
| Hótelrækja 2 1/2 kg | 1.898 | 2.245 | 759 | 15 |
| Broccoli frosið 2,5 kg | 699 | 954 | 279 | 25 |
| Euro mix frosið 2,5 kg | 699 | 954 | 279 | 25 |
| Strengjabaunir 2,5 kg | 598 | 698 | 239 | 15 |
| Kjörís konfekt ísterta 12 manna | 998 | 1.398 | 998 | 30 |
| Emmess ískaka | 598 | 998 | 598 | 40 |


## Sólgleraugu sumarið 2005

Ný sending af sólgleraugum • Mikið úrval

**Verð aðeins kr. 990,-**

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466


**BÓNUS**

Tilboðin gilda til 20. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Grillsagaður lambaframpartur | 399 | 499 | 399 | 20 |
| Frosið snyrt lambalæri | 799 | 899 | 799 | 10 |
| Ferskir kjúklingabitar | 259 | 329 | 259 | 20 |
| Gæðagrís bayonneskinka | 779 | 1.169 | 779 | 35 |
| Bónus möndlukaka 350 g | 179 | Nýtt | 511 | |
| Villikryddaður lambahryggur | 1.099 | 1.499 | 1.099 | 25 |
| Villikryddað lambalæri | 998 | 998 | 998 | |
| Sveitabjúgu | 299 | 299 | 299 | |
| Bónus hamborgarhryggur | 749 | 899 | 749 | 15 |
| KF kartöflusalat 350 g | 99 | 139 | 283 | 30 |
| KF hrásalat 350 g | 99 | 139 | 282 | 30 |


ÁG MOTOR SPORT

Settu í rallygírinn við lærdóminn
Sportsæti við skrifborðið
Tilvalin fermingargjöf



ÁG mótorsport • Klettháls 9
110 Reykjavík • s. 587 5547
Verslun á netinu : www.ag-car.is/motorsport


**SPAR** Bæjarlind

Tilboðin gilda til 22. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ungnautalundir úr kjötborði | 2.338 | 3.898 | 2.338 | 40 |
| Lambalæri F+ úr kjötborði | 798 | 1.129 | 798 | 30 |
| Lambalæri Úrvals úr kjötborði | 866 | 1.197 | 866 | 30 |
| Londonlamb, frampartur | 998 | 1.230 | 998 | 20 |
| Hátíðarlambalæri, villikryddað | 1.099 | 1.299 | 1.099 | 15 |
| Kindavöðvar, kjötborð | 1.098 | 1.298 | 1.098 | 15 |
| Kindagúllas, kjötborð | 998 | 1.298 | 998 | 25 |
| Kindasnitsel, kjötborð | 998 | 1.298 | 998 | 25 |
| Kindahakk, kjötborð | 529 | 689 | 529 | 25 |
| Koldin sinnep sætt 450 g | 98 | 153 | 218 | 35 |
| Mc Cain franskar kartöflur, rifflaðar 1 kg | 278 | 359 | 278 | 25 |


# Ofin belti



Verð
1.989.-

Litir:
silfur, gull,
svart og hvítt

4 dot....

Laugavegi 100, S. 561 9444

Hagkaupum Smáralind • Hagkaupum Kringlunni • Hagkaupum Skeifunni


**NÓATÚN**

Tilboðin gilda til 23. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínalundir fylltar | 1.398 | 2.298 | 1.398 | 40 |
| Jarðarber í boxi 250 g | 199 | 268 | 796 | 25 |
| Nóatúns hamborgarhryggur | 1.299 | 1.398 | 1.299 | 5 |
| Nóatúns þurrkryddað lambalæri | 1.039 | 1.599 | 1.039 | 35 |
| Nóatúns þurrkryddaðar grísakótilettur | 998 | 1.489 | 998 | 35 |
| Rainbow ananassneiðar 567 g | 99 | 115 | 175 | 15 |
| Nóatúns bayonneskinka | 895 | 1.398 | 895 | 35 |
| Lambainnralæri | 1.949 | 2.998 | 1.949 | 35 |
| Egils pásköl 0,5 l | 99 | nýtt | 198 | |
| Pripps léttöl 0.5 l | 69 | 99 | 138 | 30 |

**netto**

Tilboðin gilda til 20. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Matfugl kjúklingavængir | 150 | 299 | 150 | 50 |
| Páska lambalæri | 995 | 1.679 | 995 | 40 |
| Homeblest mjólkursúkkulaði 500 g | 99 | 173 | 198 | 45 |
| Lindt súkkulaði 100 g | 100 | 199 | 1.000 | 50 |
| Emmess skafís 1 l | 249 | 419 | 249 | 40 |
| Rauðlaukur | 19 | 37 | 19 | 50 |
| Sellerí | 59 | 95 | 59 | 40 |
| Kaffiterta | 298 | 469 | 298 | 35 |
| Hollensk grænmetisblanda, frosin 750 g | 149 | 289 | 199 | 50 |

**Þín verslun**

Tilboðin gilda til 23. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ísfugls kjúklingabringur | 1.499 | 1.998 | 1.499 | 25 |
| Hamborgarar 4 stk. 4 brauð og ostur | 478 | 598 | 478 | 20 |
| Koníakslegin svínasteik | 958 | 1.198 | 958 | 20 |
| McCain franskar kartöflur rifflaðar 1 kg | 269 | 299 | 269 | 10 |
| Tilda Rizazz 250 g 5 teg. | 229 | 289 | 916 | 20 |
| BKI kaffi 500 g | 299 | 359 | 598 | 15 |
| McCain súkkulaðikaka 510 g | 349 | 478 | 663 | 25 |
| Vanillu skafís 1 l | 398 | 477 | 398 | 15 |

**HAGKAUP**

Tilboðin gilda til 20. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nautalundir frá Nýja-Sjálandi | 2.387 | 3.979 | 2.387 | 40 |
| Bayonneskinka | 779 | 1.298 | 779 | 40 |
| Óðals svína hamborgarhryggur | 839 | 1.398 | 839 | 40 |
| Reykir frosinn heill kalkúnn | 599 | 799 | 599 | 25 |
| Kjötborð svínalundir | 1.756 | 2.195 | 2.156 | 20 |
| Holta úrb. kjúklingalæri | 899 | 1.499 | 899 | 40 |
| Ísl. matv. reyktir lax bitar | 2.160 | 2.700 | 2.160 | 20 |


# MEGRUNARMINTUR




Bragðgóðar og frískandi mintur sem minnka matarlyst og auka brennslu.

Þú færð Slim Mints í verslunum um land allt



# TILBOÐ

- E510 + 128MB X-d minniskort
- Aðeins kr. 39.900




FUJIFILM
www.ljosmyndavorur.is

Skipholti 31, Reykjavík, s: 568 0450
Kaupvangsstræti 1, Akureyri, s: 461 2850

LJÓSMYNDAVÖRUR

## Brúðarkjólar sem hægt er að breyta

EFNALAUG OG FATALEIGA GARÐABÆJAR ER MEÐ ÚTSÖLU Á BRÚÐARKJÓLUM.



Stórútsala er nú á brúðarkjólum hjá Efnalaug og fataleigu Garðabæjar á Garðatorgi. Bæði er um nýja og notaða kjóla að ræða og kosta þeir frá 10 þúsund krónum upp í 45 þúsund. Allir eru notuðu kjólarnir vel með farnir og að sjálfsögðu hreinir. Kjólar sem áður voru leigðir yfir helgi á 30 þúsund krónur fást nú til kaups á 10 þúsund. Þeir voru fluttir inn af fyrirtækinu sjálfu og aðeins var fluttur inn einn af hverri tegund, að sögn afgreiðslukonu. Aðspurð segir hún hægt að nota suma kjólana við önnur tækifæri en brúðkaup því þeir séu margir hverjir með einföldu sniði sem hæfi við ýmis tilfelli.

## Mjúkar vörur

RÚM OG RÚMFATNAÐUR ERU Á TILBOÐI Í VERSLUNINNI RÚMCO Á LANGHOLTSVEGI 111.



Baðsloppar, rúmfatnaður og aðrar mjúkar vörur frá hinum virta franska framleiðanda Yves Delorme eru seldar með 20% afslætti þessa dagana í versluninni Rúmco á Langholtsvegi 111 í Reykjavík. Rúm og dýnur eru líka á tilboði í Rúmco og má nefna vandaðar dýnur frá Stears & Foster, sem er elsti dýnuframleiðandi Bandaríkjanna. Þær eru nú á 25-40% afslætti. Opnunartíminn er frá 11 til 18 alla virka daga og á laugardögum frá 11 til 14.

## Vortilboð á töskum

20% AFSLÁTTUR Á ÖLLUM VÖRUM Í TÖSKU- OG HANSKABÚÐINNI Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG.



„Við höfum haft þann sið að vera með 20% afslátt á öllum okkar vörum í þrjá daga, bæði vor og haust. Nú stendur vortilboðið okkar sem hæst," segir Víðir Þorgrímsson, kaupmaður í Tösku- og hanskabúðinni við Skólavörðustíg 7. Eins og kunnugir vita er það stærsta verslun landsins sem eingöngu selur töskur af öllum stærðum og gerðum, seðlaveski og hanska. Tösku- og hanskabúðin er opin frá 10 til 18 á virkum dögum og 10 til 16 á laugardögum. Tilboðið stendur sem sagt fram til klukkan 16 á morgun.

## Merkjavara

LAGERÚTSALA Á FATNAÐI VIÐ GUÐRÍÐARSTÍG Í GRAFARHOLTI.

Hin árlega lagersala á fatnaði og skóm með merkjum á borð við Reebok, Ecco, Blend, Reebok og Gas er núna um helgina, 18. til 20. mars. Úrvalið er mikið og verðið ótrúlegt að því er kunnugir herma.
Útsalan er að Guðríðarstíg 6 til 8 í Grafaholti í sama húsi og fyrirtækið „Bolur & Margt Smátt". Gengið er inn í húsið að ofanverðu. Þar er opið í dag frá 16 til 19, á morgun, laugardag frá 12 til 17 og á sunnudag frá 13 til 16.

## Peysur, bolir, buxur og skyrtur

KVENFATNAÐUR MEÐ 50% AFSLÆTTI Í VERSLUNINNI SMART Í ÁRMÚLA OG GRÍMSBÆ.



Kvenbuxur í úrvali, blússur og bolir eru enn á útsölu í tískuversluninni Smart sem er til húsa í Ármúla 15 og í Grímsbæ við Bústaðaveg. Buxur sem fást bæði síðar og kvart eru allar á 2.500 krónur en voru sumar hverjar á um 7.000 áður. Um verulegan afslátt er því að ræða frá fullu verði. Peysur, bolir og blússur eru á hálfvirði. Smart er opin frá 10-18 virka daga og 10.30-16 á laugardögum.


**Virðisaukalausir dagar**
Fimmtudag 17. mars til Sunnudags 20. mars
( aðeins opið í Hlíðarsmára á Sunnudag.)



RÓBERT BANGSI ...og unglingarnir
Hlíðasmára 12 S: 555 6688
Hverafold 1-3 S: 567 6511
Firði Hafnarfirði S: 555 6689





**Full búð af glæsilegum fatnaði fyrir fermingarnar og páskana**
CHA*CHA
Tískuvöruverslun
Glæsibæ
Sími 588 4848



**Gabriel** höggdeyfar, **ASCO** kúplingssett, **Tridon** spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós o.fl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, kerrubretti og nefhjól.
**GS varahlutir**
Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík





**Yfirhafnir á hálfvirði**
Vattúlpur, dúnúlpur, ullarkápur, húfur og hattar
S: 588 5518 Opnunartími • Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18 • lau. 10 – 16
TOPPHÚSIÐ



Softub





Færanlegur
Tómur pottur vegur einungis 30 kg.
**Yfirbreiðsla fylgir öllum pottum út mars**



Mjúkur
Barnvænn
Orkugrannur
Orkukostnaður aðeins 1.100,- á mánuði
Við erum fluttir að Klettháls 15
JÓN BERGSSON EHF.
Klettháls 15, 110 Rvk. Sími: 867 3284 - 588 8886



**Hljómar og List**
Kópavogi • Sími: 661-4153



Trompet-Klarinet
Fiðlur-Selló-Kontrabassar
úr ekta við
www.hljomaroglist.com





HOLTABLÓMIÐ
104 LISTGALLERÍ
Langholtsvegi 126 104 Reykjavík sími 553 6711



**GÍTARINN EHF.**
www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is
**Erum að taka upp nýja sendingu**



Rafmagnsgitarpakki verð frá kr. 22.900
Rafmagnsgítar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur. Stillitæki
Klassískur gítar frá 10.900
Þjóðlagagítar frá kr. 14.900



MAPEX trommusett með stöndum og diskum
rétt verð kr. 79.900
tilboðsverð kr 59.900
BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR



**Páskaföndur**



Hugmyndir og efnistök í föndri.
Mikið úrval - gott verð!
**Skólavörubúðin**
Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is



{ Skreytingin er úr blómabúðinni í húsi blóma }

... með allt fyrir

**fermingarnar**

Gjafirnar, fötin, veislan, skreytingarnar, hárgreiðslan og allt hitt fyrir ferminguna.

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200



Kristín Björg fermist í St. Pauls kirkju í Kaupmannahöfn ásamt þremur öðrum frá Íslandi.

# Heldur veislu í tveimur löndum

***Kristín Björg Björnsdóttir fermist ásamt þremur löndum sínum í St. Pauls kirkju í Kaupmannahöfn um miðjan maí. Hún á von á góðum gestum að heiman.***

„Ég hlakka auðvitað til fermingarinnar en það verður ekki mikið tilstand í kringum þetta. Við erum fjórir krakkar sem fermumst saman en alls hafa tólf krakkar verið í fermingarfræðslunni í vetur. Hinir ætla að láta ferma sig á Íslandi,“ segir Kristín Björg en hún fermist þann 15. maí næstkomandi. Séra Þórir Jökull Þorsteinsson, sendiráðsprestur í Kaupmannahöfn, fermir krakkana og hefur annast fermingarfræðsluna í vetur.

Að sögn Kristínar Bjargar eru fermingarbörnin búsett vítt og breitt um borgina. Hún þekkti ekkert þeirra áður en segir þau hafa kynnst ágætlega í fermingarfræðslunni. „Við höfum sótt tíma í hverri viku í Jónshúsi og það hefur verið mjög ánægjulegt. Svo hef ég farið nokkrum sinnum í messu hjá séra Þóri.“

Kristín Björg á von á góðum gestum í ferminguna. „Ömmur mínar og afar í báðar ættir ætla að koma í ferminguna og svo frændfólk úr föðurfjölskyldunni. Við erum búin að leigja pínulítinn sal og ætlum að halda smáveislu fyrir fjölskyldu og vini. Þetta verður allt fremur látlaust en vonandi mjög skemmtilegt. Svo er stefnan að halda aðra veislu á Íslandi í sumar. Þá ætla ég að bjóða allri fjölskyldunni og vinum og kunningjum á Íslandi,“ segir Kristín Björg.

Miklar annir eru í skólanum hjá Kristínu Björgu og hún er enn ekki farin að spá í fatnað og hárgreiðslu. Hún er þó búin að ákveða að vera í pilsi. Hvað gjafirnar varðar þá segist hún ekki vera með óskalista á takteinum. „Ég er ekki með neinn óskalista – enda skemmtilegast þegar gjafirnar koma á óvart.“






# Fáar en fallegar tertur

***Álfheiður Pálsdóttir á Te og kaffi er mikill áhugamaður um bakstur og veit nákvæmlega hvernig hún vill hafa veisluborðið í fermingarveislum.***

„Ég skreyti ekki kökur þegar ég er með veislu. Ég vil frekar að borðið sé fallega skreytt en kökurnar fallegar. Ég vil helst hafa þær eins og þær koma úr forminu. Þá losnar maður við að vera þreyttur yfir rjómasprautunni og losnar við vandræðin þegar eitthvað fer úrskeiðis við kökuskreytingar. Það er miklu minna mál að skreyta borðið fallega og þá er minna stress fyrir fermingarveisluna,“ segir Álfheiður.

Álfheiður leggur ríka áherslu á að gott hráefni sé notað í baksturinn. „Gott hráefni er númer eitt, tvö og þrjú og ég vil líka að kökur séu bakaðar of stutt frekar en of lengi. Ég vil hafa fáar tertur á veisluborðinu og hafa þær frekar góðar. Mér finnst rosalega leiðinlegt að fara í boð þar sem er yfirhlaðið af kökum. Þá er ekki hægt að smakka allt og stundum getur fólk hreinlega misst matarlystina af öllu úrvalinu,“ segir Álfheiður, sem hvetur fólk til að baka langt fram í tímann fyrir fermingar. „Marga botna er hægt að baka og frysta langt fram í tímann. Marengsbotn er til dæmis betri þegar hann er frystur. Síðan eru botnarnir teknir úr frystinum einum eða tveimur dögum fyrir veislu, jafnvel sama dag, og skellt ofan á þá.“



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Álfheiður elskar að baka og hér heldur hún á núggattertu sem er hennar besta terta..

„Annað stórt atriði í tertuveislur er gott kaffi. Það er ekki nærri því eins gaman að borða góðar tertur þegar vont kaffi er borið fram með þeim. Hráefni í kaffinu þarf líka að vera fyrsta flokks og ég mæli eindregið með Hátíðarkaffinu frá Te og kaffi. Það hentar mjög vel með kökum,“ segir Álfheiður, sem gæti ekki hugsað sér annað starf en baksturinn. „Ég er rosalega áhugasöm um bakstur enda finnst mér rosalega gaman að baka. Ég hlakka til að fara í vinnuna á hverjum morgni til að baka dýrindis tertur og þegar ég kem heim þá baka ég.“



SÚKKULAÐI/MÖNDLUKAKA
- 175 g möndluflögur
- 120 g kakó
- 90 g hveiti
- 300 g smjör
- 440 g sykur
- 5 egg

Ristið möndlurnar í ofninum. Setjið möndlur, hveiti og kakó í blandara í 15 til 20 sekúndur. Hrærið smjör og sykur þar til létt og ljóst, bætið eggjum saman við í skömmtum. Hrærið vel á milli. Blandið möndlusalla saman við. Sett í 30 sentímetra form. Bakið við 175˚C í 35 til 38 mínútur (miðað við blástursofn).

SÚKKULAÐISMJÖRKREM
- 175 g suðusúkkulaði
- 2 eggjahvítur
- 1 bolli sykur
- 1/3 bolli vatn
- 200 g smjör, mjúkt

Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði. Setjið sykur og vatn í pott, hrærið þar til sykurinn hefur jafnast vatninu, ekki hræra eftir það. Látið krauma við vægan hita í 8 til 12 mínútur, eða þar til sykurmælir sýnir 120˚C. Þeytið hvíturnar þar til þær verða hvítar en ekki stífar. Hellið sírópinu í mjórri bunu út í hvíturnar og hrærið stöðugt en hægt á meðan. Þeytið í 5 til 8 mínútur. Setjið smjörið í litlum bitum út í og þeytið vel. Bætið súkkulaðinu að síðustu saman við. Smyrjið á kökuna og kælið.

SÚKKULAÐIHJÚPUR
- 250 g suðusúkkulaði, saxað
- 1 bolli rjómi
- 2 msk. pönnukökusíróp

Hitið rjóma og sýróp að suðu, bætið súkkulaði út í og hjúpið kökuna.

NÚGGATTERTA
- 120 g eggjahvíta
- 50 g sykur
- 1/4 tsk. kanill
- 1/4 tsk. vanillusykur
- 1 msk. sítrónusafi
- 80 g heslihnetuflögur
- 20 g hveiti
- 100 g sykur

Þeytið eggjahvítur og blandið sykri saman við (50 g) ásamt kanil, vanillusykri og sítrónuberki. Þeytið þar til vel stíft. Bætið sykri (100 g), hveiti og hnetum saman við með sleikju. Bakið við 170˚C í um það bil 30 til 35 mínútur.

RJÓMAKREM
- 500 g rjómi
- 120 g suðusúkkulaði
- 40 g núggat

Hitið rjómann að suðu og hellið yfir saxað súkkulaðið og núggatið. Látið kólna. Þeytið eins og rjóma. Smyrjið á milli botnanna.

HJÚPUR
- 5 eggjarauður
- 40 g flórsykur
- 40 g suðusúkkulaði
- 20 g núggat
- 1/8 dl matarolía

Bræðið súkkulaði, núggat og matarolíu yfir vatnsbaði. Þeytið eggjarauður og flórsykur þar til létt og ljóst. Blandið síðan súkkulaðiblöndunni saman við eggjahræruna og hellið yfir efsta botn tertunnar.



SÆLAN
- 4 egg
- 360 g sykur
- 140 g kókosmjöl
- 200 g döðlur (brytjaðar)
- 100 g hveiti
- 1 tsk. ger
- 150 g suðusúkkulaði

Egg og sykur þeytt saman, rest blandað varlega við. Bakað í tveimur 30 sentímetra formum við 180˚C í 25 mínútur.

KREM
- 1/2 l rjómi
- 4 Pipp súkkulaði (brytjað)

Rjómi þeyttur og Pipp súkkulaði blandað saman við, sett á milli botna (þessi kaka er mjög góð þegar búið er að frysta hana, jafnvel betri).

KORNFLEKS-MARENS
- 4 eggjahvítur
- 460 g sykur
- 40 g hveiti
- 2 tsk. lyftiduft
- 70 g konfleks

Sykur og egg þeytt saman, hveiti, lyftidufti og kornfleksi blandað varlega við. Sett á tvo hringi á smjörpappír. Bakað í 150˚C í 60 mín.

KREM
- 1/2 l rjómi
- 4 bananar

Rjómi þeyttur og banani stappaður saman við. Sett á milli botna degi áður en kakan er á boðstólnum.



KRANSAKÖKUTOPPAR
- 3 eggjahvítur
- 300 g strásykur
- 500 g kransakökumassi

Allt hrært lengi saman, um það bil 15 mínútur. Sprautað í toppa á smjörpappír. Sett inn í 200˚C heitan ofn, lækkað niður í 160˚C þegar kökurnar eru settar inn og bakað í 16 til 20 mínútur (eftir stærð toppa).

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

# FRAMTÍÐIN ER HÉR

***Það nýjasta í heimilistölvum!***

***Þú getur tengt tölvuna við sjónvarpið, farið á netið, tekið upp sjónvarpsdagskrána á harða diskinn, skrifað það sem þú vilt á DVD, skoðað fjölskyldumyndirnar eða -myndböndin, hlustað á útvarpsstöðvar og alla tónlist fjölskyldunnar af harða disknum – svo eitthvað sé nefnt!***



## Fujitsu Siemens
### Heimilistölva og afþreyingarmiðstöð

**FSC SCALEO C**
Intel®Pentium® 4 3.0 Ghz
512MB DDR minni (2X 256, mest 2GB)
200 GB 7200sn. diskur
DVD skrifari
Media Bay kortalesari
6x USB 2.0 (2 að framan), Firewire
Vandaðir hátalarar með bassaboxi
Sjónvarpskort og fjarstýring
Þráðlaust netkort
Windows Media Center 2005
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

**10.825** kr. á mán.*
*Vaxtalausar greiðslur til 12 mánaða
**Heildarverð 129.900 kr. m/vsk**



## Fujitsu Siemens
### Öflug vinnustöð
**í leik og starfi**

SCALEO T, tölva og flatskjár
17" svartur og vandaður flatskjár
AMD Athlon` 64 3400+
1GB DDR minni Dual Channel
250GB 7200sn. S-ATA diskur
ATI RADEON 9600XT 256MB
- Video in/Video out, DVI tengi
DVD ± R/RW Dual Layer
DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari
Þráðlaust netkort 54Mbps
Firewire tengi og 6 USB 2.0
Nettir hátalarar
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús
Windows XP Home SP2
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum
**Öflugur hugbúnaðarpakki fylgir með!**

**12.491** kr. á mán.*
*Vaxtalausar greiðslur til 12 mánaða
**Heildarverð 149.900 kr. m/vsk**



KAUPAUKI



**Fylgir með öllum AMILO og SCALEO tölvum út mars.**
**Vandaður Sweex MP3 spilari með 256MB minni, að verðmæti 7.990 kr.**

FABRIKAN

Tæknival

SAMSTARFSAÐILAR:
Stefna - Akureyri - www.stefna.is / Tölvuþjónusta Vesturlands - Borgarnes - tvest@simnet.is
Netheimar - Ísafjörður - www.netheimar.com / Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolvur.com
Tölvuþjónusta Vals - Keflavík - tvals@mi.is / Tölvu- og tækjabúðin - Ólafsvík
Martölvan - Höfn í Hornafirði - www.martolvan.is

SKEIFUNNI 17
SÍMI: 550 4000
www.taeknival.is

## Gátlisti fyrir ferminguna

***Hér eru nokkur atriði sem gætu gleymst. Klippið þennan lista út og hengið á ísskápinn. Krossið svo út eða skrifið athugasemdir eftir því sem við á:***





- ☐ Bauðstu öllum sem þú ætlaðir að bjóða? Það er ekkert að því að hringja í fólkið sem gleymdist.
- ☐ Athugaðu stöðuna á blómavösum á heimilinu. Er nóg til?
- ☐ Hvar á að setja gjafirnar?
- ☐ Áttu nóg af bollum, glösum, hnífapörum, diskum, fötum, spöðum?
- ☐ Veit fermingarbarnið af hverju það er að fermast?
- ☐ Er búið að skrautskrifa í gestabókina?
- ☐ Hver ætlar að gæta barna sem eru of ung til að hægt sé að hafa þau með í kirkjunni?
- ☐ Á öll fjölskyldan hrein og straujuð sparíföt fyrir daginn?
- ☐ Er búið að útnefna ljósmyndara til að festa atburðinn á spjöld fjölskyldusögunnar?
- ☐ Hvar á að geyma yfirhafnir?
- ☐ Er búið að útnefna skrásetjara gjafa (gjarna yngra systkini eða frændfólk)?
- ☐ Er búið að panta köku?
- ☐ Hver ætlar að sækja hana?
- ☐ Er nóg pláss í ísskápnum fyrir veitingar?
- ☐ En í eldhúsinu?
- ☐ Er búið að hugsa út í borðskreytingar? Servíettur? Kerti?
- ☐ Er nóg af stólum?
- ☐ En borðum sem hægt er að borða við?
- ☐ Hvar eiga gestir á barnsaldri að vera þannig að þeir skemmti sér en trufli ekki hina fullorðnu?
- ☐ Hvar verða gæludýrin?







Gígja Hilmarsdóttir og Sigrún Bergþórsdóttir fermast í Fríkirkjunni í Hafnarfirði í maí.

# Skemmtilegast að velja fötin

***Um miðjan maí fermast þær Sigrún Sesselja og Gígja í Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Þær hlakka til og undirbúningurinn er í fullum gangi.***

Vinkonurnar Sigrún Sesselja Bergþórsdóttir og Gígja Hilmarsdóttur fermast saman í Fríkirkjunni í Hafnarfirði 15. maí. Af því tilefni hitti blaðamaður þær vinkonurnar heima hjá Gígju í miðbæ Hafnarfjarðar og mæður þeirra, þær Helga Guðlaug Einarsdóttir kennari, mamma Sigrúnar, og Sóley Elíasdóttir leikkona, mamma Gígju, sem einnig eru vinkonur eru líka viðloðandi spjallið að hluta.

Sigrún og Gígja hafa verið í fermingarfræðslu í vetur og hafa líka mætt í messur. Þær segja að rætt hafi verið um lífið og tilveruna í fermingarfræðslunni, til dæmis hafi komið hjúkrunarfræðingur og frætt þau um alnæmi. Fermingarbarnahópurinn styrkti líka indverskan dreng til náms við góðar undirtektir. „Það gáfu allir peninga í þetta," segir Gígja.

Stelpurnar eru báðar farnar að undirbúa ferminguna heima fyrir. Sigrún er búin að fá fötin, fallegan hvítan kjól og forláta kúrekastígvél. Gígja er ekki búin að fá sér fötin enn þá en segist samt vera búin að ákveða hvernig þau eiga að vera. „Ég ætla að fermast í kúrekastígvélum, ég er alla vega búin að ákveða það," segir hún.

Ekki stendur á svari þegar stelpurnar eru spurðar hvað þeim finnst skemmtilegast við fermingarundirbúninginn. „Kaupa fötin og skipuleggja veisluna, skrautið og matinn," segir Sigrún. „Það er skemmtilegast að fá föt," segir Gígja.

Þær hafa miklar skoðanir á matnum í veislunni. Gígja ætlar að hafa hádegismat og Sigrún ætlar líka að hafa mat. „Samt verður örugglega hellingur af kökum," segir hún og Gígja tekur undir: „Ég vil bara ekki hafa snittur og ekki lúðusalat. Ég vil bara hafa það sem mér finnst gott."

*„Ég ætla að fermast í kúrekastígvélum, ég er alla vega búin að ákveða það,"*

Sigrún segir að ekki sé búið að ákveða hvort fermingarveislan hennar verði heima eða í sal. Hana langi meira að vera í sal en mamma hennar vilji hafa fermingarveisluna heima. Hins vegar er ákveðið að fermingarveisla Gígju verði haldin heima og þannig vill hún hafa það sjálf. „Mér finnst skemmtilegra í þannig veislum," segir Gígja. Á mæðrunum er að heyra að þeim finnist mesta stemmningin vera að halda fermingarveislu heima, að undirbúa heimilið undir að taka á móti mörgum gestum og líka að standa sjálfur að veitingum með góðri aðstoð fjölskyldu og vina.

Þær Helga og Sóley ætla til dæmis að hjálpast að með ákveðna hluti þannig að hvor um sig útbúi veitingar fyrir báðar veislurnar. „Ég vil bjóða meira en hundrað manns en mamma vill minnka þetta," segir Sigrún og kímir og Gígja segir að það verði frekar fjölmennt hjá sér en örugglega ekki hundrað manns.

Stelpurnar eru sammála um að peningar séu góðar fermingargjafir og greinir þar nokkuð á við mæður sínar sem nefna til sögunnar alls kyns nytsamlega hluti sem sniðugt gæti verið að fá. Þær fallast þó á að orðabækur gætu komið að góðu gagni, sömuleiðis eru þær sammála um að rúm sé góð gjöf en það eigi helst að vera vel stórt. Þeim þykir hins vegar lítið til þess koma að fá svefnpoka, sem veldur furðu bæði mæðra og blaðamanns.

Fermingarfræðslunni er lokið og stelpurnar eru spurðar að því hvað þeim finnist standa upp úr eftir veturinn. Enn stendur ekki á svari og nú hjálpast þær að við að segja frá því þeim er niðri fyrir. „Það var þegar okkur var skipt upp í stóra og litla hópa og þau sem voru í litlum hópi fengu margar fullar skálar af poppi en við vorum mjög mörg saman í hóp og fengum eina litla bastskál með pínulitlu poppi og áttum að skipta því á milli okkar. Það var verið að sýna okkur misskiptinguna í heiminum."

# Fallegt að senda skeyti

***Skeytasendingum hefur fækkað en enn er þó talsvert úrval af fermingarskeytum fyrir þá sem vilja halda í hefðina.***

Fjöldi fermingarskeyta var í eina tíð fastur liður á hátíðardegi fermingarbarnsins, og börnin oft tilbúin með þar til gerðar möppur undir skeytin. Enn er nokkuð um að fólk sendi símskeyti, en með nýrri tækni hefur þó heldur dregið úr skeytasendingum og kveðjur með tölvupósti og SMS-skilaboðum hafa komið í staðinn.

Þeir sem vilja senda skeyti upp á gamla mátann geta enn hringt í ritsímann í síma 1446 og sent skeyti þaðan. Ritsíminn býður líka upp á þjónustu á netinu, á siminn.is, og þar er hægt að sjá hvaða myndir eru í boði. Hægt er að velja á milli 26 skeyta og kennir margra grasa. Myndirnar geta verið þjóðlegar, með fallegum landslagsmyndum, íslenska fánanum eða Bessastöðum, en fyrir þá sem vilja bregða á leik eru skeyti með mynd af „Strákunum" skemmtilegur kostur. Skeyti í gegnum ritsímann kostar 730 krónur, en í gegnum netið 830 krónur.

Skátarnir bjóða enn upp á skeytasendingar en samkvæmt upplýsingum frá þeim hefur dregið úr notkun þjónustunnar nema úti á landi þar sem hefðin er sterk. Þar er þá hringt í viðkomandi skátafélag, sem sér um þjónustuna. BÍS hefur í nokkur ár boðið til sölu þrjár gerðir af skátaskeytum og er um tvenns konar þjónustu að ræða. Hægt er að hafa samband í síma 550-9800 við skrifstofu BÍS, sem sér síðan um að senda skeytið til viðtakanda í pósti. Skeytin eru póstlögð næsta virka dag eftir að þau eru pöntuð. Sending á einu skeyti kostar 700 krónur. Þá er hægt að fara inn á vef Bandalags íslenskra skáta og senda skeytið þaðan.



Úr mörgum myndum er að velja hjá ritsímanum.



**Duni**
**- góð hugmynd fyrir hátíð í bæ**

Skemmtileg borðskreyting undirstrikar andrúmsloft borðhaldsins.

Servíettur, kerti og dúkar frá Duni fylla myndina og gefa þann blæ sem þú leitar eftir.

Nýttu þér hugmyndirnar í bæklingi frá Duni.

Duni

andrúmsloft • gæði • stíll • servíettur • kerti • dúkar




UMBOÐSMENN UM LAND ALLT


FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Karli finnst merkilegt að krakkar í Noregi fermist fjórtán ára en megi ekki skrá sig úr þjóðkirkjunni fyrr en þeir hafa náð átján ára aldri.

# Skaðbrann daginn fyrir fermingu

***Karl Ingi Karlsson, söngvari og forritari í hljómsveitinni Dáðadrengjum, fermdist árið 1995 í Áskirkju. Hann átti ekki sjö dagana sæla fyrir ferminguna og er feginn að sá atburður var ekki festur á filmu.***

„Þessi athöfn var náttúrlega merkileg á þeim tíma en ég fermdist bara því allir aðrir gerðu það. Ég hef aldrei verið sérstaklega trúaður þannig að ég fylgdi bara flæðinu. Ég fékk smá pening og var ánægður með það. Reyndar fengu margir í kringum mig tvö eða þrjú hundruð þúsund en ég fékk bara fimmtíu þúsund krónur, sem var fínt,“ segir Karl sem lagði peningana þó ekki inn í bók og safnaði vöxtum.

Við tal um fermingardaginn rifjast upp fyrir Karli hvimleið minning sem hann vildi helst gleyma. „Daginn áður en ég átti að fermast var ég neyddur í ljós. Ég skaðbrann og gat ekkert sofið um nóttina af því að húðin flagnaði af mér. Ég hef líklega ekki verið nógu sætur fyrir mömmu og þess vegna sendi hún mig í ljós. Ég hef ekki farið í ljós síðan og ég er mjög feginn að það voru engar myndir teknar af mér á fermingardaginn,“ segir Karl en móðir hans sleppti því að mála hann. „Það hefði verið frekar svalt að vera málaður og ég held að við ættum að reyna að koma því á að strákar séu málaðir í fermingunni.“

„Ég fékk fullt af drasli í fermingargjöf eins og skrautskriftarpennasett – hvað á ég að gera við það?“ spyr Karl þegar blaðamaður spyr hann út í fermingargjafirnar. „Ég fékk reyndar utanlandsferð frá frænku minni sem átti heima í Lúxemborg á þessum tíma. Ég fór að heimsækja hana og það var algjör ævintýraferð.“



# Býður upp á kjúklingabringur og nammi

***Aron Ingi Agnarsson hefur valið allt sjálfur hvað viðkemur fermingunni og veislunni.***

Aron Ingi Agnarsson fermist í Grindarvíkurkirkju á skírdag og segist hlakka alveg rosalega til. Hann hefur tekið virkan þátt í undirbúningnum og tekið sjálfur ákvarðanir um minnstu smáatriði.

„Fyrir veisluna valdi ég alla uppáhaldsréttina mína sem mamma býr til,“ segir Aron Ingi og bætir við að mestu skipti að á veisluborðinu séu kjúklingabringur og nammi.

Hann valdi einnig servíetturnar á borðin og litina sem verða allsráðandi í veislunni, blár og límónugrænn. „Ég þurfti að skoða svolítið til að sjá hvað ég vildi, mér fannst það svo sem ekkert leiðinlegt en ekkert gaman heldur,“ segir Aron Ingi sem þykir það mikilvægt að hann velji allt sjálfur, enda sé þetta hans veisla.

„Ef mamma hefði bara ráðið þessu þá hefði allt bara orðið bleikt,“ segir Aron Ingi og hlær.

Aron Ingi segist ekki hafa haft nokkrar efasemdir um að fermast og hann sé með trúmálin á hreinu, enda fékk hann 10 í trúarbragðafræði í skólanum tvisvar í röð. „Það ætti ekki að vera neitt mál að fermast,“ segir Aron Ingi.

Hvað fermingargjafirnar varðar segist hann helst vilja fá pening. „Ég er að safna mér fyrir tölvu og síma,“ segir Aron Ingi ákveðinn og augljóslega með hlutina á hreinu.



## BUFFALO KJÚKLINGAVÆNGIR

Einn af eftirlætisréttum Arons Inga. Buffalo vængir eru sterkir kjúklingavængir sem bornir eru fram með gráðaostasósu og sellerí.



1. Taktu kjúklingavængina og skerðu þá í sundur á liðamótunum þannig að tvö stykki verði til úr hverjum væng.
2. Raðaðu þeim á ofngrind og settu í 180 gráðu heitan ofn í 35-45 mínútur.
3. Taktu þá út og penslaðu 2–3svar með buffalo wings sauce (fæst í krukkum í matvöruverslunum).
4. Settu þá aftur inn í heitan ofninn í 35-55 mínútur.
5. Rétt áður en þeir eru teknir úr ofninum er tilvalið að láta þá standa undir grillinu í smá stund.

Ef þú vilt undirbúa þetta deginum áður er sniðugt að fara í gegnum atriði 1-3 og láta þá svo standa í ísskáp í sósunni yfir nótt. Þannig að daginn eftir er nóg að setja þá inn í ofn til að hita þá. Það getur líka verið ágætt að pensla svo aðeins yfir með sósu áður en þeir eru bornir fram.

GRÁÐAOSTASÓSA
1 dós sýrður rjómi
1 gráðaostur
Gráðaosturinn er mulinn og blandaður saman við sýrðan rjóma.

Berðu vængina fram með gráðaostasósunni og sellerístöngum sem gott er að dýfa í sósuna. Settu líka stafla af servíettum við hliðina á því puttarnir verða klístraðir.

www.utilif.is



Flott hugmynd að fermingargjöf

Kira 3
Frábært kúlutjald með stóru fortjaldi.
Fermingartilboð
8.990 kr.
Verð áður 10.990 kr.
Tjöld frá 5.990 kr.

Smáralind
Sími 545 1550
Glæsibæ
Sími 545 1500
Kringlunni
Sími 575 5100

ÚTILÍF

# Fermingartilboðin
# -í fullum gangi!!

Betra BAK







## Þar sem gæðin ná í gegn

Crown heilsudýna
með botni og löppum

80x200 cm ~~Verð áður kr. 56.164~~ Nú kr. 47.900
90x200 cm ~~Verð áður kr. 59.478~~ Nú kr. 49.900
100x200 cm ~~Verð áður kr. 66.287~~ Nú kr. 56.900
120x200 cm ~~Verð áður kr. 76.466~~ Nú kr. 64.900

**Val um rúmgafla í mörgum stærðum og gerðum**
**Verð gafls frá kr. 15.900,-**

## fatboy letipokar

www.design.is @ 2004








Betra BAK

*Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is*
*Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16*



Séra Jakob Rolland segir ferminguna ekki bundna við vorið heldur sé það undir biskupnum komið hvenær fermt sé – enda er það alltaf biskupinn sem annast ferminguna.

# Öll kaþólsk fermingarbörn verða að kunna að skíra

***Um það bil sextíu einstaklingar fermast til kaþólskrar trúar hérlendis á ári hverju. Fermingin er sakramenti sem gefur fermingarbarninu gjöf eða innsigli heilags anda.***

Safnaðarlíf í kaþólsku söfnuðunum hér á landi er mjög blómlegt og þar er fermingin afar þýðingarmikil. Séra Jakob Rolland er prestur kaþólsku kirkjunnar á Íslandi. Hann hefur dvalið hérlendis í 20 ár og þjónar nú við St. Jósefskirkju í Hafnarfirði.

„Hjá okkur er fermingin sakramenti en ekki einungis endurnýjun skírnarheitanna. Sakramentið veitir fyllingu heilags anda á svipaðan hátt og gerðist á hvítasunnu hjá postulunum. Sakramentið gefur fermingarbarninu gjöf eða innsigli heilags anda," segir séra Jakob spurður um muninn á fermingu í lútersku og kaþólsku.

Hann segir fermingarbörnin verða að kunna skil á grundvallaratriðum trúarinnar og kunna að skíra. „Í þjóðkirkjunni er stundum talað um að ferma börn upp á faðirvorið en hjá okkur verða þau líka að kunna að skíra því í neyðartilfelli verða allir kaþólskir menn að geta það. Þau læra einnig nokkrar bænir en mikilvægast er að vera virkur í sinni trú, taka þátt í safnaðarlífi og mæta í messu."

Fermingaraldurinn í kaþólskum sið er misjafn eftir löndum en að sögn séra Rollands er til siðs að miða ferminguna við fjórtán ára aldur hér á landi. Að jafnaði eru um sextíu einstaklingar fermdir árlega að kaþólskum sið, bæði börn og fullorðnir.

„Við bindum okkur ekki við vorin heldur er það tími biskupsins sem ræður því hvenær fermt er. Það er alltaf biskupinn sem fermir vegna þess að biskuparnir eru eftirmenn postulanna og gjöf heilags anda tengist postulunum sem fengu hann fyrstir á hvítasunnunni. Það voru þeir sem með handayfirlagningu gáfu áfram þessa gjöf og því við hæfi að eftirmenn þeirra, biskuparnir, gefi hana við ferminguna. Fermingin var kölluð biskupun í gamla daga og fyrir siðaskipti var talað um „að biskupa" fólk. Það heyrir til undantekninga ef það er ekki sjálfur biskupinn sem fermir."

Séra Jakob segir athöfnina fara þannig fram að biskupinn leggur hendur yfir börnin og fer með fermingarbæn sem er ákall um heilagan anda. Svo gerir hann krossmark á enni barnsins með heilagri olíu sem er þá eins konar smurning. Altarissakramentið er alltaf veitt í messunni hjá okkur svo það er ekki sérstakt fyrir ferminguna en vissulega taka fermingarbörnin þátt í því að meðtaka blóð og líkama Krists."

# Með fermingarpeningana í stelpuleit

***Steindór Hjörleifsson leikari reri líka til fiskjar nóttina eftir ferminguna.***

„Ég man þetta varla lengur, það er svo óralangt síðan ég fermdist," segir Steindór Hjörleifsson leikari, en reiknar út að fermingarárið hans hafi borið upp árið 1939. „Ég átti heima vestur í Hnífsdal og við vorum ekki nema tveir sem fermdumst saman. Við fórum inn á Ísafjörð í fermingarfræðsluna, ég man vel eftir prestinum, séra Marinó Kristinssyni, sem var nýbyrjaður og söng afskaplega vel. En þetta var allt minna í sniðum í þá daga og fermingarveislan lítið kaffiboð með nánustu fjölskyldu og engar stórkostlegar gjafir. Kaupmenn höfðu engan hag af fermingum á þessum tíma þó börn fengju yfirleitt ný föt og klippingu."

Steindór var á fermingarárinu sínu farinn að róa til fiskjar með pabba sínum og hélt af stað í róður nóttina eftir ferminguna. „Þetta var á kreppuárunum og tíðkaðist að strákar á þessum aldri væru farnir að vinna af kappi."

Þótt fermingarveislan sé Steindóri ekki mjög minnisstæð átti hann skemmtilegan fermingardag. „Það gekk leigubíll milli Ísafjarðar og Hnífsdals og einhverja fermingarpeninga höfðum við fermingarbræðurnir fengið. Peningana notuðum við strax á fermingardaginn, keyptum okkur far með leigubílnum og fórum inn á Ísafjörð til að skoða fermingarstelpurnar nánar. Við fengum auðvitað ekkert út úr því, það sást ekki tangur né tetur af stelpunum sem voru bara hjá sínum fjölskyldum að halda upp á ferminguna."



Steindór tók leigubíl inn á Ísafjörð til að skoða stelpur á fermingardaginn.

Steindór segir að þrátt fyrir að fermingarundirbúningur og tilstandið hafi aukist sé fermingin alltaf jafn falleg. „Hvað getur verið fallegra en fermingarbarn?" segir hann. „Þetta er alltaf jafn yndisleg athöfn og fegurðin einstök í unga fólkinu okkar."






# FÁÐU GOTT START!

Hlutir sem okkur langar í núna eru oft fljótir að úreldast. Sjóður með góðri ávöxtun gefur þér gott start út í lífið. Kannski verður sjóðurinn lykillinn að fyrsta bílnum þínum, draumaferðalagi eða jafnvel íbúð. **Framtíðarsjóður Sparisjóðsins** er góður kostur til að ávaxta fermingarpeningana þína sem best.

**Ef lagðar eru inn 5000 kr. eða meira við stofnun Framtíðarsjóðsreiknings bætir Sparisjóðurinn 2000 kr. við.**

- **Frábær ávöxtunarleið**
- **Verðtryggður**
- **Fyrir 15 ára og yngri**
- **Bundinn til 18 ára aldurs**

SPARISJÓÐURINN

*– fyrir þig og þína*

Fiton/SÍA

**www.spar.is**



Kolbrún segir pappírsrósir eitt af því sem gefi veisluborðinu fallegan svip.

# Límónugrænn er tískulitur vorsins

***Blóm, kerti, servíettur og aðrar skreytingar eru nauðsynlegar á veisluborðið í fermingarveislu. Alltaf er viss tíska í þessum skreytingum og spurning hver er litur ársins í ár.***

Lime-grænn litur virðist vera aðalmálið í fermingarveislunum í ár samkvæmt starfsmönnum Blómaverslunar Michelsen í Lóuhólum í Breiðholti. „Blómin sem eru í tísku eru gerberur, túlípanar og nellikur en einnig eru rósirnar alltaf klassískar. Helstu litirnir eru límónugrænt, sægrænt og appelsínugult. Allt mjög skærir litir og afskaplega sumarlegir,“ segir Kolbrún Ingólfsdóttir, sem sér um útstillingarnar í versluninni og bætir við að límónugrænn sé langvinsælastur. „Það er rosalega flottur litur og fer afskaplega vel á borði. Alveg meiriháttar.“ „Fólk er mikið byrjað að spá í fermingarblómin og skreytingar og vill endilega hafa allt í stíl,“ segir Kolbrún en Michelsen selur einnig kerti, servíettur og skreytingar. „Það er hægt að fá allt saman hjá okkur á veisluborðið. Við erum með kerti sem við skrifum á og einnig servíettur. Síðan erum við með nokkrar tegundir af skreytingum en það vinsælasta núna eru fiðrildi, bæði í stykkjatali og lengjum. Einnig erum við með lengjur með litlum bréfrósum úr endurunnum pappír sem fást í fjórum litum, límónugrænu, kremhvítu, ljósfjólubláu og appelsínugulu. Þannig skreytingar setja voðalega fallegan svip á borðið,“ segir Kolbrún.
















## RICE KRISPIES KRANSAKAKA

Vegna mistaka sem urðu í innslætti á uppskrift að Rice krispies kransaköku í síðasta fermingarblaði birtist hún hér aftur leiðrétt.



2x240 g Petit ekta suðusúkkulaði
(eða hjúpsúkkulaði)
1 lítil dós síróp
(þessar grænu)
150 g smjör
230 g Rice krispies

Súkkulaðið, smjörið og sírópið er brætt saman við vægan hita. Rice krispies er hrært út í. Síðan er þetta sett í kransakökuform þar sem hver hringur fyrir sig hefur verið fóðraður með plastfilmu. Setja þarf formin meira en sléttfull og þrýsta deginu vel saman þannig að hringirnir verði sem þéttastir. Síðan eru hringirnir látnir kólna, til dæmis yfir nótt, og síðan límdir saman með doppum af bræddu súkkulaði. Kökurnar eru skreyttar að vild.

## SÍGILDUR RÆKJURÉTTUR

Kaldir brauðréttir eru alltaf vinsælir á hlaðborð, hvort sem um er að ræða kaffiveislu eða kalt matarborð.

200 g rækjur
4 sneiðar skinka
3 harðsoðin egg
1 dós sýrður rjómi 5 msk. majones
3 msk. franskt sinnep
2 tsk. karrí
6 brauðsneiðar (heilhveiti- eða franskbrauð)
1/2 dós kurlaður ananas
Grænmeti til skrauts og jafnvel harðsoðin egg

Eggin eru skorin smátt og hrærð út í sýrða rjómann, majonesið, sinnepið og karríið. Hluti af hrærunni er settur í botninn á formi eða fati. Brauðsneiðarnar lagðar ofan á. Ananasinum, ásamt safanum, dreift yfir. Skinkan sem skorin hefur verið í smábita kemur næst. Þar ofan á afgangurinn af hrærunni sem fyrst var búin til. Þá loks er komið að rækjunum. Þeim er raðað fallega yfir allt saman og fatið skreytt með tiltæku grænmeti og jafnvel eggjabátum.




2.980 kr. á mánuði*



**Kodak EasyShare CX7330**
- 3,1 milljón pixla
- 3x optískur og 3,3 x stafrænn aðdráttur
- Kodak linsa
- 1.6" skjár
- Video með hljóði
- Auðveld í notkun
- **Verð aðeins: 14.900 kr**

**Kodak EasyShare LS755**
- 5 milljón pixla
- 3 x optískur og 6 x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- Frábær 2,5" skjár
- Lithium Ion rafhlaða
- Tengistöð fylgir
- 22 tökustillingar
- **Verð: 49.900 kr**



9.980 kr. á mánuði*

Fermingar &
PÁSKATILBOÐ



5.980 kr. á mánuði*

**Kodak EasyShare LS743**
- 4 milljón pixla
- 2,8x optískur og 3,6x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- 1,8" skjár
- Video með hljóði
- Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki
- Lítil og nett
- **Verð: 29.900 kr**

**SAMSUNG Digimax A-400**
- 4.0 miljón pixlar
- 2,8x optískur og 4x stafrænn aðdráttur
- 2" gæða skjár
- Video með hljóði eins og kort leyfir
- 16MB innra minni
- PictBridge
- AA hleðslusett fylgir
- **Verð: 19.950 kr**

3.990 kr. á mánuði*



* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða

HANS PETERSEN

Kodak EXPRESS GÆÐAFRAMKÖLLUN

Laugavegi 178 • Kringlunni • Smáralind • Bankastræti • Austurveri ▪ **Myndval í Mjódd** ▪ **Filmur og framköllun**, Firði, Hafnarfirði
**Framköllun Garðabæjar** ▪ **Hljómval**, Keflavík ▪ **Siglómyndir**, Siglufirði ▪ **Pedromyndir**, Skipagötu 16 • Glerártorgi, Akureyri
**Bókaverslun Andrésar Níelssonar**, Akranesi ▪ **Bókaverslun Brynjars**, Sauðárkróki ▪ **Bókverslun Jónasar Tómassonar**, Ísafirði



Handsmíðaðir skartgripir
til fermingargjafa



ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR



Skólavörðustíg 3
Sími: 551 0036

# EINSTÖK FERM

www.tolvulistinn.is




## FÁÐU MEIRA AF ÖLLU M

**3.4GHz ÖRGJÖRVI**
3.4GHz Intel P4 550 LGA örgjörvi með 1MB í flýtiminni og 800MHz FSB+HT. Einn sá öflugasti í dag

**200GB HARÐDISKUR**
Serial ATA150 harðdiskur frá Western Digital með 8MB buffer og ofur hljóðláta Fluid Bearing tækni

**17" LCD SKJÁR**
Ótrúlega nettur skjár, 450:1 í skerpustig og 16ms hraði fyrir óaðfinnanleg gæði í leikjum

**512MB DDR2**
Dual DDR2 533MHz minni frá Corsair með lífstíðarábyrgð og 30% meiri hraða en eldri DDR minni

**256MB GEFORCE 6**
MSI GeForce6 nx6600 skjákort með CineFX 3.0, ótrúleg grafík í leiki og enn meiri hraði með PCI-Express 16x

**16xDVD SKRIFARI**
Glæsilegur 16x DVD skrifari, skrifar bæði +/- staðla og Dual Layer diska á allt að 4x, hugbúnaður fylgir

## ÖNNUR ACE SPECIAL EDITION FERMINGARTILBOÐ

**ACE SE P4 2800**
2.8 GHz Celeron Prescott örgjörvi • 512MB DDR 400MHz minni • 200GB harður diskur • 16xDVD±/DL 4x skrifari 17" CRT skjár • 128MB GeForceFX skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku
VL18
**VERÐ 99.900**
KR. 5.550 Í 18 MÁNUÐI

**ACE SE P4 3000**
3.0 GHz Intel P4 Prescott örgjörvi • 512MB DDR 400MHz minni • 200GB harður diskur • 16xDVD±/DL 4x skrifari 17" LCD skjár • 128MB GeForceFX skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku
VL15
**VERÐ 129.900**
KR. 8.660 Í 15 MÁNUÐI

**ACE SE K8 3400**
3400+ AMD Athlon64 örgjörvi • 512MB DDR 400MHz minni • 200GB harður diskur • 16xDVD±/DL 4x Nec skrifari 17" LCD skjár • 256MB GeForce6 skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku
VL15
**VERÐ 149.900**
KR. 9.993 Í 15 MÁNUÐI

Tölvulistinn • Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • Sími 562 6730 | Tölvulistinn • Glerárgötu 36

# INGARTÖLVA




## EÐ ACE SPECIAL EDITION

### 7.1 DOLBY DIGITAL

Frábært 7.1 Dolby Digital 24 bita EAX2 hljóðstýring sem skilar einstökum hljómgæðum í leikjum og myndum

### RISA PÁSKAEGG

Með öllum tölvutilboðum fylgir risavaxið handgert páskaegg frá Nóa Síríus meðan birgðir endast

### SJÓNVARPSKORT

Vandað KWorld sjónvarpskort með fjarstýringu og vönduðum hugbúnaði fylgir þessu tilboði

### 7.1 HÁTALARAR

Glæsilegt og öflugt T7700 hátalarakerfi frá Creative með 7 hátölurum og stóru bassaboxi.

### WINDOWS XP

Veldu hvort þú villt íslenskt eða enskt viðmót í Windows XP home stýrikerfinu án aukakostnaðar

### SPECIAL EDITION

ACE SE kemur í álturni með nær hljóðlausum aflgjafa, PRO mús, lyklaborði og gel músarmottu

# VERÐ 179.900

Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndabrengl

VL VAXTALAUS TILBOÐ

MasterCard VISA

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við 6, 9, 12, 15 eða 18 mánaða jafnar greiðslur á Vísa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við heildarupphæðina sem dreifist jafnt yfir samningstímann.

**TÖLVULISTINN**
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

600 Akureyri • Sími 464 7400 | Tölvulistinn • Hafnargötu 90 • 230 Keflavík • Sími 534 7400

DVD SPILARAR

FÍNAR FERMINGAGJAFIR



UNITED DVD5067

DVD MEÐ KARAOKE

DVD/CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/JPEG/MP3

DVD SPILARI fyrir öll kerfi með KARAOKE fyrir tvo hljóðnema, Dolby Digital AC3, DTS, NTSC yfir í Pal, RCA, Scart, Coax og Optical tengi og fjarstýringu.

VERÐ 6.990
FRÁBÆRT VERÐ

DVD VIDEO með DivX VIDEO



UNITED DVX4069

Vandaður fjölkerfa DVD SPILARI sem spilar öll kerfi og alla diska - einnig DIVX. Frábær kaup.

VERÐ 8.990
FRÁBÆRT VERÐ

DVD VIDEO með DivX VIDEO



PHILIPS DVP630

CD/DVD+RW/DVD-RW/SVCD/DivX/MP3/JPEG

Fjölkerfa DVD DivX SPILARI með Dolby Digital og DTS, Progressive Scan, Scart með RGB og SVHS tengi, RCA og Component (Y, Pb, Pr) tengi, Optical tengi, Coaxial tengi og 6 rása RCA hljóðútgangi, Digital Zoom, Smart Picture og Smart Sound, spilar Picture CD með Mp3 hljóði og fjarstýringu.

TILBOÐ 12.990
FULLT VERÐ kr. 19.990




DVD MEÐ UPPTÖKU

Spilar DVD, CD, DVD-R/RW, DVD+R/RW, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3 og JPEG diska

UNITED DVR5076

TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 24.990

Fjölkerfa DVD SPILARI með allt að 6 tíma upptöku, (DVD+R/RW) HQ/SP/LP/EP/EP+ upptökumöguleikum, Progressive Scan, Dolby Digital upptöku DV, Scart, SVHS, AV, RF inn og Scart, SVHS, AV og RF út, Coaxal og Optical tengi. AV- og Scartkaplar og fullkominnfjarstýring fylgja.



DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, CD, CD-R/RW, MP3, JPEG

PHILIPS DVP620VR

Fjölkerfa DVD Spilari og MYNDBANDSTÆKI með DolbyDigital, DTS, Nicam Stereó, Longplay og NTSC afspilun, RCA að framan, 2 Scart með RGB og SVHS, RCA Audio út, Optical, Coaxial og fjarstýringu.

TILBOÐ 23.990
FULLT VERÐ kr. 29.990

SJÁ ALLT ÚRVALIÐ Á WWW.SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2005

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. Tónborg, Kópavogi. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. KF Húnvetninga, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

HUGVERKAsmiðja



# Guð gæti allt eins verið kona

*Marta Ólafsdóttir er ein af þremur stúlkum sem fermast í Kvennakirkjunni í ár, en hún fermist 16. apríl. Hún hefur alltaf verið ákveðin í að fermast og valdi Kvennakirkjuna af því systir hennar fermdist þar fyrir nokkrum árum og líkaði vel.*



Marta Ólafsdóttir fermist í Kvennakirkjunni og er ánægð með að hafa eitthvað um athöfnina sjálfa að segja.

„Ég fermist af því ég trúi á guð en ég viðurkenni alveg að gjafirnar hafa einhver áhrif. Þær eru þó sannarlega ekki aðalatriði,“ segir Marta, sem þykir fermingarfræðslan skemmtileg og ekki síst að fræðast um konurnar sem fylgdu Jesú. „Þær taka það líka með í Kvennakirkjunni að guð gæti verið kona, sem er hugmynd sem mér líkar vel.“

Marta segist telja sig femínista. „Það hefur gerst smátt og smátt og svo er margt sem má betur fara í jafnréttismálum. Mér finnst til dæmis alveg fáránlegt að konur fái lægri laun en karlar fyrir sömu vinnu. Ég á auðvitað eftir að skoða þessi mál betur og er til dæmis enn ekkert farin að ákveða hvað ég læri í framtíðinni, enda nógur tími til stefnu. Mig langar í augnablikinu að læra dýrafræði, en það kemur allt í ljós.“

Það er enn mánuður í fermingu Mörtu en hún er farin að skipuleggja daginn ásamt fjölskyldu sinni. „Ég fæ að ráða miklu varðandi mat og gesti og mig langar að hafa léttar veitingar heima.“ Aðspurð segist hún ekki vita hvort einhver skemmtiatriði verða í veislunni, en hún spilar sjálf á þverflautu og á marga að sem spila á hljóðfæri. „Ég býst að minnsta kosti ekki við að spila sjálf,“ segir hún hlæjandi.

Draumafermingargjöfin er iPod sem rúmar mikla tónlist á einum stað. „Mín tónlist er blanda af öllu mögulegu, ég er mikið fyrir góðar klassískar hljómsveitir eins og Bítlana og Stones og svo finnst mér líka Quarashi frábærir og allt þar á milli.

Það besta við að fermast í Kvennakirkjunni er að fá að ráða einhverju um athöfnina sjálfur. Það eru nokkrir sálmar valdir fyrir okkur en svo megum við líka velja tónlist og fá jafnvel einhvern til að syngja í kirkjunni. Ég er ekki búin að ákveða neitt um þetta en finnst samt svo gaman að geta haft eitthvað um athöfnina sjálfa að segja.“

Marta segir að flestar vinkonur hennar hafi ákveðið að fermast en þær séu nokkrar sem ekki trúa á guð og fermast ekki. „Þetta er bara val hvers og eins, það kom aldrei annað til greina fyrir mig og ég hlakka mikið til.“



Auður Eir með fermingarbörnum sínum í ár, Mörtu, Þorgerði og Erlu.

# Skraddarasniðnar fermingar

***Kvennakirkjan fermir í ár þrjár stúlkur sem allar fá að hafa áhrif á sína fermingarathöfn, enda fermast þær hver í sínu lagi. Strákar eru líka velkomnir í Kvennakirkjuna.***

Í Kvennakirkjunni fermast þrjár stúlkur í ár, en þrátt fyrir nafnið Kvennakirkja eru strákar að sjálfsögðu velkomnir í kirkjuna. „Þeir mættu gjarnan fermast hér hjá okkur, en hafa ekki enn þekkst boðið,“ segir Auður Eir Vilhjálmsdóttir, prestur Kvennakirkjunnar.

Ferming í Kvennakirkjunni er ekki mjög frábrugðin hefðbundnum fermingum, enda Kvennakirkjan innan Þjóðkirkjunnar. „Við byggjum auðvitað okkar kirkju á kvennaguðfræði og feminisma og leggjum áherslu á hvað þessar stelpur eru flottar manneskjur. Við fermum líka á laugardögum, sem kemur til af því að við þurfum að fá lánaðar kirkjur til athafnanna. Þetta finnst stelpunum bara skemmtilegt og af því þær eru svo fáar geta þær ráðið meiru um athöfnina. Í ár fermast þær ein í einu og athöfnin er í samræmi við vilja hverrar og einnar og fjölskyldnanna.“

# Ávextir og blóm á tertur

*Ótal möguleikar eru til að búa til skemmtilegar og fallegar skreytingar á tertu. Það eina sem til þarf er ímyndunarafl.*

Skreyting á tertum skiptir heilmiklu máli og því mikilvægt að vanda til verks. Það þarf alls ekki að vera flókið og þarf ekki meira en nokkra fallega og litríka ávexti sem er smekklega raðað á tertuna og þá er málið leyst. Jarðarber eru alltaf falleg á tertur, en það er einnig hægt að nota kíví eða bláber eða einhvern af hinum sérkennilegu nýju ávöxtum sem fást í stórmörkuðum. Sniðugt er jafnvel að velja ávexti eftir litum sem falla að servíettunum og kertunum sem notuð eru á veisluborðið. Málið er bara að leika sér aðeins og láta ímyndunaraflið ráða og þess vegna hægt að skreyta tertuna með lifandi blómum. Þannig er hægt að raða rósum, fjólum eða gleym-mér-ei blómum á tertuna, sem gerir hana sumarlega og líflega. Ef vafi leikur á hvort blómin séu hættuleg eða óæt er einfaldlega hægt að hringja í garðyrkjufræðing og spyrjast fyrir um það.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Markmið mitt er að verða stórstjarna



2741

Gefðu fermingargjöf sem vex

- hæstu vextir bankareikninga
- bundinn til 18 ára
- verðtryggður
- fyrir 15 ára og yngri
- engin þjónustugjöld eða þóknun

Inneign á **Framtíðarreikningi Íslandsbanka** er fermingargjöf sem vex og gerir krökkum dagsins í dag unnt að hrinda markmiðum og draumum framtíðarinnar í framkvæmd. Peningagjöf inn á Framtíðarreikning er frábær gjöf frá ömmum, öfum, frænkum, frændum, systkinum og vinum.

*Fermingarglaðningur:*
Þegar þú gefur fermingarbarninu 5.000 kr. eða meira í inneign á Framtíðarreikning bætir Íslandsbanki 2.000 kr. við.
*Tilboðið gildir til 31. mars 2005.*

ÍSLANDSBANKI | 100%





















Með væntanlegum fermingarbörnum í Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

# Látlaus, dýrmæt og gleðileg stund

***Séra Sigríður Kristín Helgadóttir hefur þjónað í Fríkirkjunni í Hafnarfirði frá árínu 2000. Hún er fjögurra dætra móðir og elsta dóttirin á að fermast á hvítasunnunni í vor. Séra Sigríður er fylgjandi því að dreifa fermingunum yfir vorið og sumarið og jafnvel alveg fram á haust.***

„Flest börn fermast í kringum páska en við fermum líka á sumardaginn fyrsta, á hvítasunnu og svo af og til alveg fram á haust. Við finnum vel að áreitið er ekki eins mikið þegar kemur fram á árið. Það er svona rólegra andrúmsloft,“ segir hún. Gagnrýni hennar beinist meðal annars að fjölmiðlum og öllum þeim sem senda póst inn um lúguna ýmist stílaðan á fermingarbarnið eða foreldra þess. Hún segist markvisst taka þennan póst til hliðar en þetta sé eitt af því sem fólk þurfi að taka afstöðu til. Aðspurð upplýsir hún að fjölskyldan sé byrjuð að ræða það hvernig haldið verði upp á fermingardag dótturinnar: „Hana langar að bjóða nánustu vinum og aðstandendum heim – þeim sem hún þekkir vel.“

Séra Sigríður segir fermingarundirbúninginn frábæran tíma sem auðvelt sé að nýta vel með börnunum enda sé hægt að hvetja þau til umhugsunar um margt gagnlegt, til dæmis hvað það skipti miklu máli að hlúa að sjálfum sér sem manneskju og velja rétt, því sá sem meti sjálfan sig geti miðlað til annarra.

Henni sárnar sú tortryggni sem henni finnst oft koma fram gagnvart börnum og þeirra játningu á fermingardaginn. „Við skyldum ekki gera lítið úr því sem börnin hugsa og þeirri trú sem þau bera í brjósti sínu. Aldrei er sagt við þann sem heldur upp á stórafmæli: „Þú ert nú bara að þessu fyrir gjafirnar“. Fermingardagurinn er stór dagur í lífi hvers og eins. Þá fær fermingarbarnið athygli og viðurkenningu á því að það sé mikilvægur einstaklingur í okkar samfélagi og hlýtur blessun og fyrirbæn fyrir framtíð sinni. Auðvitað höldum við upp á slíkan dag. Verðum bara að ákveða hvernig best er að gera það og vera skynsöm.“

Séra Sigríður kveðst sjokkeruð yfir sjónvarpsauglýsingu sem hefur birst á skjánum undanfarið þar sem fjármálafyrirtæki er að auglýsa sig vegna ferminganna og auglýsingin er tekin upp í kirkju. „Mér varð hugsað til þess þegar Jesú hreinsaði musterið af fjársýslumönnunum,“ segir hún. „Við verðum að hafa í huga þegar við notum kirkjuna sem bakgrunn að þetta er hús sem fólk á sínar viðkvæmustu stundir í lífinu í, bæði í gleði og sorg, og að vera með kjánaskap í guðshúsi getur sært fólk. Það er alveg ótrúlegt hvað við göngum langt í vitleysunni. Fermingin á að vera látlaus, dýrmæt og gleðileg stund fyrir barnið og alla fjölskylduna.“



Séra Sigríður með dóttur sinni og fermingarbarni, Ólöfu Eyjólfsdóttur.

gun@frettabladid.is

# Sinn er siður... ...í landi hverju

***Í Bandaríkjunum eru fermingarveislur eins mismunandi og þær eru margar en sú athöfn sem mest líkist íslenskri fermingu er bat mitzvah fyrir stúlkur og bar mitzvah fyrir stráka í gyðingdómi.***



Börn ganga til kirkju í þrjú ár í lúterskum söfnuðum. Í mörgum kalvínistareglum eru alls ekki gefnar gjafir og eru Bandaríkjamenn mun hófsamari í gjafakaupum en við Íslendingar. Áherslan er lögð á trúna og það sem gerist innan veggja kirkjunnar.

Aftur á móti halda kaþólikkar stórar veislur og gefa gjafir og virðist slíkt hafa færst í aukana á síðustu misserum. Í kaþólskum sið verður biskup að ferma og því er athöfnin bundin eftir áætlun biskups en ekki páskunum.

Stærstu veislurnar halda hins vegar gyðingarnir og jafnast þær næstum því á við brúðarveislur. Athöfnin á sér stað þegar gyðingur hefur náð þrettán ára aldri og eftir athöfnina er hann kominn í fullorðinna manna tölu. Ekkert er til sparað og hver fjölskylda eyðir eins og efni leyfa.

# Trónir á toppnum



***Löngum hefur tíðkast að skreyta kransakökur með styttum af fermingarbörnum. Það er þó alls ekki það eina sem hægt er að nota og jafnvel hægt að gera kökuna persónulegri og skemmtilegri með því að toppa hana með allt öðruvísi fígúrum. Hér er nokkar hugmyndir en möguleikarnir eru óteljandi.***



< BÝFLUGA Hún er tákn um vorið og lífgar mjög upp á tertuna enda er hún mjög sæt.

> ESMERALDA Margar litlar stúlkur sem nú eru um fermingu elskuðu Disney-teiknimyndirnar um Pocahontas og Hringjarann frá Notre Dame þar sem hún Esmeralda kom við sögu.





< RISAEÐLA Áhugafólk af báðum kynjum kann að meta risaeðluköku.

> DREKINN Táknar hugrekki, styrk og greind, allt saman gott veganesti fyrir fermingarbarnið út í lífið.

> APINN Hann er þekktur úr Disney-myndum en stafar líka frá sér friði í þessari hugleiðslustellingu.





## MÖNDLUMASSI AÐ HÆTTI HÚSSINS

Það er lygilega auðvelt og fljótlegt að búa til marsípan heima, svo framarlega sem maður hefur aðgang að matvinnsluvél. Auk þess er það talsvert ódýrara en að kaupa marsípanið tilbúið.

MÖNDLUMASSI
(ÖÐRU NAFNI MARSÍPAN)

200 g möndlur, heilar eða í flögum
100 ml (1 dl) flórsykur
100 ml (1 dl) strásykur
2-4 tsk. sítrónusafi (eftir smekk)
1 msk. appelsínu- eða apríkósumarmelaði ef vill
1 eggjahvíta

- Fínhakkið möndlurnar á rifjárninu í matvinnsluvélinni.
- Setjið svo möndurnar ásamt sykri og flórsykri í skálina í matvinnsluvélinni og maukið saman með hnífnum. Hellið eggjahvítu og sítrónusafa ofan í á meðan vélin er í gangi.
- Stöðvið vélina eftir 2-3 mínútur, hrærið upp í massanum, skafið vel meðfram köntunum og endurtakið.
- Takið möndlumassann upp með deigspaða, hnoðið vel saman á flórsykurstráðum fleti, mótið sívalning og pakkið þétt inn í bökunarpappír til geymslu í ísskáp.
- Gott er að taka massann út 1-2 klst. áður en á að fletja hann út, móta og nota. Hann geymist vel í a.m.k. 2 vikur.
- Þessi uppskrift gefur um 400 g af marsípani og hana má að sjálfsögðu margfalda eftir þörfum.



birta » FASTUR PUNKTUR




# Ánægjulegur dagur þrátt fyrir hettusótt

***Fermingardagurinn er söngkonunni Ingibjörgu Þorbergs eftirminnilegur, bæði fyrir það hversu hátíðlegur hann var og hitt að hún var orðin veik af hettusótt.***

„Ég hlakkaði óskaplega mikið til að fermast eins og sjálfsagt allir," segir Ingibjörg brosandi og heldur áfram að rifja upp minningarnar frá vorinu 1942. „Mamma fór með mig til saumakonu til að láta sauma á mig eftirfermingarkjól og fína kápu. Fram að því hafði hún saumað allt á mig sjálf. Ég var búin að fara í heitt permanent en var með afar þykkt hár og því þurfti að tvítaka þá aðgerð. En að morgni fermingardagsins var ég orðin eitthvað skrítin í hálsinum og hélt að ég væri að fá hálsbólgu. Það kom auðvitað ekki til greina að fresta fermingunni en mamma spurði hvort ég vildi ekki hætta við myndatökuna sem við vorum búnar að panta. Það kom ekki til greina af minni hálfu og þetta slapp allt saman.

Fermingin var í Dómkirkjunni og það var séra Friðrik Hallgrímsson sem fermdi mig. Ég átti heima í Skerjafirðinum á þessum tíma en húsið okkar var rifið stuttu seinna því það varð að víkja fyrir flugbraut. Við hliðina á húsinu okkar var girðing og hinum megin við hana höfðu hermenn aðsetur. Þegar þeir sáu mig koma heim í hvítum síðum kjól urðu þeir forvitnir og er þeim var sagt að ég hefði verið að fermast hentu þeir súkkulaði og ýmsu góðgæti yfir girðinguna. Svo var kaffi, kökur og tertur á borðum heima og ég man að mér þótti mjög gaman þennan dag. Þá voru ekki eins miklar gjafir gefnar og nú til dags í tilefni ferminga en ég fékk eflaust meira en margur annar. Ég fékk til dæmis nýjan sænskan Levin-gítar, vandaðan og góðan. Svo fékk ég úr og hálsmen, biblíu og passíusálma, allt dýrmætar gjafir. Ég átti orgel og lærði snemma á það. Spilaði oft fyrir fólk sem kom í heimsókn og ég gerði það í fermingunni líka. En um kvöldið var ég orðin ansi veik og daginn eftir þegar mamma náði í lækni uppgötvaðist að ég var með hettusótt. Það skyggði samt ekkert að ráði á fermingardaginn. Hann var ánægjulegur þrátt fyrir hettusóttina."


Enn er söngurinn hennar yndi og líf.

*gun@frettabladid.is*


Ingibjörg Þorbergs á fermingardaginn, vorið 1942. Litlu munaði að hún yrði að fresta myndatökunni því hálsinn var að bólgna að utan.


Ingibjörg á 75 ára afmælinu fyrir tveimur árum.



# Heimabakað ljúffengt gyðingabrauð

*Mikið getur sparast með því að baka eigið brauð fyrir veisluna. Challah er gyðingabrauð sem er einfalt að baka, bragðast vel og hentar með öllum mat.*



Allar hefðbundnar máltíðir gyðinga hefjast á því að brauð er brotið. Challah er ein tegund af brauði sem mikið er notuð á hátíðisdögum og á föstunni hjá gyðingum, en þetta er sætt brauð með eggjabragði. Brauðhleifurinn er yfirleitt fléttaður og er mjög fallegur á að líta. Mjög einfalt er að baka challah (borið fram tjalla) og er það einstaklega bragðgott og próteinríkt, hentar vel með öllum mat og er sérstaklega fallegt á veisluborðið.

CHALLAH-BRAUÐ

1. Helltu einu meðalháu glasi af volgu vatni í skál. Blandaðu 4 tsk. af geri saman við og blandaðu vel.
2. Blandaðu 1 eggi og 2 eggjarauðum saman við ásamt 1/4 af glasi af olíu (ekki nota ólífuolíu). Geymdu eggjahvítuna til að smyrja á brauðið áður en það fer í ofninn.
3. Hrærðu öllu saman í smástund.
4. Blandaðu hveiti saman við, þar til deigið er orðið þurrt.
5. Hnoðaðu deigið og settu í skál og settu klút yfir. Láttu það standa þar til það hefur þrefaldast að stærð.
6. Hnoðaðu deigið aftur og skiptu í þrjá renninga sem þú fléttar saman. Leggðu klút yfir brauðið og láttu standa og lyfta sér aðeins.
7. Penslaðu brauðið með eggjahvítunum og stráðu sesamfræjum yfir.
8. Bakaðu við 180 gráður. Brauðið er tilbúið þegar botninn er orðinn stífur og hægt að banka létt í hann og heyra að brauðið er bakað (eftir um það bil 20 mínútur).


## Babyliss frábærar nýjungar í fermingarpakkann…..






### Babyliss Press & Curl Ceramic Krullujárn

**Þéttar, reglulegar og kraftmiklar krullur sem endast lengi !...
Gefur hárinu mikinn glans.**

**Kynning:**

**Laugardag í Kringlunni Byggt og Búið kl. 13 – 15 og í Hagkaup kl. 15 – 17**

**Sunnudag í Smáralind Byggt og Búið kl.13 – 15 og í Hagkaup kl. 15 – 17**

### Babyliss Wet & Dry Ceramic Sléttujárn

**Sléttun á blautu hári hjálpar hárinu við að halda rakastigi sínu.
Gerir sléttunina endingarbetri með meiri mýkt og glans.**






BaByliss PARIS



# Ljúffeng og litrík

*Pavlova er marengsterta sem jafnan fellur í góðan jarðveg hjá sælkerum.*



4 eggjahvítur
sítróna
16 msk. sykur
1 tsk. hvítvínsedik
2 tsk. maísenamjöl
nokkrir vanilludropar

Smyrjið skál að innan með sítrónusafa. Þeytið eggjahvíturnar í skálinni þar til þær eru nærri því stífþeyttar. Hrærið svo sykrinum varlega saman við og bætið edikinu og maísmjölinu út í. Að lokum bætið þið vanilludropunum varlega við með skeið .
Setjið smjörpappír á bökunarplötu, gerið rúmlega 20 cm hring og hellið deiginu innan hans. Passið að dreifa ekki of mikið úr deiginu svo að marengsinn verði ekki þunnur og stökkur.
Forhitið ofninn í 180°C en stillið niður í 150°C þegar þið setjið marengsinn inn í ofninn og bakið í 45–50 mínútur. Látið hann kólna inni í ofninum.
Smyrjið þeyttum rjóma yfir marengsbotninn. Setjið svo ávexti eða ber, til dæmis ástaraldin, bláber, rifsber eða brómber, ofan á rjómann. Helst súra ávexti til að vega upp á móti sykrinum í marengsnum.




Tilvalin fermingargjöf

BRILLIANT

Laugavegi 49 - 551 7742 | Kringlunni - 588 9944 | Smáralind - 564 4120 | www.brilliant.is



DENON
þitt eigið tónlistarhús

Vandaðar glæsilegar
hljómtækjasamstæður

GRAM



Fylltar öllu því besta
DENON - fjárfesting til framtíðar
fyrir þá sem gera kröfur

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • www.ef.is


# ÖÐRUVÍSI FERMINGARGJAFIR

***Sum börn og unglingar eiga svo mikið af hlutum að þau hafa ekkert að gera við meira. Hér eru nokkrar hugmyndir að öðruvísi gjöfum sem fermingarbarnið býr að lengi.***

V

## GJÖF SEM GAGNAST ÖÐRUM >







ABC-barnahjálp starfrækir skrifstofur hér á landi en samtökin eru starfandi um allan heim. Á heimasíðu samtakanna er hægt að gefa fé til styrktar starfseminni, bæði almennt en einnig er hægt að styrkja einstök verkefni um einstaka hluti og húsmuni. Það er til dæmis hægt að gefa fermingarbarninu borð og stól í skólastofu í Úganda fyrir 2.000 krónur, dýnu til að sofa á fyrir 1.500 krónur eða hálfan fermetra á El Shaddai barnaheimilinu í Indlandi sem kostar 8.500 krónur. Einnig er hægt að veita barni skólagöngu og læknishjálp í tvo mánuði fyrir u.þ.b. 7.000 krónur. Þannig fær fermingarbarnið á tilfinninguna að það hafi lagt eitthvað af mörkum til heimsins alls og að ferming þess hafi komið einhverjum öðrum en bara því sjálfu til góða. Starfsfólk ABC-barnahjálparinnar útbýr skjal þar sem tiltekið er hve há upphæð er gefin og í nafni hvers. Allar nánari upplýsingar má fá á heimasíðu samtakanna: www.abc.is.



## < URÐ OG GRJÓT UPP Í MÓT

Ef þig grunar, eða rekur minni til, að fermingarbarnið hafi gaman af því að klifra er klifurnámskeið örugglega vel þegin gjöf. Í Klifurhúsinu í Skútuvogi er hægt að komast í klifurvegg og einnig verða haldin skemmtileg námskeið fyrir unglinga í sumar þar sem klifrað verður bæði inni og úti. Í klifur þarf engan útbúnað nema skó og þeir eru til leigu í húsinu þannig að það þarf ekkert nema áræði og dug til að klifra frá sér allt vit. Sumarnámskeiðin kosta 10.000 krónur og standa yfir í viku en einnig er hægt að gefa æfingakort sem kostar 4.100 krónur fyrir einn mánuð. Allar upplýsingar eru veittar í Klifurhúsinu og á vefnum www.klifurhusid.is og þar eru einnig útbúin gjafakort.

## IDOL STJÖRNUGJÖF >

Hvern langar ekki til að verða poppstjarna? Hægt er að fá staka tíma hjá færum kennurum, bæði í söng og hljóðfæraleik, og einfaldast að leita í gulu síðunum að kennurum á því sviði sem áhugi barnsins beinist að. Í Söngskóla Maríu og Siggu er hægt að fá allt á einum stað og þar er til dæmis boðið upp á kennslu á gítar, hljómborð og svo auðvitað í söng. Námskeiðin kosta í kringum 35.000 krónur, sem er frekar dýrt fyrir eina fjölskyldu en ef nokkrar taka sig saman er þetta sniðug gjöf.





## < GÖNGUM UPP Í GILIÐ

Fátt er stórkostlegra en að skoða landið sitt á fæti og því fyrr sem börn eru kynnt fyrir undrum þess, því betra. Ferðafélag Íslands og Útivist bjóða upp á allar mögulegar gönguferðir, bæði langar og stuttar, erfiðar og auðveldar. Það er góð hugmynd að gefa einnig félagsskap sinn eða einhvers fullorðins í ferðina þar sem börn yngri en 15 ára ættu að vera í fylgd með fullorðnum. Fermingarbarnið fær hluta af Íslandi að gjöf sem geymist með því alla ævi.

## VARAÐU ÞIG, TIGER WOODS >

Golf er góð íþrótt sem öll fjölskyldan getur stundað saman og ekki ónýtt að gefa fermingarbarninu byrjendanámskeið í golfi. Golfakademía Reykjavíkur stendur í sumar fyrir tveggja vikna námskeiðum sem standa frá 9-13 virka daga og kosta 16.000 krónur. Allar nánari upplýsingar má fá hjá Golfsambandi Reykjavíkur.





TM - HÚSGÖGN

Síðumúla 30 - Sími 568 6822

- *ævintýri líkust*



# Fermingartilboð

Model kontinental:
Millistífar
Bómullaráklæði
Hægt að taka áklæði af yfirdýnu og þvo við 60°

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 105 x 200 | 49.000 | 39.200 |
| 120 x 200 | 49.000 | 39.200 |
| 150 x 200 | 64.100 | 49.900 |
| 180 x 200 | 77.200 | 59.900 |

**Jensen** dýnur, áhersla á þægindi og gæði.
Fagleg þekking og rágjöf.

**www.tmhusgogn.is**

Opið mán. - fös. 10:00 - 18:00 • lau. 11:00 - 16:00 • sun. 13:00 - 16:00



Í Tékk-Kristal er tveir fyrir einn tilboð á servíettum og er hægt að fá tvo stóra pakka á 495 kr.

# Sniðugar servíettur

## SERVÍETTUR ERU ALGJÖRLEGA ÓMISSANDI Í FERMINGARVEISLUNA.

Servíettur kóróna veisluborðið í fermingarveislunum. Þær eru ómissandi í hvaða veislu sem er því notagildi þeirra er margþætt – bæði eru þær notaðar sem munnþurrkur og skreyting. Servíettur er líka hægt að nota sem dúka á lítil borð eða skreytingu undir blómavasa. Það er um að gera að láta ímyndunaraflið ráða för þegar servíettur eru annars vegar. Úrvalið af servíettum er gríðarlegt og því ætti hver sem er að finna eitthvað við sitt hæfi. Svo eru servíettur líka svo skemmtilegar. Þær er hægt að nota í alls kyns gjörninga og listaverk og því er engin ástæða að henda afgangsservíettum heldur nýta þær til að skreyta heimilið.



Rósóttar og sætar servíettur á 200 kr. í Tiger.

Fiðrildi eru aðalmálið í ár og þessar servíettur eru á 490 kr. í Villeroy & Boch.






## JAKKINN OG BLÆVÆNGURINN

Það prýðir veisluborð að hafa servíetturnar fallega brotnar. Hér eru tvö einföld brot sem fjölskyldan getur hjálpast að við að gera. Hendrik Hermannsson, veitingamaður á Skólabrú, er leiðbeinandinn. Hann valdi að gera annars vegar blævænginn sem hæfir vel dömunni og jakkann sem passar strákunum betur.

Blævængurinn




Jakkinn




FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.


FERMINGARLEIKUR
NÝTT KORTATÍMABIL
MS4200
29.999,-
THOMSON
Dúndur fermingargræjur
●Frábær fermingargræja ●Spilar MP3 diska
●2x75 RMS magnari ●Flottur hljómur
Sony DSCP73
19.490,-
Sony myndavél
● 4.1 milljón díla
● 3x aðdráttur
● 6x stafrænn aðráttur
● 1,5" LCD skjár
● MemoryStick PRO
● Hreyfimynd með hljóði
SONY
Cyber-shot
SGH-D500
49.900,-
Besti sími í heimi
● Tri Band
● MP3 spilari
● 1.3 milljón díla myndavél
● Vídeó, allt að 60 mín.
● 96 MB minni
● Íslenskt T9
● Vegur 99 g
SAMSUNG
XBOX
Á mánuði í 12 mán.
2.999,-
VAXTALAUST
Glæsilegur Xboxpakki
●Xbox crystal leikjatölva
●Tveir stýripinnar
●DVD pakki
●Halo 2 með 2 mán. áskrift að Live
SGH-E330
29.900,-
● VGA myndavél
● Íslenskt T9
● Handfrjáls notkun
SGH-X460
19.900,-
Einfaldur og nettur
● Íslenskt T9
● Java
● Vegur 75 grömm
VAXTALAUST
Á mánuði í 12 mán.
2.999,-
5GB harður diskur
Geymir allt að 2500 lög
12 tíma Li-ion rafhlaða
Snertihnappar
Fellur vel í hendi
Blá baklýsing sem lýsir skjá- og stjórnborð
FM útvarp og upptaka
Calandar, Address book, To Do List
Samhæfður við Outlook
Stjórnhnappur
CREATIVE
Stærð: BxHxD: 51mm x 84mm x 19mm í raunstærð á myndinni
Birt með fyrirvara um villur.
Gjafabréf
www.expert.is
expert
expert
Skútuvogi 2 ● sími: 522 9000
Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 ● laugardaga kl. 10.00 - 18.00 ● sunnudaga kl. 13.00 - 17.00

Svefn & heilsa ★★★★★



SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR
SÖNGVARI

**SVEFN & HEILSA
EF ÞÚ VILT
LÁTA ÞÉR
LÍÐA VEL**

**Veldu það besta!**



**Stærsta Góu páskaeggið fylgir öllum dýnum fyrir páska.**

Chiropractic® NO FLIP 2005




# Nýjar amerískar heilsudýnur

sem aldrei þarf að snúa

**Njóttu lífsins! með nýrri og betri Chiropractic heilsudýnu.**

Chiropractic eru einu heilsudýnurnar sem eru þróaðar og viðurkenndar af amerísku og kanadísku kírópraktorsamtökunum.

Yfir 32.000 kírópraktorar mæla því með Chiropractic þar á meðal þeir íslensku.



# ÓTRÚLEG FERMINGARTILBOÐ

**Takmarkað magn.**

**Bonnel Boxspring**
- 90x200 kr. 19.900.- stgr.
- 120x200 kr. 22.900.- stgr.
- 140x200 kr. 24.900.- stgr.

**Pocket Boxspring**
- 90x200 kr. 24.900.- stgr.
- 120x200 kr. 29.900.- stgr.
- 140x200 kr. 34.900.- stgr.

**Beauty Sleep** 8 ára ábyrgð
- 90x200 kr. 29.900.- stgr.
- 97x200 kr. 34.900.- stgr.
- 120x200 kr. 39.900.- stgr.
- 135x200 kr. 44.900.- stgr.
- 153x200 kr. 49.900.- stgr.

**Healthy Sleep** No Turn 10 ára ábyrgð
- 90x200 kr. 44.900.- stgr.
- 97x200 kr. 49.900.- stgr.
- 120x200 kr. 59.900.- stgr.
- 135x200 kr. 64.900.- stgr.
- 153x200 kr. 69.900.- stgr.

**Öll verð með fótum og þykkri áfastri yfirdýnu.**






- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING




Svefn & heilsa ★★★★★

Gleðilega páska

**www.svefn.is**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**



Lokadagar - Ótrúlegt verð - t.d. jakkaföt kr. 3.500- Lagersala, Auðbrekku 1, opið 12-18. S. 564 3477, Jóna.

**Til sölu**
Fatalager til sölu. Þekkt merki, fæst á mjög hagstæðu verði. Fyrstir koma fyrstir fá. Sími 895 6999 eða 552 6993.

Panasonic GV120 tökuvél, 3 flögu. Nær ónotuð vél (1 klst). Taska fylgir með. Verð úr búð ca. 100 þús. Selst á 75 þús. S. 660 0025.

Til sölu spænsk húsgögn, borðstofuborð + 8 stólar, skenkur í stíl m/spegli, gamaldags útlit. Uppl. í s. 891 7684.




**Súpertilboð!**
Allar pizzur á matseðli á aðeins 1000 kr. og hvítlauksbrauð fylgir frítt með, alla daga þegar sótt er. Opið 16-22 alla daga og einnig er opið í hádeginu á föstudögum. Frábær heimsendingar tilboð. Pizza 67 Austurveri, Háaleitisbraut 68. S. 800 6767.

Ísskápur 160x60x60 verð 15 þús., (sóttur) og hringlaga tekk borðstofuborð 40 cm + tvær framlengingar, verð 15 þús. S. 564 2067 milli kl. 19-20.

Ísskápur 140 cm með sérfrysti á 10 þ., 120 cm og 85 cm á 8 þ. Barnakerra á 3 þ. Þríhjól á 3 þ. Stórir alvöruvindhanar. Einnig varahlutir í ýmsa bíla. S. 896 8568.

Tilvalið í páskamatinn villiendur, grágæsir og alígæsir. Uppl. í s. 895 8325.

Til sölu VN krónur á viðskiptanetinu. Sími 894 3335 & 533 3331.



**Páskatilboð!**
Eitt verð 6980 kr. Þú velur þrjú sett á verði tveggja! Einnig mikið úrval af náttfatnaði, sundfatnaði og tískufatnaði. Gott verð. Sjáumst COS Glæsibæ. S. 588 5575.

Leigjum og seljum hljóðkerfi stór og smá. JBL, Crown, AKG HljóðX. Grensásvegi 12 sími 553 3050.

Bílskúrshurðaþjónustan. Bílskúrshurðir og mótorar, varahlutir - viðgerðir. Halldór S. 892 7285.

Útsala, útsala, útsala erum með útsölu á flísum. 10-50% afsláttur. Verð frá 990 kr. fm. Húsheimar, Lækjargata 34 c. S. 553 4488. www.husheimar.is

Vacuum vél til sölu. Super vac. 60x70 cm á hjólum með tveim 40 cm lokunarplani. Vel með farið. Uppl. í s. 483 5010. Óli.

## Óskast keypt

Kaupum gamlan vínil. Músik og Meira. S. 551 2254.

Óska eftir sólarsellu með geymi og stjórnstöð í sumarbústað. Uppl. í síma 897 2249.

Á einhver Bravo blöð síðan '80-'90. Hafið samband í síma 894 0855.

Óska eftir sjóðsvél eða peningakassa. Uppl. í síma 662 4601 & 431 4484.

Óska eftir að kaupa notaða saumagínu, á góðu verði. Uppl. í s. 557 7575 eft.kl. 14.

## Hljóðfæri

**TÞM**
Æfingarrými til afnota ásamt stökum æfingum. www.tonaslod.is, contact@tonaslod.is. Sími 824 3001 & 824 3002.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur




Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Frá kl 8-23.

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

## Vélar og verkfæri







## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

FM 90,9 · 98,9 · Vísir · FRÉTTABLAÐIÐ · FM 90,9 · 98,9 · Vísir

Mjólkurhristingur, Mjólkurhristingur
**Hamborgarabúlla-Tómasar**

Ódýrari tilboðsmálning.
**Litaver.**

Keramikflísar, ótrúlegt tilboð.
**Teppabúðin-Litaver.**

Gólfteppatilboð.
**Teppabúðin-Litaver.**

Plastparket frá 790 m2.
**Teppabúðin-Litaver.**

Jeppakerrur,
**Víkurvagnar**

Hátækniiðnaður á Íslandi er yfirskrift Iðnþings 2005 sem fram fer í dag. Félagsmenn eru hvattir til að mæta. Sjá dagskrá á vefsetrinu si.is.
**Samtök-iðnaðarins.**

Hvaða lið mætast í 8 liða úrslitum í Meistaradeild Evrópu?
Það verður dregið í beinni útsendingu á Eurosport í dag kl 11.
**Eurosport er í Sportpakkanum á Digital Íslandi.**

Hemlahlutir í bíla
**Fálkinn**

Loftræstiviftur
**Fálkinn**

Hringstigar.
**Sindri.**

Benecol fyrir þá sem vilja lækka kólesteról.
**Mjólkursamsalan**

Samtök-iðnaðarins boða til Iðnþings 2005 í dag klukkan tólf undir yfirskriftinni „Hátækniiðnaður á Íslandi". Félagsmenn eru hvattir til að mæta. Sjá dagskrá á vefsetrinu si.is
**Samtök Iðnaðarins**

Blómstrandi páskagreinar.
**Blómaval.**

Nýttu þér ráðgjöf sérfræðinga Tæknivals við kaup á tölvubúnaði.
**Tæknival, Skeifunni 17.**

Fjórfaldur pottur
**Lottó**

Draumleikur.
Sýningar laugardags- og sunnudagskvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Kúplingar í bíla
**Fálkinn**

Vatnshitablásarar – Rafmagnshitablásarar
**Fálkinn**

Ausa.
Sýning sunnudagskvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Svik með Hönsu, Hilmi Snæ og Ingvari.
Laugardagskvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Lína Langsokkur.
Síðustu aukasýningar annan og þriðja apríl.
**Borgarleikhúsið.**

Páskablómin, á frábæru verði.
**Blómaval.**

Nýtt kortatímabil..
**Ikea**

Dráttarbeisli
**Víkurvagnar**

Páskaskreyting, aðeins 299 kr.
**Blómaval.**

**Gjafir-Kirsuberjatréð Vesturgötu.**

Virkni Benecols er vísindalega staðfest.
Benecol fyrir þá sem vilja lækka kólesteról.
**Mjólkursamsalan**

Segðu mér allt.
Laugardags- og sunnudagskvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Nýjar Textílvörur
**Ikea**

Mjólkurhristingur, mjólkurhristingur, dásamlegur mjólkurhristingur
**Hamborgarabúllan**

Allt í svefnherbergið..
**Ikea.**

## Til bygginga







## Verslun






www.rum.is frábær fermingartilboð, Amerísk fermingarrúm frá 29.900 kr. Snorrabraut 56 & Glerárgötu 34 Akureyri, s. 551 5200 & 461 5300



Mikið úrval af gjafavöru. Opið frá 10-18 virka daga og 11-14 laugardaga. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.




**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Nýjar 6 tíma dvd myndir á 2.990. Spólur 1990. 3 á 5.000. Egg frá 990. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.




Einstakir skartgripir frá Nepal. Slovensky kristals gjafavara. Reykelsi og Tarotspil í úrvali. Glæsilegt úrval orkusteina, og m.fl. Laugarvegi 85, sími 517 2774.

## Heildsala

Taðreyktur og grafin lax, humar og stór rækja á góðu verði. Merlo ehf. 557 4311, 820 5250

## Ýmislegt

Til sölu ársgömul Tempurdýna breidd 160 cm ásamt undirrúmi. Uppl. í síma 616 1886.




## Hreingerningar




Hreinlega - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý og Co. S. 898 9930.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

Tek að mér regluleg þrif fyrir heimili, fyrirtæki, einnig flutningsþrif. Mikil reynsla, reglusemi. Ásta 848 7367.

## Garðyrkja

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

Trjáklippingar. Nú er rétti tíminn til trjáklippinga. Felli tré og klippi runna. Jónas Freyr Harðarsson, Garðyrkjufræðingur. S. 697 8588.

Öll garðyrkju- og lóðavinna er okkar fag. Því nú er rétti tíminn, pantið tímanlega hjá Blómi. S 896 7969.

Snyrtum og klippum tré og runna. Berum á húsdýraáburð og fellum tré. Alhliða garðyrkjuþjónusta. Sími 616 1569.

## Bókhald

Reikningshald, skattskil, fjármálaþj., stofnun félaga. SMCO- S. 861 8349.

**Framtal 2005**
Sérstök þjónusta fyrir kaupendur og seljendur fasteigna. Sæki um frest. Vönduð vinna. Framtalsþjónustan, s. 533 1533.

Þarftu aðstoð við skattframtalið? Verð frá kr 4.500 m/VSK. Uppl í síma 893 0816. Rannv Lena, viðurkenndur bókari

Skattframtöl-Bókhald-Vsk.& launauppgjör-Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta. Sími 692 6910.

SKATTFRAMTÖL-ÁRSUPPGJÖR! Skattframtöl, kærur og frestir. NÚ ERU SÍÐUSTU FORVÖÐ! RÁÐÞING S. 562 1260 & 663 7833.

## Fjármál

Framtalsþjónusta - er viðskiptafræðingur - vanur. Uppl. í síma 517 3977.

Skattframtal 2005. Einfalt framtal kr. 2.700. Framtalsþjónusta HR sími 663 4141.

Er skattskýrslan vandamál? Gerum framtöl fyrir einstaklinga og smærri fyrirtæki. Uppl. í síma 823 4476 & skattur@internet.is

## Málarar

**Húsaviðgerðir**
Tökum að okkur málningar og viðgerðir inni sem úti. Gifs, spörslun, lökkun, múr, tré og blikk. Vanir menn og vönduð vinna. Uppl. í s. 867 4167.

## Meindýraeyðing




Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Glerjun og gluggaviðgerðir !**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Móðuhreinsun Glerja !**
Er komin móða eða raki á milli glerja? Móðuhreinsun, Ólafur í 860 1180.

Tek að mér allt viðhald húseigna. Vönduð vinnubrögð. Áralöng reynsla. Uppl. í síma 661 4345, Þórður.

## Stífluþjónusta

**Stífluþjónustan ehf**
Losum allar stíflur, hreinsum lagnir. Röramyndavél. Meindýraeyðing. 20. ára reynsla S. 554 2255 - 896 5800.

## Tölvur

**Tölvuviðgerðir - Vírushreinsanir - Uppfærslur**
Start tölvuverslun, Bæjarlind 1, Kópavogi.
**Sími 544-2350, www.start.is**

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 ( Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Tölvuvandamál? Kem á staðinn. Viðurk. af Microsoft. Mikil reynsla. Ríkharður 898 0690, til kl. 23 alla daga.

Uppsetning og viðhald á netkerfum og tölvum. Þekking og reynsla í 20 ár. S. 696 3436, www.togg.biz

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Spádómar




**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Hanna 908-6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.

## Rafvirkjun



Rafengi Hf. Raflagnaþjónusta. Endurnýjun og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. S. 663 7789.

## Viðgerðir

Pípulagnir 695-1900
Almennt viðhald og viðgerðir.
eXtra lagnir 695-1900.

STEINSTEYPUSÖGUN
Kjarnaborun
Sögum fyrir hverju sem er
-Hurðum
-Stigaopum
-Lögnum í gólf
Nefndu það... við reddum því !
Rafmagn á sögunarstað ekki nauðsynlegt, erum með rafstöð
Tökum einnig að okkur verkefni við jarðvinnslu, flutninga og snjómokstur
Verktakaþjónusta Stefáns Einarssonar ehf.
Símar 8937364 4671647

# HEILSA

## Heilsuvörur

Rafbylgjumælingar
Ert þú með:
Exem - Þurrk í augum ?
Síþreytu - Vöðvabólgu ?
Verki í fótum og höfði ?
Svefntruflanir ?
Fjarlægum rafbylgjur í tenglum og í jörð.
Klettur ehf
Sími 892 3341 & 581 1564.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 heilsuval@topdiet.is

13 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. 557 5446 & 891 8902, Ásta.

Bætt heilsa betra útlit og 30-50 þús. auka á mánuði. Er það eitthvað fyrir þig? www.hannakristin.is S. 892-4284

## Líkamsrækt

**Yoga unnendur**
Astanga Yoga ( kraftyoga) í Yogastöðinni Heilsubót Síðumúla 15. Guðmundur kennir. Astanga er kröftugt yoga. Uppl. í s. 694 6103.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Góður ferðanuddbekkur óskast, br. 75-80 Uppl. í síma 5545927, eftir kl. 17

## Snyrting




**Thalasso therapy.**
"Eykur jafnvægi líkama og sálar". Orkugefandi, vökvalosandi og grennandi. Greifynjan snyrtistofa sími 587-9310. Hraunbæ 102. opið frá kl 9-20.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Námskeið til pungaprófs, 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda, 4 til 16 apríl. Kennsla kl. 09 til 16. alla daga nema sunnudaga. S. 898 0599 & 588 3092. sigling@mmedia.is. www.siglingaskolinn.net. Siglingaskólinn.

Glerbræðslunámskeið er að hefjast tímar eftir samkomulægi keramik og glergallerí Kothúsum Garði s. 422 7935.

## Ökukennsla

Bifhjóla -og ökukennsla Eggerts Vals. Er byrjaður í bifhjólakennslunni. S. 893 4744.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn




**Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?**
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Nýlegur leðursófi til sölu. Áhugasamir hafi samband í síma 847 9648 eft. kl. 14.

Hvítt borðstofuborð 100 x 150 ásamt tveimur stækkunarplötum 45 cm hvor plata, 8 borðstofustólar, 2 hvít sófaborð 80x80 og 120 x 80 með sandblásu gleri, hvítur skenkur, lengd 195 dýpt 40 cm með fjórum hurðum með sandblásnu gleri, ljóst leðursófasett 3+1+1 allt vel með farið. Sími 557 4759 & 899 0194.

Búslóð til sölu vegna flutnings, allt nýlegt t.d leðursófasett, stofuborð, rúm, heimilistæki og margt fleira. Verður til sýnis í Lækjarsmára 21, íb. 301, milli 11-13 laugardag eða í s. 696 2266 Jónas.

## Barnavörur



**Virðisaukalausir**
dagar í dag föstudag og laugardag. Ný sending frá Diesel og Lego frá 0 - 12 ára. Munið fullt á afsláttarslánum.

RÓBERT BANGSI ...og unglingarnir

Virðisaukalausir dagar frá fimmtudegi til sunnudags. Einungis opið í Hlíðasmára sunnudaginn 20/03. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 & Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

## Dýrahald



20% afsláttur af kattavörumDýrabær Hlíðasmára 9 Kóp. op.má-fös. 13-18 lau. 11-15 s.553-3062. má-fös 13-18, laugard 11-15.

Alþjóðleg hundasýning Íshunda verður haldin helgina 23. og 24. apríl n.k. í reiðhöll Gusts Kópavogi. Skráningu lýkur 22. mars. Upplýsingar um sýninguna er að fá á ishundar.is eða á skrifstofu félagsins í síma 577 2474.

Alþjóðleg hundasýning Íshunda verður haldin helgina 23. og 24. apríl í reiðhöll Gusts í Kópavogi. Sýningin hefst klukkan 10:00. Miðaverð 500 kr.

**30% Vetrarafsláttur !**
Allar gæludýravörur með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Til sölu 7 mán. Dobermann hundur. Óskast á gott heimili. Uppl. í s. 865 6958.

9 mán, hundur fæst gefins. Blanda af Labrador og Border Collie. Uppl. í s. 847 6048 & 845 1451.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög



Spennandi stang- og skotveiðiferðir til Suður-Grænlands í júlí og ágúst. Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar S.: 511 1515

## Gisting

Gisting og bílar. Hótelíbúðir frá kr. 5500, bílaleigubílar 2500. Hótel Atlantis Grensásvegi 14. S. 588 0000.

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is



**Lax og Silungsveiði!**
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S 567-5204 og 660-6890.

## Hestamennska




**Hestaklippur**
Hestamenn, nú er rétti tíminn til að raka undan faxi. Eigum hágæða LISTER rafmagnsklippur með hleðslurafhlöðu og 220 voltra. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími. 464 860

## Ljósmyndun

Mjög lítið notuð Canon EOS 10D stafræn myndavél til sölu á hálfvirði (80 þús). Uppl. í s 896 9670 eða á frank04@ru.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3ja herb. íbúð við Mar Menor á Spáni til leigu. Leigist í viku eða lengri tíma. Gott aðgengi fyrir fatlaða. Stutt á ströndina og þjónustu. Uppl. í síma 699 5601.

Til leigu nýjar íbúðir í miðbæ Reykjavíkur. Stærð 50-75 fm. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í símum 897 9390 & 896 1306.

Herbergi í 101. Sérinng. breiðband, þvottav.+þurkari. sameiginlegt baðherbergi & eldhús, adsl mögul. laus strax. S. 699 4580.

Nýjar stórglæsilegar leiguíbúðir með öllum tækjum. Langtímaleiga. 2ja herbergja í Reykjavík. Sjá heimasíðu Átthaga ehf. www.atthagar.is

**Svæði 107**
Til Leigu rúmgott herb með skápum, aðgengi að WC. Leiga 30 þ. 3 mán fyrirfram. Uppl. í s. 868 3357.

## Húsnæði óskast

Óska eftir leiguíbúð (a.m.k. 3ja #) með húsgögnum frá 1. apríl í 2-7 mánuði, helst á svæði 105. Öruggar greiðslur og ábyrgð. S. 898 9372.

Einstæð og reglusöm móðir óskar eftir góðri íbúð sem fyrst. Greiðslugeta ca 65 þús á mánuði . Uppl. í síma 868-4989

**Starfsmaður á Fréttablaðinu óskar eftir stúdíóíbúð eða 2ja herbergja íbúð á leigu frá og með 1. maí. Svæði 101,105 eða 107 einungis. Reglusemi og skilvísum greiðslum lofað. Áhugasamir sendið póst á olihjortur@frettabladid.is.**

Par með 4ra mán. barn óskar eftir leiguhúsnæði til langtíma. 30-50 þús./mán. S. 868 3495.

Snyrtilegur og reglusamur karlm. óskar eftir 2 herb. íbúð á stór-höfuðborgarsv. verð 50 til 60þ. upplýs. Kristinn 663 0817




Einstæður faðir með tvær stelpur 15 & 11 ára óskar eftir 2ja- 3ja herb. íbúð á svæði 101-105-107. meðmæli, sanngjarnt verð. Pottþéttur leigjandi. Uppl. í s. 663 7773.

Par með 1 barn óskar eftir 3ja herb íbúð í 101 eða sem næst miðbæjarsvæðinu. Langtímaleiga. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 461 2539 og 659 4165.

## Sumarbústaðir

**Heilsárshús**
70 fm sumarbústaðir + 12 fm verkfæraskúr með bílskúrshurð til sölu í Grímsnesi. Húsið er fullbúið að utan, einangrað, plastað og rafmagnsgrind komið að innan. Vatn komið að húsi og rafmagn tengt í töflu. Stutt í alla þjónustu, verslun í Minniborg, golf, sund, veiði ofl. S. 698 6675 & 893 6675.

## Atvinnuhúsnæði

Til lgu eða sölu 150 fm atvinnu eða lagerhúsnæði upphitað plan góð innkeyrsluhurð vel staðsett i Mosfellsbæ uppl í s 897-0630 Axel

Reglusöm einstæð móðir óskar eftir íbúð sem fyrst. Öruggar greiðslur í boði. Greiðslugeta 50 þ. á mán. S. 846 5591, Halla.

## Gisting

Gistiheimili Halldoru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045-24609552

Íbúð til leigu í Barcelona og Menorka. Laus um páskana. Sími 899 5863.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Atvinna í boði.**
Aloa vera gelið fína
það ver og græðir húð og hár
Unique nýja förðunarlínan
yngir þig upp um all mörg ár
hærri tekjur meiri vinna
eða bara aukavinna
hafðu samband ég skal þér sinna.
**Alma Axfjörð sjálfst. söluráðgjafi og hópstjóri Volare s. 863 7535 volare@centrum.is http://www.volares.tk**

**10-11 Fullt starf !**
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar í fullt starf. Vinnutími ca frá kl. 8 til 17.00. Umsækjendur skulu vera fæddir '85 eða fyrr.
**Áhugasamir geta sett inn umsókn á vefslóðinni www.10-11.is eða fyllt út umsóknareyðublöð í verslununum sjálfum.**

## TIL SÖLU



Starfskraftur óskast. Framtíðarstarf. Æskilegur aldur 25-55 ár. Upplýsingar í Efnalauginni og Þvottahúsinu Drífu, Hringbraut 119 Rvk. eða í síma 562 7740.

**Óskum eftir starfsfólki á kvöldvaktir !!**
Við hjá Skúlason leitum að fólki 18 ára og eldri við úthringingar, fjölbreytt og skemmtileg verkefni að fara að stað. Fast tímakaup og mikil vinna í boði. Almenn tölvukunnátta æskileg. Hafðu samband í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn.
**Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is**

**Rex**
**Austurstræti**

Óskum eftir vönum barþjónum, (keyrslu), þjónum í sal. Einnig vantar vana dyraverði. Einungis reglusamt og snyrtilegt fólk kemur til greina, eldri en 20 ára. Uppl. á staðnum milli kl. 13 og 17.



Óskum eftir að ráða verkamenn til starfa við slátrun og kjötskurð. Mikil vinna framundan. Fastráðning eða sumarafleysingar koma til greina. Umsóknir sendist á tölvupóst hilmar@svinvirkar.is fyrir 22. mars n.k.. Nánari upplýsingar í síma 895 9600 milli kl. 16 og 17 daglega.

**FUNI**
DALVEGI 28 • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 515 8700 • FAX 564 1622
www.funi.is • funi@funi.is

**Blikksmiður eða laghentur maður óskast.**
Í reykröradeild Blikkás-Funa. Óskað er eftir laghentum, stundvísum og reglusömum starfsmanni sem gott vald hefur með að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Starfið felst að mestu í uppsetningavinnu á reykrörum og eldstæðum. Mikil vinna framundan. Upplýsingar gefur Sigtryggur í síma 515 8703.

**Símadömur óskast!**
Rauða Torgið vill komast í samband við hlýjar og hressar símadömur. Nánari upplýsingar fást á vefsíðu okkar, www.raudatorgid.is.

Smiðir óskast í fjölbreytta smíðavinnu. Um framtíðarstörf er að ræða fyrir rétta aðila. Möguleiki á flokkssjórnun. KA ehf byggingaverktaki. Uppl. í síma 660 4060, Kári og á netfang kaehf@simnet.is

Stafsmann vantar til ræstinga á selfossi um er að ræða kvöldræstingu eftir kl 19 sími. 8630083 eða rh@rh.is

Starfsfólk óskast til afleysinga í ræstingum og bónvinnu kvöldvinna.sími 8630080

Getum bætt við okkur góðum smiðum. Uppl. gefur Stefán í síma 690 0500.

**Pizza Höllin Dalbraut**
óskar eftir aðstoðarverslunarstjóra/vaktstjóra. Þarf að geta stjórnað, vera ábyrgur og vera eldri en 20 ára, reynsla af pizzabakstri ekki nauðsynleg. Umsóknareyðublöð á staðnum Pizzahöllin Dalbraut 1.

Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 og á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

**Gröfumaður**
Vanur gröfumaður óskast á gröfu. Uppl. í s. 892 2927.

Starfskraftur óskast á sólbaðsstofu. Um er að ræða kvöld og helgarvinnu. Uppl. í s. 846 2117.

Óskum eftir duglegu fólki í ræstingar. Um er að ræða vaktavinnu. Upplýsingar í síma 846 2117.

Hefur þú áhuga á góðum tekjum í líflegu starfi sendu þá uppl. á www.oskara.ws og 699 7294.

**ISS Ísland**
óska eftir fólki á skrá fyrir störf við ræstingar á öllum tímum sólarhringsins. Upplýsingar og umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að Ármúla 40, 3. hæð. Sími 5 800 600. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu ISS, www.iss.is

Smiðjustál óskar eftir að ráða vanan járniðnaðarmann. Uppl. í síma 554 1416.

Tekjuleið. Ef þú ert að leita að leið til að ná þér í tekjur þá erum við með lausnina, hvort sem þú býrð hérlendis eða erlendis. www.simnet.is/world

Áfyllingar í verslunum Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn til framtíðar í áfyllingar í verslanir. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og þarf að hafa bílpróf. Áhugasamir sendi umsóknir til Ölgerðarinnar eða á netfangið ee@egils.is.

Rafvirkjar óskast sem fyrst til starfa. Rafmax. Upplýsingar í síma 893 7004.

Stálsmiðjan ehf. auglýsir eftir kranamanni á bílkrana. S. 552 4400 & 660 3535.

Júmbó samlokur óska eftir starfsmanni. Vinnutími frá kl. 5:00 - 13:00 Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. á staðnum kl. 14-16, Kársnesbraut 112, Kópavogi.

## Atvinna óskast

Vanur karlmaður óskar eftir aukavinnu eftir hádegi í járnsmíði, eða laga húsgögn eða eitthvað svipað. S. 551 2283.

Kona frá Lettlandi leitar að vinnu. S. 866 5683.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Einstæð 3ja barna móðir sem er á leið í Gjaldþrot óskar eftir hjálp frá íslendingum! Ef þú getur hjálpað okkur þá mun ég vera ævinlega þakklát . 0130-063264

## Ýmislegt

Skólamót! Fyrrum nemendur Guðmundu Jóhannsdóttur úr Múla- og Gufudalssveitum. Laugardaginn 29. maí er áætluð samkoma fyrrum nemenda í Flókalundi. Nánari upplýsingar í síma 898 1253 eða á netföng eliasjoh@visir.is og flokalundur@flokalundur.is

## Einkamál

TANTRA
ERÓTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 -20:00
OG LAUGARD. 12:00 -18:00
KOMIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 11
EÐA SKOÐIÐ HEIMASÍÐU OKKAR
WWW.TANTRA6.IS

NÝTT
á einkamál.is
Just-for-fun
Stefnumót
34ára kk, Höfuðborgarsvæðið
Sælar stúlkur,
Mig langar að hitta stúlku
sem hefur gaman
af lífinu og öllu því sem það
hefur uppá að bjóða.
Ég hef gaman af fjallaferðum...
einkamal.is






## SJÓNARHORN



Dílaskarfurinn er frjálslegur fugl sem er meðal þeirra fyrstu sem huga að hreiðurgerð á vorin. Hvort þetta par sem tyllti sér niður við Reykjavíkurhöfn var í þeim hugleiðingum skal ósagt látið. / Ljósmynd: Vilhelm

## Vissir þú ...

...að mesta fjarlægð sem svifið hefur verið í vélknúinni fallhlíf er 644 kílómetrar?

...að Connie Kissling frá Sviss hefur unnið flesta heimsbikartitla kvenna í skíðafimi?

...að Tony Canzoneri frá Bandaríkjunum var heimsmeistari í léttveltivigt í 33 daga frá 21. maí til 23. júní árið 1933, sem er stysti tími sem hnefaleikamaður hefur haldið titlinum?

...að Iolanda Balas frá Rúmeníu sigraði 150 sinnum í röð í hástökki frá 1956 til 1967?

...að Tracey Austin frá Bandaríkjunum var yngsta kona til að sigra í einliðaleik á opna bandaríska mótinu en hún var aðeins 16 ára og 271 dags?

...að lengst starfandi fótboltadómari í heimi er Jozef Magyar frá Ungverjalandi? Hann dæmdi í fimmtíu ár en hann dæmdi sinn síðasta leik 9. mars árið 2003.

...að hin breska Charlotte Church var tólf ára og níu mánaða þegar hún komst í efsta sæti breska vinsældalistans yfir sígilda tónlist og var þar með yngst til að ná fyrsta sæti sígilda listans í heiminum?

...að 210 tónlistarmenn söfnuðust saman til að leika á didgeridoo í tuttugu mínútur í Helitherme Bad Waltersdorf í Austurríki 19. apríl árið 2003?

...að mest selda lag frá því breski vinsældalistinn hóf göngu sína 1952 er lag Eltons John „Candle in the Wind 1997/Something About the Way You Look Tonight“ sem seldist í 33 milljónum eintaka?

...að Elvis Presley hafði átt 135 smelli á breska vinsældalistanum í apríl árið 2004?

...að fyrsta sjónvarpsauglýsingin, sem kynnti gæði Bulova-úrs, var sýnd á stöð NBC, WNBT í New York, 27. júní árið 1941?

...að dýrasta tölvuteiknaða mynd í heimi er Monsters Inc. frá Walt Disney og Pixar Animation Studio sem kostaði 8.280 milljónir íslenskra króna?

...að fatafellan Krystyne Korful frá Kanada er húðflúraðsta kona heims en það tók hana tíu ár að láta húðflúra 95 prósent af líkama sínum?

...að diskur minnsta harða drifsins er aðeins 2,16 sentímetrar í þvermál?

... að kaupsýslumaðurinn Marc Ostrofsky í Bandaríkjunum seldi netfangið business.com hinn 1. desember árið 1999 fyrir 7,5 milljónir dollara?

...að stærsta parafoil-fallhlíf sögunnar spannaði 43,6 metra og var yfirborð hennar sjö hundruð fermetrar?

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is

PHILIPS PÁSKATILBOÐ

PHILIPS REAL FLAT 32 TOMMUR 100 RIÐA

Philips 32PW8609
32" 100Hz BREIÐTJALDSSJÓNVARP með REAL FLAT BlackLine S myndlampa, 40w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, textavarpi, Scart tengi og fjarstýringi.

TILBOÐ 79.995
Fullt verð kr. 99.995

PHILIPS BLACKLINE FX 28 TOMMU

Philips 28PT4458
28" SJÓNVARP með Blackline FX myndlampa, stereó hljóðkerfi, textavarpi, Scart tengi og fjarstýringu.

TILBOÐ 39.995
Fullt verð kr. 49.995

PHILIPS ÖRÞUNNT LCD 20 TOMMU

Philips 20PF7846
20" Nicam stereó LCD SJÓNVARP með Dolby Virtual Surround, 640x480 punkta upplausn, Progressive Scan, útvarpi, textavarpi, Scart, heyrnatólatengi og fjarst.

TILBOÐ 97.995
Fullt verð kr. 114.995

PHILIPS ÖRÞUNNT LCD 30 TOMMUR

Philips 30PF9946
30" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Crystal Clear og Progressive Scan, 1280x768 punkta upplausn, textavarpi með 1200 síðna minni, 40w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround og FM útvarpi, 2 Scart tengjum, RGB-inn / CVBS-inn PC-inngangur og tengi fyrir heyrnatól, borðstandur fylgir.

TILBOÐ 219.995
Fullt verð kr. 279.995

HUGVERKAsmiðja

ÓDÝRARI RAFTÆKI

Heimilistæki
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is

# Ein fjöður verður að hænu

**UMRÆÐAN**
RÁÐNING FRÉTTASTJÓRA RÚV



**ADOLF INGI ERLINGSSON**
ÍÞRÓTTAFRÉTTAMAÐUR

> **Ég fyrir mitt leyti efast um að starfsumsókn sem ýkir starfsreynslu umsækjandans jafn augljóslega sé gild.**

Ráðning Auðuns Georgs Ólafssonar sem fréttastjóra Útvarpsins hefur vakið upp harðar deilur, bæði innan Útvarpsins og utan þess. Enda ekki von á öðru. Fólki er ekki sama um fréttastofuna, hvorki innanbúðarmönnum né utan. Deginum ljósara er að sá umsækjandi sem síst er hæfur var valinn til starfans. Síðan standa allir og benda hver á annan og reyna að koma sökinni af sér. Meirihluti útvarpsráðs og útvarpsstjóri benda á minnihluta ráðsins og segja hann geta sjálfum sér um kennt að hafa ekki bent á annan kost. Eins og þegar nauðgari kennir fórnarlambinu um.

Það sem ótrúlegast er í þessu máli öllu er samt framganga manna við að verja ráðninguna. Nú er komið í ljós að reynsla Auðuns í fréttamennsku var stórlega ýkt í umsögn um hann og þá væntanlega einnig í umsókninni. Þar var hann sagður með 6 ára reynslu að baki í fréttamennsku. Megnið af þeim tíma var hann fréttaritari Bylgjunnar í Danmörku og í Japan. Gaman væri að vita hve mörgum fréttum á mánuði hann skilaði af sér þaðan. Það sem eftir stendur var afleysingavinna á fréttastofu Bylgjunnar með námi.

Þá reyna menn að verja ákvarðanir sínar með því að vísa til yfirburðareynslu Auðuns af stjórnun og rekstri. Þar hljóta menn að eiga við mannaforráð og peningastjórnun. Því miður fyrir Auðun og hans málsvara virðist sú reynsla vera jafn orðum aukin og reynsla hans af fjölmiðlum, því í ljós er komið að hann var sölumaður án mannaforráða og hefur litla sem enga reynslu af fyrirtækjarekstri (sjá Fréttablaðið 16. mars sl.). Einhvern veginn hefur sem sé tekist að gera þá fjöður sem Auðun gat skreytt sig með að heilli hænu, hokinni af reynslu.

Þar sem útvarpsstjóri, Markús Örn Antonsson, fór ótrúlegum orðum um starfsmenn Útvarpsins í Kastljósþætti laug hann sem sé blákalt að áhorfendum þegar hann sagði reynslu Auðuns á þessu sviði vera mun meiri en nokkurra annarra umsækjenda. Það sama gerði Pétur Gunnarsson, útvarpsráðsmaður, á sama vettvangi. Þriðji maðurinn, Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður útvarpsráðs, viðhafði sömu lygi í viðtali við fréttastofu Útvarpsins. Allir fullyrtu þeir að þeir hefðu fullvissu fyrir yfirburðareynslu Auðuns af rekstri.

Ég fyrir mitt leyti efast um að starfsumsókn sem ýkir starfsreynslu umsækjandans jafn augljóslega sé gild. Hitt er ekkert vafamál í mínum huga. Maður sem sendir slíka umsókn frá sér hefur hvorki trúverðugleika né heiðarleika til að stjórna fréttastofu Útvarpsins.

*Höfundur hefur starfað sem fréttamaður RÚV í þrettán ár. (Ekki í hlutastarfi).* ■

## AF NETINU

**Að biðjast afsökunar**

Fátt lýsir betur hugsunarhætti bresku ríkisstjórnarinnar en sú yfirlýsing Gordons Brown fjármálaráðherra á dögunum að Bretar eigi að „hætta að biðjast afsökunar" á því að hafa verið nýlenduveldi. Það sem einkum er athugavert við þessi ummæli er að Bretar hafa aldrei beðist afsökunar á einu né neinu í sambandi við nýlendustjórn sína.

**Sverrir Jakobsson á murinn.is**

**Þetta er spilling**

Á fréttastofu sjónvarps er ráðinn fréttastjóri sem er pólitískur vildarvinur æðstu forystu Sjálfstæðisflokksins. Til endurgjalds fær Framsóknarflokkurinn að ráða fréttastjóra á útvarpið sem er forystu þess flokks þóknanlegur. Þetta er spilling, og ekkert annað. Það var svo dapurlegt að sjá útvarpsstjóra koma og lýsa því bláeygan að auðvitað hefði enginn talað við hann um að ráða Framsóknardrenginn frá Marel. Það glitti í svarta tungu og stækkandi nef, svo ekki sé meira sagt.

**Össur Skarphéðinsson á ossur.hexia.net**

**Ber Framsókn ábyrgðina?**

Það heyrir orðið til undantekninga ef ráðningar til RÚV ganga snurðulaust fyrir sig. Oftar en ekki verður hvellur þar sem harðri gagnrýni er haldið á lofti vegna þeirra sem ekki voru ráðnir. Mál fréttastjórans eru núna í brennidepli og svo um munar. Athygli mína vekur að spjótin beinast að Framsóknarflokknum. Nokkrir fréttamenn hafa beinlínis sakað flokkinn í heild sinni um pólitíska spillingu fyrir ráðningu Auðuns Georgs Ólafssonar í starf fréttastjóra. Rétt eins og sá flokkur beri einn alla ábyrgð á ráðningunni umdeildu. En er það svo?

**Hjálmar Árnason á althingi.is/hjalmara**

**Ungt fólk og stjórnmál**

Hefur ungt fólk almennt áhuga á stjórnmálum eða stendur minni kynslóð bara á sama? Ástæðan fyrir þessum vangaveltum er að ég sá um daginn innskot hjá Íslandi í dag þar sem var tekin smá könnun á því hvort að unga fólkið þekkti ráðherrana í ríkisstjórninni. Í huga mínum efaðist ég aldrei um að það myndu nú allir vita hverjir ráðherrarnir okkar væru en það var svo sannarlega ekki raunin. Ég komst að þeirri leiðinlegu staðreynd, fyrir framan sjónvarpið, að það vita bara ekki allir hver Halldór Ásgrímsson er þó svo hann sé forsætisráðherra okkar Íslendinga. Ungu viðmælendurnir vissu eiginlega ekki hver neinn ráðherrana var né hvað hann gerði.

**Stefanía Sigurðardóttir á deiglan.com**

**Ánægjulegur dómur**

Þann 1. þ.m. kvað Hæstiréttur Bandaríkjanna upp dóm í málinu Roper v. Simmons þar sem rétturinn komst að þeirri niðurstöðu að áttundi viðauki bandarísku stjórnarskrárinnar, sem kveður á um bann við ómannúðlegum refsingum (cruel and unusual punishment), bannaði aftökur afbrotamanna sem voru innan við 18 ára þegar þeir frömdu glæp sinn. Dómur þessi ætti að vera gleðiefni öllum þeim sem andvígir eru dauðarefsingum og er undirritaður svo sannarlega þar á meðal.

**Vífill Harðarson á sus.is**

E L M D E S I G N

HANNAÐ AF KONUM FYRIR KONUR



**ELM DESIGN**
Laugavegur 1
101 Reykjavík
Sími 511 0991 (verslun)
og 511 0993 (skrifstofa)
www.elm.is • elm@elm.is

ÍSLENSK HÖNNUN

# Offita og sjónvarpsgláp

**UMRÆÐAN**
ORSAKIR OFFITU



**BJÖRGVIN ÞORSTEINSSON**
VERKFRÆÐINGUR

Rannsóknir í Bandaríkjunum sýna að ein megin ástæða offitu þar í landi er sjónvarpsgláp á matmálstímum. Ef fólk horfir á sjónvarp á sama tíma og það borðar, borðar það meira (reyndar auðvelt að sanna). Fólk talar minna saman og borðsiðir fara fyrir ofan garð og neðan. Í stað þess að fjölskyldan safnist saman í lok dags og ræði atburði dagsins, er horft á sjónvarp. Börnin eru jafnvel með eigin sjónvörp á sínum herbergjum og horfa á þau meðan þau borða (oftar en ekki skyndifæði). Í Bandaríkjunum er talað um að ný kynslóð barna sé að vaxa úr grasi, hin svokallaða „TV Dinner Toddlers“, eða sjónvarpsmatarbörn. Þessi börn eru ekki aðeins feitari og kunna ekki borðsiði (borða að „hætti víkinga“), heldur hafa komið fram hjá þeim ýmis félagsleg hegðunarvandamál, svo sem að kunna ekki að tjá sig. Árlega deyja um 300.000 Bandaríkjamenn vegna sjúkdóma sem rekja má til offitu eða rúmlega þrefalt fleiri en láta lífið í slysum.

Offita og tóbaksreykingar eru einnig alvarlegustu heilbrigðisvandamál Íslendinga. Samkvæmt Landlæknisembættinu eru nú a.m.k. 20% íslenskra barna of þung og um 5% of feit. Landlæknir segir að aðeins eftir nokkur ár muni hlutfallslega jafnmargir vera of feitir á Íslandi og í Bandaríkjunum. Á Íþróttaþingi ÍSÍ í fyrra voru kynntar niðurstöður rannsókna sem gerðar voru á lífstíl 9 og 15 ára Íslendingum. Niðurstaðan var í stuttu máli að íslensk börn eru meðal feitustu barna í Evrópu.

Kvöldmatarfréttatímar Ríkisútvarpsins (RÚV) hafa í gegnum tíðina verið afar mikilvægur hluti af lífi fólks. Áhrif þess á líf okkar eru margvísleg. Fréttir eru eitt vinsælasta efni sjónvarpsstöðvanna. Sjónvarpsfréttir eru klukkan hálf sjö á Stöð 2 og hálftíma síðar á RÚV – eða á kvöldmatartíma. Fyrir daga samkeppni í sjónvarpsrekstri voru aðeins sjónvarpsfréttir klukkan átta – þá var fólk búið að borða, vaska upp og jafnvel koma yngstu börnunum í rúmið. Síðan fréttir voru færðar er fólk að reyna að horfa á þær á yfir kvöldmatnum. Ein helsta röksemdin fyrir færslu fréttatímanna var að breytingar væru að verða á lífsháttum, vinnutíminn að styttast þannig að fólk væri búið að borða fyrir fréttir. Í dag vitum við betur. Tölur benda til að foreldrar eyði minni tíma með börnum sínum en áður. Dvalartími barna á leikskólum hérlendis er til dæmis að lengjast. Til þess að stuðla að heilbrigðari fjölskylduháttum og bættri heilsu landsmanna ætti RÚV að færa sína aðalfréttaútsendingu til klukkan níu (og sleppa tíu fréttum). Það gerist ekki það mikið á okkar litla landi að fréttir megi ekki bíða í tvo tíma. Fjölskyldur í Danmörku og Svíþjóð geta t.d. rólegar borðað sinn kvöldmat því dönsku og sænsku ríkissjónvarpsfréttirnar eru klukkan níu, þó svo að vinnutími fólks þar sé mun styttri en hér. Einnig við getum lært það af frændum okkar að leyfa ekki auglýsingar (láta einkaljósvakana bítast um þá köku), þannig að stöðin okkar sé laus við auglýsingar, auglýsingar sem oft á tíðum hvetja til neyslu á óhollustu. ■

# Þeir ríku verða ríkari

**SIGURÐUR T. SIGURÐSSON**
STARFSMAÐUR HJÁ VERKALÝÐSF. HLÍF
SKRIFAR UM VEXTI OG LÁNAMARKAÐ

Á Íslandi er rekinn útlánamarkaður sem kalla mætti dýrustu bankaþjónustu í heimi. Hér er almenningi gert að borga margfalt hærri vexti og fjármagnskostnað en þjóðfélagsleg rök mæla fyrir og margfalt hærri en tíðkast í nágrannalöndum okkar. Kverkatak banka og fjármagnseigenda á almenningi er það mikið að það er farið að valda meiriháttar breytingum til hins verra á samfélaginu og kjörum launafólks og þá sérstaklega hjá láglaunafólki sem fer verst út úr þessu mammonskapphlaupi. Í okkar gósenlandi, þar sem hvert mannsbarn ætti að geta lifað góðu lífi, hefur fátækt fest rætur og herjar nú sífellt á fleiri einstaklinga í samfélaginu. Í þeirri hrinu, sem nú gengur yfir á fasteignamarkaðinum, snarhækka fasteignir í verði og greiðslubyrði íbúðakaupenda eykst að sama skapi með þeim afleiðingum að húsaleiga mun hækka verulega og festa í sessi ört vaxandi fátækt. Allt venjulegt launafólk tapar en bankarnir græða. Þeir ríku verða ríkari og þeir fátæku fátækari.

Vegna fákeppni á fjármálamarkaði hafa lánastofnanir hér á landi komist upp með það að verðtryggja mest alla þá peninga sem þær lána til lengri tíma en 5 ára. Þetta þýðir að lægstu raunvextir á íbúðalánum í dag eru um 9%. Á sama tíma greiða danskir launþegar 4% raunvexti af sínum íbúðarlánum. Því miður virðist sem íslenskir bankar og sparisjóðir ákveði einhliða og í samráði hver við annan hvað háir vextirnir skuli vera og bæta síðan verðtryggingunni ofan á allt saman. Að minnsta kosti er nokkurn veginn sama vaxtaprósentan hjá þeim öllum. Þegar þeir svo lána óverðtryggð lán þá eru vextirnir miðaðir við verðtryggðu lánin og eru sjaldnast undir tveggja stafa tölu.



**Því miður hefur forusta Alþýðusambands Íslands alveg brugðist í baráttunni gegn verðtryggingu lána og þegar þunnu hljóði um málið, þó greiðslubyrðin sé að sliga stóran hóp innan samtakanna.**

Nú í tæplega 5% verðbólgu eru raunvextir hérlendis meira en tvöfalt hærri en tíðkast í nágrannalöndum okkar og gleymum því ekki að þessu til viðbótar taka íslenskir bankar og sparisjóðir mjög há þjónustugjöld, hærri en víðast hvar annars staðar. Þessi okurlánastarfsemi er hægt og bítandi að draga íslensk alþýðuheimili út í skuldafen, sem getur ekki endað öðruvísi en með gjaldþroti, nema leikreglum verði breytt og það hið fyrsta.

Það á ekki að koma neinum á óvart, sem til þekkir, þó stórar hagnaðartölur komi frá bönkum og sparisjóðum og öðrum lánastofnunum hérlendis. Sem dæmi má nefna að hagnaður KB banka það sem af er ársins skiptir tugum milljarða. Á sama tíma hækka skuldir heimilanna jafnt og þétt, en talið er að þær meira en tvöfaldist á hverju 5 ára tímabili. Þökk sé verðtryggingunni. Því miður finnst stjórnvöldum þetta eðlilegt ástand og reyna ekki að sporna við þessari öfugþróun, heldur hæla sér af ástandinu og telja það gott. Það má segja að ríkisstjórnir Sjálfstæðisflokks og Framsóknar hafi gefið stórum fjármagnseigendum veiðileyfi á íslenskan almenning, bæði með einkavinasölu á ríkisbönkunum og afskiptaleysi sínu varðandi þá okurvexti, sem almenningi er gert að borga.

Verðtryggingarákvæði „Ólafslaganna“ illræmdu og algjört frelsi íslenskra lánastofnana til að ákveða vexti og verðbætur hefur gert verkafólk að ánauðugum þrælum, sem mega prísa sig sæla ef þeir sleppa við að horfa á heimili sín verða gjaldþrota. Þessari illu ánauð bankaveldisins verður íslenskt launafólk að hrinda af sér, því það er ekkert sem mælir með því að hér eigi allt að vera verðtryggt nema launin.

Ég hef á annan áratug, bæði í blaðagreinum og í ályktunum sem ég hef flutt á þingum ASÍ, VMSÍ og SGS, mótmælt verðtryggingu útlána og bent á að tekjur almenns launafólks dugi hvergi nærri til að borga slíka okurvexti af húsnæðislánum sínum. Ég mun halda þessari baráttu minni áfram svo lengi sem íslensku launafólki er boðið upp á margfalt verri lánakjör en tíðkast í nágrannalöndum okkar.

Því miður hefur forusta Alþýðusambands Íslands alveg brugðist í baráttunni gegn verðtryggingu lána og þegir þunnu hljóði um málið, þó greiðslubyrðin sé að sliga stóran hóp innan samtakanna. Mín skoðun er sú að miðað við þjóðhagslegar forsendur á Íslandi og eðlilega samkeppni, en ekki samráð og eftirhermur, ættu óverðtryggðir vextir á íbúðalánum að vera um 4%. Annað er óeðlilegt. ■

# Fréttatimburmenn helgarinnar

**UMRÆÐAN**
FRÉTTIRNAR



**SIGTRYGGUR BALDURSSON**
TÓNLISTARMAÐUR

Stundum fá fréttirnar mann til þess að hugsa. Ekki veitir af. Merkilegt þetta með kristilegu kærleiksblómin og sprettuna. Þau eiga það víst til að poppa upp hér og hvar, það var lítil stúlka í Írak sem komst á forsíðu Fréttablaðsins uppi á Íslandi í morgun fyrir að eitt að fíla páfann. Er það kannski svona svipað og ef lítill drengur í Austurbæjarskóla kæmist á forsíðu helsta blaðs í Írak fyrir að halda því fram að Bath-flokkurinn hans Saddam Hussein væri rosa svalur fyrir að stjórna uppreisninni gegn innrás Bandaríkjamanna í landið sitt.

Í raun var stúlkugreyið á sama sjúkrahúsi og páfinn og var að gleðjast yfir því að hann hefði mótmælt stríðinu í Írak eins og margir aðrir, meira að segja uppi á Íslandi. En í hinu rúminu við hliðina á stúlkunni lá líka ung kona með AIDS á lokastigi, henni var ekki eins hlýtt til páfans vegna þess að hann hafði lagt blátt bann við að mennirnir sem keyptu þjónustu hennar notuðu smokk.

Það var ekki minnst á hana á forsíðunni.

En það var líka undarleg frétt í gær í útvarpinu þess efnis að breskur herforingi hefur verið settur til þess að rannsaka um 140 mál sem upp hafa komið um pyntingar og hrottaskap gagnvart föngum þeirra sem kalla sig hina viljugu í Írak. Þessir frelsandi herir undir forystu Bandaríkjamanna og Halldórs Ásgrímssonar. Þetta fannst mér nokkuð skondið. Að herforingi skuli vera settur til að rannsaka glæpi sinna eigin hermanna gagnvart föngum í landi sem þeir ráðast inn í án samþykkis Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Ég legg til að við tökum upp þennan góða sið hér, með því til dæmis að láta barnaníðinga dæma í barnaníðingamálum, það hljómar verulega kristilega eins og þetta með hinn vangann.

Og þar sem komið hefur í ljós að velflest öll þau rök sem gefin voru fyrir innrásinni í Írak standast ekki, fyrir nú utan það sem ekki var talað um, að þar er fullt af olíu, væri vel hugsanlegt að nota sömu aðferð og bara rölta inn í Landsbankann og ná mér í soldinn pening; ég er ekkert nógu ánægður með hann Björgólf og mig langar í peningana hans. Og svo yrði ég hvort sem er bara dæmdur af bankaræningjum og vafalaust látinn laus eins og gæinn sem ætlaði bara að borga fyrir sig þegar hann skar leigubílstjórann á háls. Hverjir eiga að dæma hann? Kjötiðnaðarmenn? Nei, Hæstiréttur Íslands lét hann lausan og hann fær meira að segja hnífinn sinn aftur, og brýni með.

Já, blessaðar fréttirnar. En stundum verður maður að lesa á milli línanna. Hvers vegna halda Bandaríkjamenn að þeir séu ekki vinsælir í þriðja heiminum? Gæti það verið vegna þess að þeir predika stefnu í heimsmálum sem skapar fátækt og örbirgð? Þegar 9/11 gerðist var mikið spurt á CNN hvernig þetta hefði getað gerst, það hafði enginn kjark í það að spyrja, hvers vegna gerðist þetta? Sjálfsgagnrýni er fyrir aumingja.

Það veina allir yfir fréttum af því hvernig fjárhagsleg neyð sendir börn í þrælkun, konur í vændi og menn í dauðann en hugsar aldrei neinn til þess að þetta er tilkomið vegna þess að auði heimsins er svo gífurlega ójafnt skipt og frelsi til þess að sölsa undir sig meiri auðæfi gagnast bara þeim sterku sem gera það í meira og meira mæli sem breikkar alltaf þetta bil. Ef þú átt tvo kyrtla þá gefurðu fátæka manninum einn, það gerir alltaf George Bush.

Nei, það virðist ekki vera mikið af raunverulegum náungakærleik í kristilegu froðusnakki Bandaríkjaforseta sem virkar alltaf eins og forritaður tölvuhaus, enda prógrammeraður af kærleikselskandi ofsatrúarmönnum eins og Billy Graham sem vill eflaust snúa hinni rasskinninni að öllum þriðja heiminum. Samkvæmt fréttunum eru múslimar með einkaleyfi á orðinu „ofsatrúarmenn“.

Finnst okkur þetta bara allt í lagi? Erum við og vinir okkar í Ameríku virkilega að bjarga heiminum, eða er bara status quo vegna þess að við höfum nóg að éta í dag og þurfum bara að hafa áhyggjur af því hvenær sé næst útsala í Ikea? ■




**AF NETINU**

### Ótrúleg ákvörðun

Ákvörðun útvarpsstjóra um ráðningu í starf fréttastjóra útvarps er ótrúleg. Hið sama má segja um þá umsögn útvarpsráðs sem ákvörðunin byggist á. Það sér það hver maður að sá sem ráðinn var er ekki sá sem líklegastur er til að vera hæfasti maðurinn. Hann hefur miklu minni reynslu af störfum á fréttastofu en þeir umsækjendur sem forstöðumaður fréttasviðs lagði til að ráðnir yrðu og hefur aðeins unnið fullt starf á slíkum vinnustað í nokkra mánuði, samanborið við upp í áratugareynslu annarra umsækjenda.

**Þórður Sveinsson á mir.is**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.903 **+0,06%**

**Fjöldi viðskipta:** 289
**Velta:** 1.436 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Marel** | 2,15% | **Tryggingamiðstöðin** | -1,68% |
| **Austurbakki** | 1,33% | **Samherji** | -0,83% |
| **Íslandsbanki** | 0,83% | **Landsbankinn** | -0,67% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,30 -0,49% ... Atorka 6,10 – ... Bakkavör 31,90 – ... Burðarás 13,95 +0,72% ... Flaga 5,50 +0, 36% ... Flugleiðir 14,30 – ... Íslandsbanki 12,10 +0,83% ... KB banki 534,00 – ... Kögun 59,20 +0,34% ... Landsbankinn 14,80 -0,67% ... Marel 57,00 +2,15% ... Og fjarskipti 4,13 -0,48% ... Samherji 12,00 -0,83% ... Straumur 10,15 – ... Össur 81,50 -0,61%

viðskipti
vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

# Fiskmarkaður Íslands áminntur

**Skilaði ekki uppgjöri til Kauphallar á réttum tíma.**

Stjórn Kauphallar Íslands ákvað í gær að áminna Fiskmarkað Íslands fyrir brot á upplýsingaskyldu útgefenda hlutabréfa.

Fiskmarkaðurinn birti ekki ársuppgjör sitt fyrir árið 2004 fyrr en 3. mars þrátt fyrir að stjórn félagsins hafi samþykkt uppgjörið á stjórnarfundi 26. febrúar sl. Samkvæmt reglum Kauphallar Íslands skulu útgefendur birta uppgjör í kjölfar stjórnarfundar. Stjórnarfundurinn var haldinn á laugardegi og því hefði átt að skila uppgjöri á mánudegi en það var ekki gert fyrr en á miðvikudegi.

Tryggvi Leifur Óttarsson, framkvæmdastjóri Fiskmarkaðar Íslands, harmar þau mistök sem áttu sér stað. Misskilningur milli stjórnenda hefði valdið því að uppgjörið var ekki sent strax til Kauphallarinnar.

„Sem betur fer áttu engin viðskipti sér stað með bréf félagsins milli mánudags og miðvikudags þannig að engir fjárfestar gátu nýtt sér þær upplýsingar sem fólust í uppgjörinu," segir hann.

- eþa



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÁMINNTI FISKMARKAÐ ÍSLANDS** Stjórnendur Fiskmarkaðarins brutu reglur Kauphallarinnar þegar þeir sendu ársuppgjör félagsins of seint frá sér og voru áminntir fyrir vikið.



MYND AP

**ÓRÓI Á MÖRKUÐUM** Hækkandi olíuverð getur haft víðtækar afleiðingar í efnahagslífi Bandaríkjanna.

# Olíuverð rýkur upp

Olíuverð heldur áfram að hækka. Tunnan fór yfir 57 dollara í gær og óttast margir að verðið kunni að hækka enn frekar á næstu misserum.

Þetta gerist þrátt fyrir að OPEC, samtök olíuframleiðsluríkja, ætli sér að auka framleiðsluna.

Hækkun olíuverðs hefur sett mark sitt á vísitölur bandaríska hlutabréfamarkaðarins sem hafa lækkað að undanförnu. Fjárfestar óttast að hátt olíuverð geti haft lamandi áhrif á bandarískt efnahagslíf, dregið úr hagvexti, aukið verðbólgu og leitt til vaxtahækkana hjá bandaríska Seðlabankanum.

- eþa



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÁNÆGÐIR MEÐ ÁRANGURINN** Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka og stjórnarformaður eignarhaldsfélagsins sem rekur Kauphöllina, og Þórður Friðjónsson forstjóri Kauphallar Íslands.

# Hagnaður hjá Kauphöll

Eignarhaldsfélagið sem rekur Kauphöll Íslands hagnaðist um 101,5 milljónir króna í fyrra og er það besta afkoma fyrirtækisins.

Á ársfundi Kauphallar Íslands í gær kom fram í máli Bjarna Ármannssonar, stjórnarformanns eignarhaldsfélagsins, að velta bréfa í Kauphöllinni hefði verið ríflega 2.200 milljarðar króna. Aukningin frá árinu 2003 er um fjörutíu prósent.

Bjarni gat þess einnig að íslenskt hlutafélög hefðu sótt 170 milljarða króna með nýskráningu bréfa í Kauphöllinni en súpphæð væri þrefalt hærri en félög í Kauphöll Noregs öfluðu þótt sá markaður væri tífalt stærri en hinn íslenski.

- þk



**JOHN UPDIKE (1932- )**
á afmæli í dag.



*„Hvernig mér tekst svona vel að skrifa kvenpersónur? Ég hugsa mér karlmann og fjarlægi svo bæði rökvísi og áreiðanleika.“*

***Ameríski rithöfundurinn John Updike fæddist í Shillington í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum. Hann stamaði sem barn og var þjáður af psóríasis, en móðir hans hvatti hann til að skrifa. Eftir Updike liggja um 30 skáldsögur og smásagnasöfn, auk margvíslegrar bókmenntagagnrýni.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Aðskilnaði hafnað í Suður-Afríku*

Þennan dag árið 1992 urðu ljósar niðurstöður kosninga í Suður-Afríku þar sem hvíti minnihlutinn veitti umboð til stjórnvalda sem vildu binda enda á aðskilnaðarstefnuna, apartheid. Talsmenn breytinga unnu yfirburðasigur í kosningum, sem metþátttaka var í. 68,6 prósent vildu breytingar og í sumum héröðum fór kosningaþátttaka yfir 96 prósent. „Í dag höfum við snúið baki við apartheid-stefnunni,“ sagði F. W. de Klerk, þáverandi forseti landsins, en hann fagnaði um leið 56 ára afmæli sínu. Nelson Mandela, forseti ANC, Afríska þjóðarráðsins, sem verið hafði í fangelsi í 27 ár vegna baráttu fyrir réttindum svartra, fagnaði einnig niðurstöðu kosninganna. Árið eftir náðist samkomulag um bráðabirgðastjórnarskrá. Árið 1994 vann svo Afríska þjóðarráðið fyrstu opnu kosningarnar í Suður-Afríku og Nelson Mandela varð forseti. Með þessum breytingum var aflétt viðskiptaþvingunum á hendur landinu, Suður-Afríka var aftur tekin inn í Breska samveldið og tók aftur sæti hjá Sameinuðu þjóðunum eftir 20 ára fjarveru. Mandela og de Klerk fengu friðarverðlaun Nóbels árið 1993 fyrir ólíkar en áhrifaríkar aðgerðir til að afnema aðskilnaðarstefnuna og framlag til uppbyggingar í Suður-Afríku. Árið 1999 lét Nelson Mandela af embætti forseta landsins. Þrátt fyrir miklar pólitískar umbætur plagar fátækt og ofbeldi enn marga íbúa Suður-Afríku.



**18. MARS 1992**
F. W. de Klerk, fyrrverandi forseti Suður-Afríku.

## MERKISATBURÐIR

**1760** Landlæknisembættinu komið á fót og Bjarni Pálsson skipaður landlæknir.

**1922** Mahatma Gandhi er dæmdur í sex ára fangelsi fyrir borgaralega óhlýðni.

**1926** Útvarpsstöð tekur formlega til starfa í Reykjavík með ávarpi Magnúsar Guðmundssonar atvinnumálaráðherra. Stöðin hætti fljótlega starfsemi.

**1931** Schick Inc. setur á markað fyrstu rafmagnsrakvélarnar í Bandaríkjunum.

**1963** Farþegaskipið Gullfoss skemmist mikið í eldi í Kaupmannahöfn.

**1977** Samningur undirritaður milli Íslands og Mikla norræna símafélagsins um að reisa hér jarðstöð til að annast fjarskiptasamband um gervihnött milli Íslands og annarra landa.

## ANDLÁT

**Ingibjörg Þórdís Sigurðardóttir** lést á sjúkrahúsinu í Jönköping í Svíþjóð miðvikudaginn 9. mars.

**Björn Ólafsson**, Krosseyrarvegi 9, Hafnarfirði, lést laugardaginn 12. mars.

**Kristbjörg Guðmundsdóttir**, frá Drangsnesi, Blikahólum 12, Reykjavík, lést mánudaginn 14. mars.

**Kristín Hansdóttir**, Hrafnistu, áður Gnoðarvogi 26, Reykjavík, lést þriðjudaginn 15. mars.

## JARÐARFARIR

11.00 **Hansína Þorkelsdóttir**, frá Siglufirði, Freyjugötu 39, Reykjavík, verður jarðsungin frá Digraneskirkju.

11.00 Minningarathöfn um **Kristbjörgu Guðmundsdóttur**, frá Drangsnesi, Blikahólum 12, Reykjavík, fer fram í Fossvogskirkju.

13.00 **Helga Björg Svansdóttir**, músíkþerapisti, Malarási 15, verður jarðsungin frá Langholtskirkju.

13.00 **Hulda Höydahl**, hjúkrunarheimilinu Grund, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

15.00 **Friðrik Guðmundsson**, fyrrverandi tollvörður, Sunnuvegi 9, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.

15.00 **Sigríður Guðmundsdóttir**, Stigahlíð 10, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1844** **Nikólæj Rimskíj-Korsakoff,** tónskáld.

**1858** **Rudolf Diesel,** verkfræðingur.

**1869** **Neville Chamberlain,** breskur stjórnmálamaður.

**1926** **Peter Graves,** leikari.

**1936** **F. W. de Klerk,** fyrrum forseti Suður-Afríku og Nóbelsverðlaunahafi.

**1956** **Ingemar Stenmark,** skíðagarpur.

**1966** **Jerry Cantrell,** gítarleikari Alice in Chains.

**1970** **Queen Latifah,** söng- og leikkona.

TÍMAMÓT: STARFSLOK OG SJÖTUGSAFMÆLI BRAGA ÁRNASONAR PRÓFESSORS

# Vetnisvæðingin er í augsýn

„Mér verður nú ekkert hent út úr Háskólanum. Það breytist ekki annað en að maður fer á eftirlaun og þarf ekki að kenna lengur,“ segir Bragi Árnason, prófessor í efnafræði við Háskóla Íslands, sem nú lætur af störfum. Bragi, sem er frumkvöðull í vetnisrannsóknum í heiminum, varð sjötugur fyrr í mánuðinum og í dag stendur efnafræðiskor raunvísindadeildar skólans fyrir kveðjufyrirlestri Braga í hátíðarsal Háskólans.

Dagskráin hefst klukkan þrjú með setningu og ávarpi háskólarektors.

Bragi segist áfram stunda rannsóknir en hann hefur átt stóran þátt í að koma Íslandi á kortið sem leiðandi afl í vetnisvæðingu. Bragi segir heiminn við það að fara að skipta um orkugjafa og telur að við hér verðum einna fyrst til. „Á átjándu öld fórum við að flytja inn kol og olíudropa á nítjándu öld. Um nítjánhundruð var svo meirihluti orkunnar sem notuð var í landinu innflutt. Síðan hefst virkjun vatnsaflsins á fyrstu áratugum tuttugustu aldar og jarðhitavæðing um miðja öldina þannig að um síðustu aldamót höfðum við farið í gegnum tvö meginstökk í að breyta um orkugjafa og tveir þriðju orkunnar sem notuð er í landinu er úr innlendum vistvænum orkugjöfum. Núna erum við um það bil að sjá síðasta stóra skrefið,“ segir hann og telur að vetnisvæðingin verði orðin að veruleika um miðja þessa öld. „Þá verðum við líkt og á víkingatímum með alla okkar orku frá innlendum orkugjöfum og búin að fikra okkur í það sem kalla mætti aðra sólarorkumenningu mannsins.“

Bragi segir að þótt við hér höfum forskot í því að geta með vistvænni raforku framleitt vetni þá sé ljóst að heimurinn allur komi til með að enda með sólarorkuna sem aðalorkulind. „Það verður ekki um annað að ræða,“ segir hann, enda fyrirséður samdráttur í olíuframleiðslu og um leið vaxandi orkuþörf, einkum þróunarríkja. Bragi segir menn telja að beislun sólar til framleiðslu raforku verði orðin hagkvæm eftir um 20 til 30 ár. „Það verður hins vegar alltaf þörf fyrir geymslu og eldsneyti og þar kemur vetnið inn í myndina.“

Bragi segir ástæðuna fyrir því hve mikill áhugi er á vetnistilraunum hér á landi vera þá að við þurfum vegna vatnsaflsins ekki að bíða eftir sólarorkunni. „Við getum byrjað þessa hluti strax og erum raun byrjuð. Þjóðfélagið er lítið og hentugt og því er horft til þess að nota landið sem nokkurs konar tilraunaland til að byggja upp á næstu 20-30 árum vetniskerfi þannig að þegar kemur að sólarorkunni verði hægt að flytja þessa þekkingu yfir á stærri þjóðir.“ Bragi segir tilraunir með vetnisstrætisvagna hafa gengið snurðulaust og mun betur en hann hafi átt von á. „Það bilaði einu sinni rafgreiningin í stöðinni, en það var nú bara vegna þess að Norðmenn voru að prófa nýja tækni.“ Þá segir hann að General Motors hafi lýst því yfir að þeir ætli að markaðssetja árið 2010 nýja tegund vetnisbíla, en sjálfur er hann búinn að sjá frumgerð slíkra bíla sem komast 480 kílómetra á einni fyllingu. „Fyrir slíka bíla þyrfti ekki nema fjórar til fimm vetnisstöðvar til að fara hringveginn og fimmtán til að komast um allt landið. Þetta sýnir hvað einfalt er að byrja hér.“ ■



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**BRAGI ÁRNASON EFNAFRÆÐIPRÓFESSOR** Síðustu 30 ár hefur Bragi verið frumkvöðull á sviði vetnisrannsókna og hlotið fjöldann allan af viðurkenningum fyrir störf sín. „Það hefur alltaf tekið um fimmtíu ár að skipta úr einum orkugjafa í annan,“ segir hann og telur slík skipti í farvatninu.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## AFMÆLI

**Hafsteinn Sigurjónsson** múrarameistari, Aflagranda 40, er áttræður í dag. Hann dvelur ásamt fjölskyldu sinni í London á afmælisdaginn.





**Svavar Reynir Benediktsson**, Asparfelli 6, Reykjavík, er sjötugur í dag. Af því tilefni bjóða hann og eiginkona hans Sigríður Sigurðardóttir vinum og vandamönnum til veislu í hátíðarsal hestamannafélagsins Fáks í reiðhöllinni í Víðidal klukkan hálf níu í kvöld.

**Álfrún Gunnlaugsdóttir**, prófessor og rithöfundur, er 67 ára í dag.
**Pétur Gunnarsson**, framkvæmdastjóri þingflokks Framsóknarflokksins, er 45 ára í dag.
**Heimir Karlsson** dagskrárgerðarmaður er 44 ára í dag.
**Jóhann R. Benediktsson** sýslumaður á Keflavíkurflugvelli er 44 ára í dag.
**Leifur B. Dagfinnsson** kvikmyndagerðarmaður 37 ára í dag.
**Einar Bárðarson** athafnamaður er 33 ára í dag.
**Páll Pálsson** leikari er 31 árs í dag.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, pabbi okkar, sonur, bróðir og mágur,*

**Gylfi Hauksson**
Álfatúni 10, Kópavogi,

sem lést á heimili sínu mánudaginn 14. mars, verður jarðsunginn frá Hjallakirkju í Kópavogi mánudaginn 21. mars kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Olga Stefánsdóttir**
**Dagný Gylfadóttir** **Stefán Haukur Gylfason**
**Brynhildur Olgeirsdóttir**
**Ástríður Hauksdóttir** **Georg Tryggvason**
**Trausti Hauksson** **Alda B. Marinósdóttir**
**Kjartan Hauksson** **Ásgerður Jónsdóttir**
**Ísak Sverrir Hauksson** **Guðrún B. Karlsdóttir.**



# 70 ára
## Afmæli

Föstudaginn 18. mars verður sjötugur
**Svavar Reynir Benediktsson**
Asparfelli 6, Reykjavík.

Af því tilefni bjóða hann og eiginkona hans Sigríður Sigurðardóttir vinum og vandamönnum til veislu í hátíðarsal hestamannafélagsins Fáks í reiðhöllinni í Víðidal kl. 20.30 föstudagskvöldið 18. mars.



# Afmæli

Fertugur er í dag
**Jóhann Tryggvi Jónsson**
útgerðar- og fjöláhugamaður, til heimilis að Tjarnarbraut 29, Hafnarfirði.

Hann hefur alla tíð verið búsettur í Hafnarfirði. Tryggvi er sérlegur áhugamaður um áhugamál, hafa þau átt hug hans allan á meðan yfir stendur. Tryggvi er kvæntur Árnýju S. Þórólfsdóttur og eiga þau dótturina Önnu Stellu.


# LOKAÐ

Vegna jarðarfarar Helgu Bjargar Svansdóttur verða skrifstofur Landsnets hf. í Reykjavík lokaðar í dag föstudaginn 18. mars 2005 frá kl. 12:00.

Landsnet hf. Krókhálsi 5C



Minningarkort
535 1825
HJARTAVERND
www.hjarta.is • 535 1800


Allt að 90% lán
á nýjum bílum
í góðum gír
á betri vöxtum
með S24 netbílalán
Hagstæðir vextir 9,5%
• Lántökugjald aðeins 0,9%
• Lán til allt að 7 ára (84 mánaða)
• Hægt að fá kostnað lánaðan
• Hægt að greiða inná lánið hvenær sem er
• Engin lágmarksupphæð
• Léttari greiðslubyrði
• Óverðtryggðir og breytilegir vextir
Vertu viss um að þú sért að hagnast
á þínum bankaviðskiptum...
S24 ...og þú hagnast
SHOPUSA.IS
Sæktu um lán... WWW.s24.is Sími 533 2424 – Kringlan
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
S24 er sjálfstæð rekstrareining innan Sparisjóðs Hafnarfjarðar

## Að gefnu tilefni ...

... vekjum við athygli á því að í auglýsingu okkar í gær gætti ónákvæmni þegar vaxtarprósenta lána var sett í þann dálk skattframtalsins sem ætlaður er fyrir hlutfall láns sem nýtt er til íbúðarkaupa, auk þess sem vantaði lántökudag og upplýsingar um lántökukostnað.

**Lesendum þeirrar auglýsingar og einnig þeim viðskiptavinum bankans sem sendur hefur verið markpóstur með sama efni er bent á að við útfyllingu skattframtals má ekki hafa þetta kynningarefni bankans til hliðsjónar. Því er eingöngu ætlað að sýna fram á þá lækkun á greiðslubyrði sem hægt er að ná fram með KB ÍBÚÐALÁNI. Varðandi útfyllingu skattframtals er bent á leiðbeiningar ríkisskattstjóra.**

**Til upplýsinga:** Við útreikninga á dæmum er miðað við greiðslur í heilt ár enda þótt KB ÍBÚÐALÁN hafi ekki boðist fyrr en um mitt sl. ár. Gert er ráð fyrir að lánin séu tekin í desember árinu á undan með fyrstu afborgun í janúar. Ekki er tekið tillit til verðbólgu og lántökukostnaðar er ekki getið í þessum samanburði þar sem hann fellur ekki til innan framtalsársins.

# ÞAÐ HEFUR ALD
# GAMAN AÐ FYLLA Ú

ENNEMM / SÍA / NM15677

Dæmi um íbúðarhúsnæði sem er með áhvílandi veðskuldir
að fjárhæð 10,5 milljónir króna.

Staðsetning íbúðarhúsnæðis:

Kaupár: | Fyllist út af skattstjóra | 299

Vaxtagjöld og lán eða lánshlutar sem ekki ganga til öflunar íbúðarhúsnæðis færast í kafla 5.5.

| 1 Lánveitandi | Lánsnúmer | Hlutfall (%) | 2 Lántökudagur | 3 Lánstími | 4 Yfirtökudagur | 5 Heildargreiðslur ársins | 6 Afborgun af nafnverði | 7 Afföll | 8 Lántökukostnaður | | 9 Vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis | 10 Eftirstöðvar skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Íbúðalánasjóður** * | | 100% | 31.12.03 | 25 ár | | +450.829 | − 128.640 | + | + | = | 322.189 | 6.201.359 |
| **Lífeyrissjóður** * | | 100% | 31.12.03 | 25 ár | | +136.168 | − 46.675 | + | + | = | 89.493 | 2.001.325 |
| **Banki** * | | 100% | 31.12.03 | 10 ár | | +438.582 | − 255.696 | + | + | = | 182.886 | 2.301.300 |
| Fært af framhaldsblaði RSK 3.01 | | | | | | | | | | | | |
| **Vaxtagjöld/eftirstöðvar vegna öflunar íbúðarhúsnæðis samtals** | | | | | | | | | | | 87 **594.568** | 45 10.503.984 |

* Vextir Íbúðalánasjóðs 5,10%, vextir lífeyrissjóðs 4,30%, vextir banka 7,40%.

# REI VERIÐ SVONA T SKATTFRAMTALIÐ




Dæmi um íbúðarhúsnæði sem er fjármagnað með **KB ÍBÚÐALÁNI** til 40 ára að upphæð 10,5 milljónir króna.

| Staðsetning íbúðarhúsnæðis: | | | | | | | Vaxtagjöld og lán eða lánshlutar sem ekki ganga til öflunar íbúðarhúsnæðis færast í kafla 5.5. | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupár: | | | Fyllist út af skattstjóra | 299 | | | 9 Vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis | 10 Eftirstöðvar skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis |
| 1 Lánveitandi KB ÍBÚÐALÁN * | Lánsnúmer | Hlutfall (%) 100% | 2 Lántökudagur 31.12.03 | 3 Lánstími 40 ár | 4 Yfirtökudagur | | | |
| 5 Heildargreiðslur ársins + 546.143 | 6 Afborgun af nafnverði - 105.690 | 7 Afföll + | 8 Lántökukostnaður + | | | = | 4 4 0 4 5 3 | 1 0 4 9 9 3 1 0 |
| 1 Lánveitandi | Lánsnúmer | Hlutfall (%) | 2 Lántökudagur | 3 Lánstími | 4 Yfirtökudagur | | | |
| 5 Heildargreiðslur ársins + | 6 Afborgun af nafnverði - | 7 Afföll + | 8 Lántökukostnaður + | | | = | | |
| 1 Lánveitandi | Lánsnúmer | Hlutfall (%) | 2 Lántökudagur | 3 Lánstími | 4 Yfirtökudagur | | | |
| 5 Heildargreiðslur ársins + | 6 Afborgun af nafnverði - | 7 Afföll + | 8 Lántökukostnaður + | | | = | | |
| Fært af framhaldsblaði RSK 3.01 | | | | | | | | |
| Vaxtagjöld/eftirstöðvar vegna öflunar íbúðarhúsnæðis samtals | | | | | | 87 | 4 4 0 4 5 3 | 45 1 0 4 9 9 3 1 0 |

Í dæminu er lánstími lengdur og óhagstæðari skuldum breytt í KB ÍBÚÐALÁN til 40 ára.

* Vextir KB ÍBÚÐALÁNS 4,15%.

Vaxtagjöldin voru 594.568 kr. en lækka í 440.453 kr. með KB ÍBÚÐALÁNI til 40 ára, sem er sparnaður upp á **154.115 kr.** á ári. Heildargreiðslubyrðin á ári var 1.025.579 kr. en lækkar í 546.143 kr. með KB ÍBÚÐALÁNI.

Kynntu þér **KB ÍBÚÐALÁN** í næsta útibúi, á kbbanki.is eða í síma 444 7000.

KB BANKI
– kraftur til þín!



**Aðal frétt dagsins**

**Stórsigur Fylkis á Valencia**

Fylkismenn eru að gera fína hluti í æfingaferð sinni á Spáni þessa dagana. Í gær bar liðið sigurorð af B-liði Valencia, 2–0, í æfingaleik og skoruðu Sævar Þór Gíslason og Helgi Valur Daníelsson mörk Fylkismanna.

**sport**

sport@frettabladid.is

**HNEFALEIKAKAPPINN ÞÓRÐUR SÆVARSSON:** MÆTIR BRESKA MEISTARANUM Á BROADWAY Í KVÖLD

# *Ætlar ekki að fela sig í hringnum*

Það verður flugeldasýning á Broadway í kvöld þegar Íslendingar og Bretar mætast í boxhringnum. Boðið verður upp á mat og boxsýningu fyrir þá sem vilja en einnig er hægt að mæta eingöngu á hnefaleikasýninguna, sem jafnframt verður í beinni útsendingu á Sýn. Meðal þeirra sem keppa er Skúli „Tyson“ Vilbergsson en stóri bardagi kvöldsins er á milli Þórðar „Doddy“ Sævarssonar og breska meistarans, Michael Bailey. Skipuleggjendur lofa svakalegum bardaga enda er Þórður stærsta von Íslands í hnefaleikaheiminum og Bailey besti boxari sem hingað hefur komið síðan ólympískir hnefaleikar voru leyfðir á ný.

„Þetta verður rosalega skemmtilegt og ég er orðinn mjög spenntur. Ég geri mér samt vel grein fyrir því hversu öflugur maður þetta er. Hann skal samt fá að vinna fyrir hlutunum. Ég er ekki að fljúga hingað frá Danmörku til þess að fela mig í hringnum og hlaupa undan honum. Ég hjóla bara beint í hann,“ sagði Þórður nýlentur frá Danmörku þar sem hann vann silfurverðlaun á danska meistaramótinu. Þórður, sem er 27 ára, hefur æft hnefaleika í sex ár en byrjaði ekki að keppa reglulega fyrr en hann flutti út til Danmerkur seinni hluta síðasta árs. Í Danmörku passar Þórður börn á daginn og æfir síðan hnefaleika af fullum krafti á kvöldin.

„Ég hef bætt mig mikið eftir að ég flutti út enda umhverfið allt annað en hér heima þótt ég sé ekki að gera lítið úr því góða starfi sem menn eru að vinna hér,“ sagði Þórður, sem ætlar sér að sigra á næsta danska meistaramóti.



**> Við gleðjumst yfir því ...**



... að það fari saman góð sjónvarpsútsending og góð mæting líkt og raunin var í oddaleikjunum þremur í 1. umferð úrslitakeppninnar í körfubolta á miðvikudaginn. Frábær auglýsing fyrir körfuna í alla staði.

**> Við mælum með ...**

... að hnefaleikaáhugamenn og aðrir þeir sem vilja styrkja gott málefni leggi leið sína á Broadway í kvöld en þar stendur Hnefaleikafélag Reykjavíkur fyrir keppni við breska hnefaleikakappa. Allur ágóði keppninnar mun renna til Regnbogabarna.




AÐALFUNDUR
SÍF HF. SÍF

**Aðalfundur SÍF hf. verður haldinn föstudaginn 18. mars 2005, kl. 14.00 í Súlnasal Radisson SAS Hótel Saga.**

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á s.l. starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýringum endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákveðin þóknun til stjórnar.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins:
   a. Breyting á 5. gr.: Fækkun stjórnarmanna úr sjö í fimm.
   b. Breyting á 7. gr.: Reikningsár félagsins verði 1. júlí til 30. júní.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning endurskoðenda félagsins.
7. Tillaga um heimild stjórnar félagsins til að kaupa hluti í félaginu skv. 55. gr. laga um hlutafélög.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega kunna að verða lögð fyrir fundinn eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Hluthöfum er sérstaklega bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir fundinn.

*Um kvöldið verður haldið aðalfundarhóf fyrir hluthafa, gesti þeirra, framleiðendur og starfsmenn SÍF hf. á Radisson SAS Hótel Saga og hefst hófið kl. 20.00. Húsið verður opnað kl. 19.30. Miðapantanir eru í síma 550 8000.*

Hafnarfjörður,
4. mars 2005
Stjórn SÍF hf.

ENNEMM / SÍA / NM15463




# Mikil dramatík

## Keflavík og Grindavík eru komin með forystu eftir fyrstu umferð úrslitakeppninnar í 1. deild kvenna í körfuknattleik sem hófst í gærkvöldi.

**KÖRFUBOLTI** Fyrsta umferð úrslitakeppninnar í 1. deild kvenna í körfuknattleik fór fram í gærkvöldi með tveimur leikjum. Keflavík mætti ÍS og þurfti framlengingu til að ná fram úrslitum. Í Grindavík reyndist Rita Williams heimastúlkum vel og tryggði sigur með vítaskoti er leiktíminn var runninn út.

Mikil dramatík einkenndi viðureign Keflavíkur og ÍS. Gestirnir náðu sex stiga forystu þegar þrjár mínútur voru eftir en reynsluboltarnir Anna María Sveinsdóttir og Birna Valgarðsdóttir settu hvor sinn þristinn og Alex Stewart tryggði síðan Keflavík framlengingu með fjórum síðustu stigum leiksins.

Í framlengingunni var Stewart allt í öllu og kórónaði góðan leik sinn. Hún var með 5 af 19 stigum sínum og Keflavík skoraði 6 síðustu stig framlengingarinnar. Lokatölur urðu 77-71.

Miklar sveiflur voru í leik Grindavíkur og Hauka. Grindavík komst 19 stigum yfir í öðrum leikhluta og var 12 stigum yfir í hálfleik, 44-32. Rita Williams var gestunum erfið og skoraði 20 stig á fyrstu 16 mínútum leiksins og áttu Haukar í miklum vandræðum með hana.

Haukarnir voru sterkari aðilin í þriðja leikhluta en liðið vann hann með 10 stigum og hafði 8 stiga forystu er 5 mínútu lifðu eftir leiks. Þá fór Williams í gang á ný, skoraði 9 stig á skömmum tíma, meðal annars úr vítaskoti er leiktíminn var úti og tryggði eins stig sigur, 71-70. ■



**ALEX STEWART, LEIKMAÐUR KEFLAVÍKUR** Átti stórleik og var sérstaklega mikilvæg í lokin þegar hún skoraði 9 dýrmæt stig á síðustu 6 mínútum leiksins. Stewart var með þrefalda tvennu í leiknum.

### *1. deild kvenna í körfu:*

**KEFLAVÍK–ÍS 77–71**

**Stig Keflavíkur:** Alex Stewart 19 (13 frák., 10 stoðs.), Birna Valgarðsdóttir 19 (9 frák.), Anna María Sveinsdóttir 14 (11 frák.), Bryndís Guðmundsdóttir 13 (8 frák.), Rannveig Randversdóttir 9 (6 frák), Svava Ósk Stefánsdóttir 3.

**Stig ÍS:** Alda Leif Jónsdóttir 28 (6 stoðs. 4 stolnir), Signý Hermannsdóttir 16 (17 frák.), Angel Mason 7 (12 frák.), Hafdís Helgadóttir 6, Erna Magnúsdóttir 5, Stella Rún Kristjánsdóttir 4, Þórunn Bjarnadóttir 4.

**GRINDAVÍK–HAUKAR 71–70**

**Stig Grindavíkur:** Rita Williams 31 (6 stoðs.), Svandís Sigurðardóttir 11 (8 frák.), Ólöf Helga Pálsdóttir 9, Sólveig Gunnarsdóttir 7, María Anna Guðmundsdóttir 6, Erla Reynisdóttir 4, Erla Þorsteinsdóttir 2.

**Stig Hauka:** Ebony Shaw 25 (8 frák.), Helena Sverrisdóttir 18 (12 frák., 6 stoðs.), Kristrún Sigurjónsdóttir 16, Ragnheiður Theodórsdóttir 4, Hanna Hálfdanardóttir 4, Pálína Gunnarsdóttir 3.


**Þjálfarastyrkir ÍSÍ** **Vor 2005**

Verkefnasjóður Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands auglýsir hér með til umsóknar styrki fyrir íþróttaþjálfara til að sækja sér menntun eða kynna sér þjálfun erlendis.

Veittir verða **8 styrkir**, hver að upphæð **kr. 50.000,-**

Við úthlutun verður leitast við að styrkja sem flestar íþróttagreinar. Þjálfarar hvers kyns hópa (afreksmanna, barna og unglinga o.s.frv.) koma jafnt til greina við úthlutun. Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um styrkina.

Umsóknum með lýsingu á náms- og starfsferli, auk greinargóðrar lýsingar á fyrirhugaðri ráðstöfun styrksins og ávinningi íþróttahreyfingarinnar af henni, skal skilað til skrifstofu ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fyrir mánudaginn 11. apríl n.k.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á skrifstofu ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal og á heimasíðu ÍSÍ – **www.isisport.is**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

15 16 17 **18** 19 20 21

**Föstudagur**

### LEIKIR

- 19.00 **Keflavík** og **Þróttur** mætast í Reykjaneshöllinni í 2. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 19.15 **Völsungur** og **FH** mætast í Boganum í 2. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 19.15 **Stjarnan** og **Selfoss** mætast í Ásgarði í 1. deild karla í handbolta.
- 19.15 **Fram** og **FH** mætast í Framhúsinu í 1. deild karla í handbolta.
- 19.15 **Afturelding** og **Grótta/KR** mætast á Varmá í 1. deild karla í handbolta.
- 20.30 **Höttur** og **Stjarnan** mætast á Egilsstöðum í úrslitakeppni 1. deildar karla í körfubolta.
- 20.30 **Valur** og **Breiðablik** mætast í Valsheimilinu í úrslitakeppni 1. deildar karla í körfubolta.
- 21.00 **Breiðablik** og **FH** mætast í Fífunni í A-deild deildarbikars kvenna í fótbolta.

### SJÓNVARP

- 17.15 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- 18.00 **Upphitun** á Skjá einum.
- 18.15 **Olíssport** á Sýn.
- 19.30 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Fréttaþáttur um Meistaradeildina í fótbolta.
- 20.00 **World Series of Poker** á Sýn.
- 21.30 **Barist fyrir gott málefni** á Sýn. Bein útsending frá hnefaleikaveislu á Broadway.
- 00.30 **NBA-boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Indiana Pacers** og **Los Angeles Lakers** í NBA-deildinni í körfubolta.

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM



Utah Jazz tapaði sjöunda leik sínum í röð þegar liðið sótti Indiana Pacers heim í NBA-körfuboltanum í fyrrinótt. **Stephen Jackson** var stigahæstur heimamanna með 28 stig og lokatölur urðu 103-84. Pacers berst nú fyrir sæti í úrslitakeppninni en liðið er sem stendur í sjöunda sæti Austurdeildarinnar, sextán og hálfum sigurleik á eftir Miami Heat sem situr sem fastast í efsta sætinu.



**Jacques Villeneuve**, ökumaður hjá Sauber í Formúlu 1 kappakstrinum, kannast ekki við að tilraunaökumaðurinn **Anthony Davidson** eigi að taka sæti sitt í liðinu eftir slakan árangur í fyrstu keppni tímabilsins sem fram fór í Melbourne í Ástralíu fyrir hálfum mánuði síðan. „Hef ekki lesið það né séð það og er alveg sama,“ sagði **Villeneuve** sem varð 13. í mark í Melbourne. Næsta keppni fer fram í Kúala Lúmpúr í Malasíu um helgina.

Forráðamenn Orlando Magic í NBA-körfuboltanum ákváðu í vikunni að reka þjálfarann **Johnny Davis** eftir sjötta tapleik liðsins í röð. **Ron Ekker**, aðstoðarþjálfari liðsins, hefur verið ráðinn í hans stað. „Okkur fannst þörf á nýjum leiðtoga og nýrri stefnu hjá liðinu,“ sagði **John Weisbrod**, framkvæmdastjóri Magic.



**Ole Gunnar Solskjær**, leikmaður Manchester United, er vongóður um að snúa aftur á völlinn í haust. **Solskjaer**, sem er 32 ára að aldri, hefur ekkert leikið með United í vetur eftir aðgerð á hné. Norðmaðurinn knái fullyrti að endurhæfingin væri á góðri leið. „Ég finn ekkert til þegar ég skokka en hins vegar kemur smávægilegur verkur þegar ég bæti við hraðann,“ sagði **Solskjaer**.

Drátturinn í Meistaradeild Evrópu fer fram í dag og Liverpool er annað enskra liða sem er í pottinum:

# Mjög mikilvæg keppni fyrir stuðningsmenn Liverpool

**FÓTBOLTI** Dregið verður í 8-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu í dag en athygli vakti að Arsenal og Manchester United duttu út í 16-liða úrslitum á meðan Chelsea og Liverpool tryggðu sér áframhaldandi þátttökurétt í keppninni.

Chelsea var reyndar með bakið upp við vegg eftir fyrri viðureign liðsins við Barcelona sem fór 2-1 fyrir Börsungum. Jose Mourinho og lærisveinar hans voru ekki af baki dottnir og unnu seinni leikinn á Stamford Bridge 4-2 og slógu þar með Barcelona úr leik. Mourinho olli töluverðu fjaðrafoki innan UEFA, Knattspyrnusambands Evrópu, og var kallaður „óvinur fótboltans“ af Volker Roth, yfirmanni dómaramála hjá UEFA.

Liverpool vann báða leikina gegn þýska liðinu Bayer Leverkusen 3-1 og samanlagt 6-2. „Það var ánægjulegt að komast áfram því við vitum hvað þessi keppni er mikilvæg aðdáendum liðsins,“ sagði Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool.

Önnur lið í pottinum ásamt Liverpool og Chelsea eru Bayern Munchen, Juventus, PSV Eindhoven, AC Milan, Lyon og Inter Milan.




**RAFAEL BENITEZ KNATTSPYRNUSTJÓRI LIVERPOOL** Segir árangur liðsins í Meistaradeildinni mikilvægan fyrir stuðningsmenn liðsins.









# STUÐ MILLI STRÍÐA | Kærastan mín missti minnið

**BIRGIR ÖRN STEINARSSON** ER BÚINN AÐ EIGA SLÆMA VIKU



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ástin í lífi mínu var að missa minnið. Í dag þekkir hún mig ekki og getur ómögulega munað öll þau viskubrot sem ég hafði frætt hana um.

Kærastan mín missti minnið þegar við fórum saman í heimsókn til vinar míns til að búa til smá tónlist. Við eigum í mjög opnu sambandi, ég og kærastan mín, þannig að ég treysti vini mínum mjög vel fyrir því að gera það sem hann vill við hana. Þannig atvikaðist það að þegar við vorum komin heim til vinar míns leggur hann hana á borðið og opnar. Síðan stingur hann vír inn í hægri síðuna á henni. Ástin mín er sterk stúlka og lætur sem ekkert sé, að minnsta kosti í fyrstu. Svo, án allrar viðvörunar, hættir kærastan að svara mér eða vini mínum. Hún var bara galtóm og við vinirnir gerum okkur fljótlega grein fyrir því að það er engin starfsemi í gangi í heilanum á henni.

Eins og gefur að skilja var þetta mikið áfall fyrir mig. Síðan heilinn á kærustunni minni hætti að starfa hef ég farið með hana til nokkurra sérfræðinga og lækna. Fékk loksins tíma hjá sérfræðingi sem var að enda við að segja mér að það eina sem ég geti gert sé að kenna henni allt upp á nýtt. Heili hennar hafi algjörlega grillast og hún verði aldrei söm aftur. Sem betur fer átti ég annað afrit af mikilvægustu upplýsingunum heima.

Þetta er einn stærsti bömmer sem ég hef upplifað lengi.

En það er víst ástæða fyrir öllu og ég á bókað eftir að læra af þessu. En hvað þá? Hmmm, ætli þetta hafi ekki bara átt að kenna mér að það sé mun hollara að stofna til ástarsambands við kvenmenn af holdi og blóði, í stað þess að kalla tölvuna sína kærustu? ■




# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# Constantine í Hollywood

**[ MYNDASÖGUR ]**

**UMFJÖLLUN**




**JOHN CONSTANTINE:**
HELLBLAZER – ALL HIS ENGINES
**HÖFUNDUR:** MIKE CAREY

**NIÐURSTAÐA:** „All His Engines" er frábær bók og eins og í flestum Constantine-bókum kemur sagan mátulega oft á óvart án þess að misbjóða gáfum lesandans.

Nú nýlega var loksins frumsýnd kvikmyndin um galdramanninn John Constantine, byggð á Hellblazer-myndasögunum vinsælu. Dyggir Hellblazer-lesendur voru ekkert sérstaklega ánægðir með myndina, enda ku hún ekki hafa sýnt rétta mynd af kappanum. Mörgum þótti sérstaklega slæmt að Constantine hefði verið gerður að nettum svipbrigðalausum Kana á hvíta tjaldinu, en ekki hrjúfum Tjalla með kolsvarta kímnigáfu eins og hann er á myndasögusíðunum. En flestum þótti bara nógu slæmt að viðfangsefnið yrði að klisjukenndu tónlistarmyndbandi fyrir unglinga. Constantine hefur lent illa í alls konar djöflum, illmennum og ormaætum, en nú virðist sem Hollywood hafi farið hvað verst með hann.

En jæja, það er ennþá hægt að lesa gömlu góðu bækurnar, þar sem karlinn blótar með bresku slangri og dansar ekki einhvern Neo-dans þegar hann kveikir sér í sígarettu. Sú nýjasta heitir „All His Engines" og er gott móteitur við bitlausri kvikmyndinni. Constantine þefar hér uppi einn viðbjóðslegasta dímon sem sést hefur í bókunum, Beroul að nafni. Beroul líkist allra helst holdsveikum offitusjúklingi. Hann gengur um í slopp, reykir vindla og baðar sig í sundlaug fullri af rotnuðum líkum. Og hann á heima í Beverly Hills. Eiginlega er hann bara svolítið úrkynjuð útgáfa af kvikmyndaframleiðanda í Hollywood.

Hvort Beroul er meðvitað skot á bandaríska kvikmyndaframleiðslu eður ei er ekki mitt að segja. Hins vegar er ekki leiðinlegt að lesa hann sem slíkan. Og svo er „All His Engines" bara frábær bók.

Eins og í flestum Constantine-bókum kemur sagan mátulega oft á óvart án þess að misbjóða gáfum lesandans. Auk þess leyfir hún sér að ganga lengra en Warner-bræður þorðu í vatnsblandaðri útgáfu sinni, hvað varðar hrylling, húmor og góða frásögn.

**Hugleikur Dagsson**

birta
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á FÖSTUDÖGUM
birta






*„You see, in this world there's two kinds of people, my friend: Those with loaded guns and those who dig. You dig.“*



- Það fer Clint Eastwood vel að gefa skipanir en hann hefur þó sjaldan verið reffilegri en í hlutverki nafnlausa mannsins í The Good, the Bad and the Ugly.

# bíó

bio@frettabladid.is

## Syngjandi föruneyti?

Það er nánast óhugsandi að hægt sé að gera Hringadróttinssögu J.R.R Tolkiens betri skil en Peter Jackson hefur þegar gert með þríleik sínum. Engu að síður virðast einhverjir vera á annarri skoðun, því nú stendur fyrir þrifum að setja upp söngleik byggðan á þessu magnaða verki.

Það er fjölþjóðlegt lið sem stendur að þessari uppfærslu sem frumsýnd verður í Toronto eftir ár. Höfundur tónlistar heitir A.R. Rahman og kemur frá Indlandi, leikstjórinn er breskur og heitir Matthew Warchus og framleiðandinn, Kevin Wallace, er kanadískur. Undirbúningur að söngleiknum hefur staðið yfir í fjögur ár og vonast framleiðandinn til að uppfærslan fari frá Toronto til London og endi jafnvel á Broadway. Og nú er bara að bíða, vona og sjá hvort að söngleikurinn berist ekki hingað til lands enda eru eflaust margir söngvarar sem láta sig dreyma um hlutverk í Hringadróttinssögu.



### EKKI MISSA AF...

**Sideways**, sem er líklega besta myndin sem keppti um Óskarverðlaunin í ár. Það er óvenjumikið í handrit myndarinnar spunnið og það eru fyrst og fremst kostuleg samtöl sem keyra myndina áfram en ekki spillir fyrir fantagóð frammistaða allra aðalleikaranna. Það er einhver óræð snilld fólgin í því að geta gert bráðskemmtilega gamanmynd um tvo einstaklega óaðlaðandi menn sem eiga varla skilinn snefil af samúð áhorfenda en **Paul Giamatti** og **Thomas Haden Church** fara hins vegar létt með að gæða leppalúðana sem myndin snýst um lífi. Sideways er gullmoli sem gleymist seint.



### FRUMSÝNDAR UM HELGINA

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



**Robots**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 6,5/10 |
| Rottentomatoes.com | 64% = Fersk |
| Metacritic.com | 69/100 |



**Ring 2**

| | |
|---|---|
| Rottentomatoes.com | 31% = Rotin |

Myndin er heimsfrumsýnd um helgina og hefur ekki fengið dóma á Metacritic og Internet Movie Database.

# Draugurinn Samara snýr aftur

Hrollvekjan The Ring 2 verður frumsýnd hérlendis um helgina. Um er að ræða framhald myndarinnar The Ring sem kom út fyrir nokkrum árum en sú var bandarísk endurgerð japönsku myndarinnar Ringu sem kom út árið 1998. Vakti hún mikla athygli fyrir að hafa fengið hár kvikmyndagesta til að rísa hvað eftir annað með frumlegum efnistökum.

Fjallaði hún um myndbandsspólu sem varð til þess að allir sem sáu hana dóu drottni sínum nákvæmlega viku síðar á kvalafullan hátt. Myndin var byggð á bókum japanska hrollvekjuhöfundarins Koji Suzuki og varð tekjuhæsta mynd sögunnar í Japan. Hefur hún þegar getið af sér tvær framhaldsmyndir þar í landi. Bandaríska útgáfan þótti gefa þeirri japönsku lítið sem ekkert eftir og fékk fínar viðtökur.

Í The Ring 2 er Naomi Watts aftur í hlutverki rannsóknarblaðakonunnar Rachel Keller og gerist myndin sex mánuðum eftir þá atburði sem áttu sér stað í fyrri myndinni. Keller ákveður að flytjast ásamt syni sínum frá Seattle til smábæjar í Oregon til að flýja undan þeim hörmungum sem áttu sér stað og byrja nýtt líf. Fljótt fer draugurinn Samara þó að láta á sér kræla á ný og Keller þarf að taka á öllu sem hún á til að halda lífi.

Með önnur helstu hlutverk fara David Dorfman sem leikur son Keller, Simon Baker sem hefur getið sér gott orð fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum The Guardian, hin reynda leikkona Elizabeth Perkins og Sissy Spacek sem er þekkt fyrir myndir á borð við Coal Miner's Daughter og Carrie.

Leikstjóri er Hideo Nakata sem leikstýrði upprunalegu japönsku myndunum Ringu 1 og 2. Er þetta frumraun hans í Hollywood. Nakata á einnig að baki spennumyndina Dark Water sem kom út í Japan fyrir þremur árum og naut mikilla vinsælda. Endurgerð hennar verður brátt frumsýnd í Hollywood með Jennifer Connelly í aðalhlutverki. ■



**RING 2** Rannsóknarblaðakonan Rachel Kellert flytur til smábæjar í Oregon ásamt syni sínum. Þau eru þó ekki laus við drauginn Samara.








Þín upplifun
FM
957

**Kl. 16.00**
*Föstudagsdjamm verður í Stúdentakjallaranum síðdegis í dag. Þar mætir engin önnur en söngkonan **Ragnheiður Gröndal** ásamt hljómsveitinni **Black Coffee**.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Varnir gegn sakleysi



Á efri hæð gallerís Kling og Bang við Laugaveginn er lítið gallerí sem hefur fengið nafnið Gallerí Gyllinæð. Þar hafa myndlistarnemar við Listaháskóla Íslands fengið aðstöðu til þess að halda sýningar. Í dag verður opnuð þar samsýning Huldu Rósar Guðnadóttur, Línu Larsen og Steindóru Hildar Clausen. Sýningin ber yfirskriftina „Sweet child of mine“ og verður opin á laugardag og sunnudag milli klukkan 14 og 18 og síðan aftur dagana 24. til 27. mars á sama tíma. Á sýningunni er verið að velta upp spurningum í sambandi við dýrsleikann, sakleysið og faldar hugsanir. Menning er eins konar vörn gegn sakleysi og dýrsleikanum í manninum en hugsanir sem ekki má koma í orð brjótast út á yfirborðið á gróteskan hátt í fáránlegum athöfnum og draumum. Sýningin verður fjölbreytt með ljósmyndum, skúlptúrum og vídeói. Hulda Rós mun fjalla um geldingu fresskatta í borginni á meðan Lína er með litlar sögur um svefnmynstur, íslenskar martraðir. Verk Steindóru Hildar fjallar um sakleysi og hreinskilni. Eiginleika sem öllum börnum er gefinn en er smátt og smátt tekinn frá þeim.

## EKKI MISSA AF…



… 25 ára útgáfuafmæli **Fræbbblanna** sem verður haldið á Grand Rokk í kvöld.



… einleikstónleikum **Sigrúnar Eðvaldsdóttur** í Salnum á morgun þar sem hún flytur nokkur verk sem tónskáldin hafa tileinkað ýmsum fiðlusnillingum.

… tónleikum **Megasar** í Stúdentakjallaranum á morgun.





Ekki missa af þessari

„„...við höfum eignast nýtt leikskáld... sem hefur allt sem þarf, tilfinningu fyrir drama og leikrænni uppbyggingu...“
**S.A. Viðskiptablaðið**

„„..Elma Lísa var ótrúlega mögnuð í túlkun sinni. “
**V.S. Fréttablaðið**

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

Lau 19/3 kl. 20
Sun 20/3 kl. 20

Allra síðustu sýningar

Miðasala í síma 555 2222
eða á www.hhh.is







# Klink og Bank eins árs



**NÍNA MAGNÚSDÓTTIR** Hússtýra Klink og Bank tekur á móti gestum og gangandi á morgun.

Listamiðstöðin Klink og Bank fagnar eins árs afmæli sínu um þessar mundir og í tilefni af því verður haldið opið hús í höfuðstöðvum miðstöðvarinnar á morgun þar sem listamenn munu opna vinnustofur sínar fyrir gestum og gangandi.

„Listamennirnir munu sýna hvað þeir eru eða hafa verið að fást við. Sumir verða með uppákomur og aðrir taka lagið. Einhverjir verða síðan við sína venjulegu vinnu,“ segir Nína Magnúsdóttir, myndlistarmaður og hússtýra Klink og Bank.

Að sögn Nínu eru um 130 manns, úr öllum listgreinum, með aðstöðu í Klink og Bank. „Við erum með opin rými og stóra sali sem við nýtum undir allskonar uppákomur. Við höfum passað okkur á því að fylla ekki þau rými en öll vinnustofuplássin eru fullnýtt. Það er endalaus eftirspurn sem sýnir aðstöðuleysi listamanna.“

Landsbankinn hefur haft veg og vanda af því að útbúa listamönnunum aðstöðu í Klink og Bank. Hann lánar þeim húsið endurgjaldslaust og sér um annan kostnað, svo sem hita og rafmagn. Á borgarskipulagi er gert ráð fyrir að rífa listamiðstöðina og segir Nína óvíst hvað verði um framhald Klink og Bank. „Við erum með samning út september og vinnum innan þess ramma. En andrúmsloftinu hér inni verður ekki hent og það eru alltaf til önnur hús. Ég efast ekki um að við finnum okkur samastað í tilverunni,“ segir Nína.

Opna húsið á morgun stendur frá tvö til sex og verður boðið upp á listviðburði fyrir alla aldurshópa. Léttar veitingar verða einnig í boði og eru allir velkomnir. ■


# BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20, Lau 9/4 kl 20, Su 10/4 kl 20 *Síðustu sýningar*

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Lau 2/4 kl 14 - **Aukasýning**
Su 3/4 kl 14 - **Aukasýning**
***Lokasýningar***

**HOUDINI SNÝR AFTUR**
Fjölskyldusýning um páskana.
Mi 23/3 kl 20, Fi 24/3 kl 15, Fi 24/3 kl 20, Lau 26/3 kl 15, Lau 26/3 kl 20

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**
**- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI**
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20, Fö 1/4 kl 20

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Su 20/3 kl 20, Su 3/4 kl 20
*- Ath: Miðaverð kr. 1.500*

**AMERICAN DIPLOMACY**
*eftir Þorleif Örn Arnarsson.* Í samstarfi við Hið lifandi leikhús.
Í kvöld kl 20, Fi 31/3 kl 20, Fö 1/4 kl 20
*Síðustu sýningar*

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl 20 - **UPPSELT,**
Lau 19/3 kl 20 **UPPSELT,**
Su 20/3 kl 21 **BREYTTUR SÝNINGARTÍMI!**
Mi 23/3 kl 20, Fi 24/3 kl 20,
Fö 1/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Lau 2/4 kl 20 **UPPSELT,**
Fi 14/4 kl 20, Fö 15/4 kl 20 - **UPPSELT**

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Lau 19/3 kl 20, Lau 2/4 kl 20, Lau 9/4 kl 20
*Síðustu sýningar*

**15:15 TÓNLEIKAR - SÓLÓ**
*Tinna Þorsteinsdóttir Lau 19/3 kl 15.15*

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS
15 16 17 **18** 19 20 21
**Föstudagur**

### ■ TÓNLEIKAR

☐ 16.00 **Ragnheiður Gröndal** og hljómsveitin **Black Coffee** verða með föstudagsdjamm í Stúdentakjallaranum.

☐ 17.00 **Phil Elvrum, Woelv** og **Brite Light** koma fram í Smekkleysu Plötubúð, Laugavegi 59.

☐ 19.30 Píanóleikarinn **Liene Circene** leikur einleik með **Sinfóníuhljómsveit Íslands** á tónleikum í Háskólabíói. Stjórnandi er **Owain Arwel Hughes**.

☐ 21.00 **Siggi Björns** spilar á Zanzibar í Mývatnssveit.

☐ 23.00 **Ask the Slave, NilFisk** og **Pind** koma fram á Bar 11.

☐ 23.30 **Fræbbblarnir** halda upp á 25 ára útgáfuafmæli sitt með heljarinnar tónleikum á Grand Rokk.

### ■ OPNANIR

☐ 16.00 Alþýðulistakonan **María Jónsdóttir** opnar sýninguna „Gullþræðir“ í Boganum í Gerðubergi.

☐ 17.00 Sýning um ævi og kveðskap **Hallgríms Péturssonar** (1614-1674) verður opnuð í bókasal Þjóðmenningarhússins. **Margrét Eggertsdóttir** flytur ávarp um Hallgrím Pétursson og fluttir verða Passíusálmar.

☐ Sýning á verkum **Aðalheiðar Valgeirsdóttur** myndlistarmanns verður opnuð á 1. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15.

☐ Samsýning **Huldu Rósar Guðnadóttur, Línu Larsen** og **Steindóru Hildar Clausen** verður opnuð föstudaginn 18. mars í Gallerí Gyllinhæð á efri hæð Gallerí Kling og Bang á Laugavegi.

### ■ SKEMMTANIR

☐ 21.00 **DJ's Silja og Steina** með funk, soul, hip-hop & Lounge föstudagskvöldið 18.mars á **Café Kulture**

☐ 22.00 Grínistarnir **Snorri Hergill** og **Taffeta Wood** verða með uppistand á ensku í Stúdentakjallaranum.

☐ 22.00 Hljómsveitin **Groundfloor** spilar á Kaffi Vín.

☐ 22.00 Hljómsveitin **Sérsveitin** heldur uppi fjöri í Vélsmiðjunni á Akureyri.

☐ 23.00 Hinn einni sanni **Geirmundur Valtýsson** og hljómsveit skemmtir gestum **Kringlukráarinnar**.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# EDITH PIAF
**SALA HAFIN Á SÝNINGAR Í MAÍ!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Í kvöld fös. 18/3 **uppselt**, sun. 20/3 **60. sýning uppselt**, lau. 2/4 **uppselt**, sun. 3/4 **uppselt**, fim. 7/4 **örfá sæti laus**, fös. 8/4 **uppselt**, lau. 16/4 **örfá sæti laus**, lau. 23/4 **örfá sæti laus**, lau. 30/4, lau. 7/5, fim. 12/5 **nokkur sæti laus**.

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
10. sýn. lau. 19/3 **örfá sæti laus**, 11. sýn. fim. 31/3 **örfá sæti laus**, fös. 1/4 **nokkur sæti laus**, lau. 9/4.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 20/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 3/4 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 10/4 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 17/4 **uppselt**.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Lau. 19/3 **örfá sæti laus**, fim. 31/3 **örfá sæti laus**, fös. 1/4 **örfá sæti laus**, mið. 6/4 **uppselt**, lau. 9/4 **örfá sæti laus**, fim. 14/4 **uppselt**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**





# Skapar eigin hljóðheim

Tónlistarmaðurinn Phil Elvrum, sem starfar nú undir nafninu Mount Eerie, heldur sína aðra tónleika af þrennum hér á landi í plötubúð Smekkleysu í kvöld. Aðaltónleikarnir verða í Klink og Bank annað kvöld en í gær spilaði hann í Frumleikhúsinu í Keflavík. Reyndar hélt Elvrum einnig stutta tónleika í Menntaskólanum í Hamrahlíð á miðvikudag og í Kvennaskólanum í gær og fékk þar góðar undirtektir.

„Hann kemur frá smábæ í Washington-fylki og hefur gert tónlist lengi undir nafninu The Microphones,“ segir Benni í útvarpsþættinum Karate, en hann er mikill aðdáandi kappans. „Hann fékk mikið umtal á sínum tíma og hætti þá að nota það nafn til að fá ekki alltof mikla athygli. Hann er mjög sérstakur tónlistarmaður. Hann hefur búið til sinn eigin hljóðheim sem er engum líkur og hann gerir allt með kassettutækjum og spólum sem hann splæsir saman,“ segir hann.



**MOUNT EERIE** Phil Elvrum gengur undir nafninu Mount Eerie um þessar mundir. Hann er staddur hér á landi ásamt eiginkonu sinni.

Elvrum kom hingað til lands ásamt kanadískri eiginkonu sinni. Mun hún hita upp á tónleikunum í dag undir nafninu Woelv, auk þess sem hún spilar undir hjá eiginmanninum. Brite Light hitar einnig upp í Smekkleysubúðinni í dag en annað kvöld mun Þórir hita upp ásamt hljómsveitinni Gavin Portland sem er ný af nálinni. ■

## SKEMMTANIR

☐ 23.00 **Spútnik** heldur dansleik á **NASA** föstudaginn 18. mars. Hefst klukkan 23:00

☐ **Tveir snafsar** spila framundir morgun á Celtic Cross.

☐ Hljómsveitin **Úlfarnir** skemmtir í Klúbbnum við Gullinbrú.

☐ Dúettinn **Halli** og **Kalli** skemmtir í Ara í Ögri.

☐ Hljómsveitin **Sent** verður að spila á Lundanum í Vestmannaeyjum.

## SÝNINGAR

☐ Sýning á nýlegum myndum eftir **Guðbjörgu Hákonardóttur, Guggu** stendur yfir í Grensáskirkju.

## FYRIRLESTRAR

☐ 15.00 Efnafræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands stendur fyrir **kveðjufyrirlestri Braga Árnasonar**, prófessors í efnafræði, í tilefni þess að hann lætur af störfum. Fyrirlestur Braga verður á almennum nótum og eru allir velkomnir í Hátíðarsal Háskólans.

**hvar@frettabladid.is**


Félag eldri borgara í Hafnarfirði

verður með Dansleik fyrir 60 ára og eldri, í kvöld föstudaginn 18. mars. kl. 20:30 í Hraunseli Flatahrauni 3 Hafnarfirði.

Cabrí Tríóið leikur fyrir dansi

KRINGLUKRÁIN UM HELGINA

• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópamatseðill
• Sérsalur fyrir hópa

Borðapantanir í síma 568-0878

Geirmundur Valtýsson um helgina

www.kringlukrain.is









Leikfélag Mosfellssveitar

Ævintýrabókin
barnaleikrit eftir Pétur Eggertz
í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

3. sýning Sunnud. 20.mars kl. 14:00
4. sýning Sunnud. 03.apríl kl. 14:00
5. sýning Sunnud. 10.apríl kl. 14:00
6. sýning Sunnud. 17.apríl kl. 14:00
7. sýning Sunnud. 24.apríl kl. 14:00

*Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum ævintýranna sem allir þekkja svo vel þó á annan hátt en í hinum raunverulegu ævintýrim. Persónur eru m.a. Mjallhvít, Rauðhetta og úlfurinn, Prinsessan á bauninni, Öskubuska, Stígvélaði kötturinn og fl.*

Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1500,-









DANSLEIKIR um helgina

Föstudaginn 18. mars

Úlfar
Vírandi fín Hljómsveit

Laugardaginn 19. mars
hljómsveitin
SIXTIES
Heldur uppi stuðinu fram á morgun

KLÚBBURINN við gullinbrú

Sjá nánari upplýsingar á www.klubburinn.is eða í síma 567 3100

























## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan Hilary Swank, sem vann Óskarsverðlaunin á dögunum fyrir hlutverk sitt í Million Dollar Baby, vill stofna fjölskyldu með eiginmanni sínum Chad Lowe. Swank segist vera orðin nógu þroskuð til að eignast barn og vill stíga skrefið til fulls. „Auðvitað elska ég börn," sagði hún. „Þegar ég var á þrítugsaldri var ég ekki tilbúin en núna held ég að ég þurfi að eignast barn fyrr en síðar."








**RODNEY OG FENDER** Lenda í skemmtilegum ævintýrum í nýju tölvuteiknimyndinni Robots.

# Heimur vélmennanna

Tölvuteiknaðar myndir eru í tísku um þessar mundir og er Robots sú nýjasta í þeirri skemmtilegu flóru. Það sem gerir þessa mynd frábrugðna öðrum er að hér hefur í fyrsta sinn verið skapaður nýr, undraverður heimur þar sem vélmenni eru í aðalhlutverki.

Skoski leikarinn Ewan McGregor talar fyrir Rodney Copperbottom sem er ungur og efnilegur uppfinningamaður sem dreymir um að gera heiminn að betri stað. Inn í söguna fléttast Cappy (Halle Berry), fallegur framkvæmdastjóri sem Rodney verður ástfanginn af, yfirmaðurinn Ratchet (Greg Kinnear) sem lendir í deilum við Rodney og Bigweld (Mel Brooks), uppfinningamaður sem hefur ekki gengið sem skyldi. Hinn bráðfyndni Robin Williams og Amanda Bynes tala síðan fyrir vandræðagemlingana Fender og Piper Pinwheeleer sem láta mikið fyrir sér fara.

Leikstjóri myndarinnar er Chris Wedge sem hefur áður gert Ice Age sem naut mikilla vinsælda fyrir nokkrum árum.■





## TÓNLIST



**IRON MAIDEN** Haldið verður Iron Maiden-partí á Bar 11 í kvöld í tilefni af tónleikum sveitarinnar hér á landi í sumar.

# Iron Madien partí Xfm

Útvarpsstöðin Xfm 91,9 ætlar að halda sérstakt Iron Maiden-partí í kvöld á Bar 11. Á dagskrá verður Iron Maiden- spurningakeppni þar sem miðar á tónleika sveitarinnar í Egilshöll 7. júní verða í verðlaun auk þess sem haldið verður Iron Maiden-happadrætti. Þar verður m.a. hægt að vinna allar breiðskífur sveitarinnar, boli frá Ósóma og DVD-diska.

Dúettinn Friskó heldur uppi stemmninguna ásamt sérlegum Iron Maiden-plötusnúði frá Xfm. Ellefan opnar klukkan 20.00 og frítt er inn fyrir alla sem mæta merktir Iron Maiden á einn eða annan hátt. ■










# Hin eina sanna lagerútsala!

**Hin árlega lagersala mjög þekktra merkja er núna um helgina, 18.-20. mars 2005.**

## - Ótrúlegt úrval & Ótrúleg verð -

**Verðdæmi:**
Buxur **2.000**
Bolir **1.000**
Skór **500**

**Útsalan verður haldin að Guðríðarstíg 6-8 í Grafaholti, gengið inn að ofan.**

**Opnunartími:**
Föstudagur 16:00 - 19:00
Laugardagur 12:00 - 17:00
Sunnudagur 13:00 - 16:00

**Fullt af góðum skóm og fatnaði á ótrúlegu verði.**

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Taktu föstudagskvöldin frá.

REYKJAVÍKURNÆTUR

Stöð 2 kynnir með stolti framleiðslu Baltasars Kormáks.






# VIÐ TÆKIÐ

## Hvar eru Fastir liðir eins og venjulega?

**LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** SKILUR EKKI ÍSLENSKA DAGSKRÁRGERÐ.

Síðasta föstudagskvöld horfði ég spennt á úrslit Idolsins. Ég beið álíka spennt eftir nýja íslenska þættinum, Reykjavíkurnætur sem var sýndur í svokölluðu Idol-hléi. Íslendingar eru alltaf að baula um íslenska dagskrárgerð en ef þetta er allt sem við fáum þá held ég að við ættum að láta ömurlega ameríska gaman- og veruleikaþætti duga. Reykjavíkurnætur er slæmt sjónvarpsefni. Það er eitt sem víst er. Hvað er málið með þetta konsept – hvað er að gerast í 101?! Eins og allir sem búi í 101 Reykjavík séu með upprunalegar, hallærislega svalar innréttingar, alltaf fullir og í stanslausu partístandi – alla daga?! Ég svo sem þekki það ekki, bý hinum megin við götuna – í 105.

En handritið af þessum fyrsta þætti var gjörsamlega ömurlegt. Samtölin voru tilgerðarleg, asnaleg og óttalega klén – eins og þau væru samin fyrir svið. Inga María Valdimarsdóttir bar af í lélegum leik og leiðindum á meðan Þórunn Erna, Björn Hlynur og Víkingur klóruðu í bakkann að glæða illa skrifuðum persónum líf.

Eftir áhorf þessa þáttar skildi ég ekki af hverju ég var að gera mér vonir. Hugsaði sem svo að það hafi aldrei verið gerðir góðir, íslenskir gamanþættir. En það er bara ekki satt! Hver man ekki eftir Föstum liðum eins og venjulega. Eða Heilsubælinu. Af hverju er ekki hægt að taka þessa þætti sér til fyrirmyndar og búa til heilsteypta og góða, íslenska þætti. Ekki spillti fyrir ef þeir væru fyndnir líka.


Fastir liðir. Það var sko alvöru sjónvarpsefni.

En ég var sátt við Idolið og það bjargaði kvöldinu. Bros Hildar Völu linaði sársauka minn og vonbrigðin sem Reykjavíkurnætur ollu mér og ég sveif sæl inn í draumalandið.



**22.20** *Bíó*

**Schimanski: Asyl. Þýsk glæpamynd þar sem segir frá harðjaxlinum Schimanski.**



**21.05** *Íslenskt*

**Reykjavíkurnætur. Nýr íslenskur myndaflokkur um ungt fólk á djammtímabilinu í lífi sínu sem býr í 101 Reykjavík.**



**22.00** *Skemmtun*

**Uppistand á Kringlukránni. Sýnt er frá uppistandi á Kringlukránni síðastliðinn vetur þar sem íslensk fyndni var í fyrirrúmi.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.35** Óp **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Artúr (93:95)

**18.30** **Hundrað góðverk (12:20)**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.10** **Disneymyndin – Gæsavinir** (Those Calloways) Bandarísk bíómynd frá 1965 um Calloway-fjölskylduna sem býr í skóglendi á Nýja-Englandi. Þau dreymir um að koma upp griðlandi fyrir gæsir en lenda í margvíslegum hremmingum. Leikstjóri er Norman Tokar og meðal leikenda eru Brian Keith, Vera Miles, Brandon De Wilde og Walter Brennan.
▶ **22.20** **Flóttafólk** (Schimanski: Asyl) Þýsk glæpamynd frá 2002. Harðjaxlinn Schimanski gerist flugumaður lögreglunnar í hópi glæpamanna sem smygla fólki frá Tsjetsjeníu til Þýskalands. Myndin var tilnefnd til Emmyverðlauna. Leikstjóri er Edward Berger og meðal leikenda eru Götz George, Yekaterina Medvedeva, Valentin Platareanu og Thomas Thieme.

**23.50** Bilko liðþjálfi **1.20** Sveitasæla **2.50** Mánudagsstúlkan (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en tólf ára. e) **4.25** Formúla 1 **4.50** Formúla 1

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **12.55** 60 Minutes II (e) **13.40** Bernie Mac 2 (e) **14.00** The Guardian (e) **14.45** William and Mary **15.30** Curb Your Enthusiasm (10:10) (e) (Bönnuð börnum) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.30** Simpsons **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Joey (5:24)** (Joey)
**20.30** **Idol – Stjörnuleit** (23.þáttur – brot af því versta)
▶ **21.05** **Reykjavíkurnætur** Íslenskur myndaflokkur um ungt fólk sem er á djammtímabilinu í lífi sínu. Ari Óliver er nýkominn til landsins og vantar gististað.
**21.30** **Punk'd** (Negldur 3)
**21.55** **Sketch Show 2, The** (Sketsaþátturinn) Húmorinn er dálítið í anda Monty Python og Not the Nine O'Clock News en ýmsir valinkunnir grínarar stíga á stokk.
**22.20** **Big Shot: Confessions of a Ca** (Aðalmaðurinn) Það er mikil breyting fyrir Benny Silman frá Brooklyn að setjast á skólabekk í Arizona. Aðalhlutverk: David Krumholtz, Tory Kittles, Jennifer Morrison. Leikstjóri: Ernest R. Dickerson. 2002.

**23.50** The Untouchables (Stranglega bönnuð börnum) **1.45** Enough (Stranglega bönnuð börnum) **3.40** Fréttir og Ísland í dag **5.00** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**7.00** The Mountain (e) **7.45** Allt í drasli (e) **8.15** Survivor Palau (e) **9.00** Þak yfir höfuðið – fasteignasjónvarp (e)

**9.25** Óstöðvandi tónlist **17.30** Cheers – 1. þáttaröð (10/22) **18.00** Upphitun

**18.30** **Queer Eye for the Straight Guy (e)**
**19.15** **Þak yfir höfuðið – fasteignasjónvarp** Skoðað verður íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, sumarbústaðir o.fl. og boðið upp á ráðleggingar varðandi fasteignaviðskipti, fjármálin og fleira.
**19.30** **The King of Queens (e)**
**20.00** **Jack & Bobby**
**21.00** **The Simple Life 2 – lokaþáttur**
**21.30** **Everybody Loves Raymond**
▶ **22.00** **Uppistand á Kringlukránni** Síðastliðinn vetur tróðu skemmtikraftar upp á Kringlukránni með uppistand. Íslensk fyndni eins og hún gerist best! Umsjónarmaður er Hjálmar S. Hjálmarsson.
**22.30** **Head Above Water** Spennumynd með grínívafi frá 1996. Nýgift hjón fara í frí ásamt sameiginlegum vini. Allt í einu birtist fyrrverandi elskhugi eiginkonunnar á staðinn og flækjast þá hlutirnir. Með aðalhlutverk fara Cameron Diaz, Harvey Keitel og Craig Sheffer.

**0.00** Boston Legal (e) **0.45** Law & Order: SVU (e) **1.30** Michael Collins **3.40** Jay Leno (e) **4.25** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Osmosis Jones **8.00** Dr. T and the Women **10.00** A Hard Day's Night **12.00** Angel Eyes **14.00** Osmosis Jones **16.00** Dr. T and the Women **18.00** A Hard Day's Night **20.00** The Scream Team **22.00** Cuba (Bönnuð börnum) **0.00** Solaris (Bönnuð börnum) **2.00** The Others (Bönnuð börnum) **4.00** Cuba (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**8.00** Blandað efni **9.30** Acts Full Gospel **10.00** Joyce M. **10.30** 700 klúbburinn **11.00** Samverustund **12.00** Kvöldljós **13.00** Believers Christian Fellowship **14.00** Joyce M. **14.30** Gunnar Þorst. **15.00** Billy G. **16.00** Maríusystur **16.30** Blandað efni **17.00** Fíladelfía **18.00** Joyce M. **19.30** Freddie F. **20.00** Jimmy S. **21.00** Sherwood C. **21.30** Joyce M. **22.00** Blandað efni **22.30** Joyce M. **0.00** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter **21.30** Bravó **22.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**14.00** Football: UEFA Cup **14.15** Football: UEFA Cup **15.30** Freestyle Skiing: World Championship Ruka Finland **16.00** Figure Skating: World Championship Moscow Russia **20.00** Tennis: WTA Tournament Indian Wells **21.30** Football: Top 24 Clubs **22.00** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Wrestling: TNA Impact USA **23.45** Football: Top 24 Clubs **0.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** EastEnders **12.30** Passport to the Sun **13.00** Big Cat Diary **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Fimbles **14.35** Bill and Ben **14.45** The Story Makers **15.05** DIY TV **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Gary Rhodes' Cookery Year **18.30** Two Thousand Acres of Sky **19.30** Mastermind **20.00** Lenny Henry in Pieces **20.30** I'm Alan Partridge **21.00** Swiss Toni **21.30** Top of the Pops **22.00** Trips Money Can't Buy with Ewan McGregor **23.00** Clocking Off **0.00** What the Industrial Revolution Did for Us **0.30** What the Industrial Revolution Did for Us **1.00** Leonardo

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Vets in Practice **12.30** Emergency Vets **13.00** Cell Dogs **14.00** K9 Boot Camp **15.00** Wildlife SOS **15.30** Aussie Animal Rescue **16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Growing Up... **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Cell Dogs **20.00** K9 Boot Camp **21.00** Emergency Vets **21.30** Hi-Tech Vets **22.00** Wild Africa **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Vets in Practice **0.30** Emergency Vets **1.00** Cell Dogs **2.00** K9 Boot Camp **3.00** Emergency Vets **3.30** Hi-Tech Vets **4.00** The Planet's Funniest Animals **4.30** Amazing Animal Videos

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Capturing the Killer Croc **13.00** Leopards of Bollywood **14.00** Mankillers – Africa's Giants **15.00** Killer Leopards **16.00** Maneater – Killer Tigers of India **17.00** Capturing the Killer Croc **18.00** Killer Leopards **19.00** Maneater – Killer Tigers of India **20.00** Shadow of the Red Giants **21.00** Riddles of the Dead **22.00** War Crimes **23.00** Raising the USS Monitor **0.00** Interpol Investigates **1.00** Riddles of the Dead

**DISCOVERY**
**12.05** Dangerman **13.00** A Miracle in Orbit **14.00** Dambusters **15.00** Extreme Machines **16.00** Rex Hunt Fishing Adventures **16.30** Cast Out **17.00** Big Stuff **18.00** Unsolved History **19.00** Mythbusters **20.00** American Casino **21.00** Poisonous Women **22.00** Mind, Body and Kick Ass Moves **23.00** Forensic Detectives **0.00** Extreme Machines **1.00** Europe's Secret Armies

**MTV**
**12.00** Pimp My Ride **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Punk'd **19.30** Viva La Bam **20.00** Wild Boyz **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Party Zone **0.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** MTV at the Movies **20.00** Outkast Rise & Rise Of **21.00** OutKast Fabulous Life Of **21.30** Missy Elliot Fabulous Life Of **22.00** Friday Rock Videos

**CLUB**
**12.20** Arresting Design **12.45** Famous Homes & Hideaways **13.10** Vegging Out **13.35** Crime Stories **14.30** Matchmaker **15.00** Cheaters **15.45** Sizzle **16.10** The Review **16.35** Arresting Design **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Crime Stories **18.45** The Review **19.15** Arresting Design **19.40** The Roseanne Show **20.25** Cheaters **21.10** The Villa **22.00** Spicy Sex Files **22.50** Men on Women

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** Life is Great with Brooke Burke **12.30** Fashion Police **13.00** E! News Live **13.30** Life is Great with Brooke Burke **14.00** Stunts **16.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **18.00** Life is Great with Brooke Burke **18.30** Fashion Police **19.00** E! News Live **19.30** Behind the Scenes **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Life is Great with Brooke Burke **23.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **0.00** E! News Live **0.30** Behind the Scenes

**CARTOON NETWORK**
**12.05** The Grim Adventures of Billy & Mandy **12.30** Looney Tunes **12.55** Tom and Jerry **13.20** The Cramp Twins **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls **15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** Samurai Jack **16.15** Megas XLR **16.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **17.05** Courage the Cowardly Dog **17.30** Scooby-Doo **17.55** Tom and Jerry **18.20** Looney Tunes **18.45** Ed, Edd n Eddy

**JETIX**
**12.20** Gadget and the Gadgetinis **12.45** Black Hole High **13.10** Lizzie Mcguire **13.35** Braceface **14.00** Hamtaro **14.25** Moville Mysteries **14.50** Pokémon VI **15.15** Digimon I **15.40** Spider-Man **16.05** Sonic X **16.30** Totally Spies

**MGM**
**13.25** Martin's Day **15.05** The Man from Button Willow **16.25** Mission of the Shark **18.00** Semi-Tough **19.45** War Party **21.20** Hell Boats **22.55** Sonny Boy **0.40** Silent Victim **2.35** Jinxed!

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### IDOL - STJÖRNULEIT

*Stöð 2* **kl. 20.30**

#### *Það besta af því versta*

**Sigurvegari í íslenska Idolinu í ár er Hildur Vala Einarsdóttir.**



Hildur Vala Einarsdóttir.

Nú er Idol – Stjörnuleit loksins búin og sigurvegarinn fundinn. Í kvöld verður samt sýndur einn lokaþáttur áður en Idolið fer í dvala. Þátturinn í kvöld verður með öðruvísi sniði en venjulega þar sem sýnt verður brot af því versta í áheyrnarprufunum. Margir komu, sáu og sigruðu ekki beint hjörtu dómaranna í byrjun stjörnuleitarinnar og þöndu raddböndin eins og þeim einum var lagið – en því miður ekki á góðan hátt. Bubbi, Þorvaldur og Sigga fara líka á kostum og væntanlega falla mörg ógleymanleg orð.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
**„You're right Pitkin. We'll fight them, to the last half pint of milk!"**

**Svar:** Herra Grimsdale úr kvikmyndinni The Early Bird árið 1965.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Róberti Marshall. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni með Sigmundi Erni Rúnarssyni og Sigurjóni M. Egilssyni. **13.00** Hrafnaþing **14.03** Fókus

**15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur. **17.59** Á kassanum með Illuga Jökulssyni.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Auðlind **13.05** Ég er innundir hjá meyjunum **14.03** Útvarpssagan, Saga sonar míns **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Tónaljóð **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Norrænt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Músíktilraunir 2005

**00.10** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Halli Kristins

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**▶ 00.30** *Íþróttir*

**NBA. Indiana Pacers og Los Angeles Lakers mætast í beinni útsendingu á Sýn í kvöld.**

## SÝN

**7.00** Olíssport **17.15** Þú ert í beinni! **18.15** Olíssport

**18.45 David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.
**19.30 UEFA Champions League** Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.
**20.00 World Series of Poker** (HM í póker)
**21.30 Barist fyrir gott málefni** Bein útsending frá hnefaleikakeppni á veitingahúsinu Broadway. Þar mæta íslenskir keppendur félögum úr boxklúbbi bresku lögreglunnar. Helmingur aðgangseyris rennur til styrktar Regnbogabörnum. Það er Hnefaleikafélag Reykjavíkur sem stendur að keppninni.

**23.30** David Letterman **▶0.30** NBA. Bein útsending frá leik Indiana Pacers og Los Angeles Lakers.

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** Sjáðu (e) **22.03** Jing Jang **22.40** The Man Show

**TCM**
**20.00** Code Name: Emerald **21.35** Zigzag **23.20** Bataan **1.20** Captain Nemo and the Underwater City **3.05** Knights of the Round Table

**HALLMARK**
**12.00** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **13.45** A Child's Cry For Help **15.15** Ratz **17.00** Touched By An Angel II **18.00** Tidal Wave: No Escape **19.30** Law & Order **20.15** Open Heart **22.00** Betrayal of Trust

**BBC FOOD**
**12.00** Neven Cooks **13.30** The Big Stew **14.00** Soul Food **14.30** Floyd On Food **15.00** Grigson **15.30** Rick Stein's Food Heroes **16.00** The Big Stew **16.30** Can't Cook Won't Cook **17.00** Ainsley's Meals in Minutes **17.30** Gary Rhodes' New British Classics **18.00** Chef at Large **18.30** Sophie's Weekends **19.30** Ready Steady Cook **20.00** Soul Food **20.30** The Great Canadian Food Show **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Dinner in a Box **22.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.00** Udefra **13.00** Alle tiders håndværk **13.20** Mik Schacks Hjemmeservice **13.50** Kender du typen? **14.20** Tæt på Dyrene **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Boogie Listen **16.00** Shin Chan **16.05** Scooby Doo **16.30** AMIGO **17.00** Fredagsbio **17.10** Angelina Ballerina **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Boom Boom **20.00** TV Avisen **20.30** En duft af kvinde **23.10** Br¢lende kæmper **0.35** Boogie Listen

**SV1**
**12.30** Samtal Europa **13.00** Konståkning: VM Moskva **14.00** Debatt **15.00** Rapport **15.05** Konståkning: VM Moskva **17.00** BoliBompa **17.01** Supersnällasilversara och Stålhenrik **17.30** Johannas matlåtar **17.35** Creepschool **18.00** Amigo **18.30** Rapport **19.00** Så ska det låta **20.00** Knubbigt regn **21.35** Konståkning: VM Moskva **22.35** Rapport **22.45** Kulturnyheterna **22.55** Nicky och Gino **0.40** Sändningar från SVT24






## HRÓSIÐ

*...fær Jónas Kristjánsson fyrir að setjast aftur í ritstjórastólinn á DV þar sem hann settist fyrst fyrir þrjátíu árum.*

## REYKJAVÍKURNÆTUR

**HARPA PÉTURSDÓTTIR** VILL AÐ JAFNRÉTTIÐ RÁÐI RÍKJUM EN...



# Nýi skólinn

Er gamli skólinn dottinn út? Karlmenn í dag eru farnir að láta ganga á eftir sér eins og litlar prímadonnur. Þeir byrja á því að hita mann upp og sýna áhuga. Hringja mikið og senda sms-skilaboð. Það er náttúrulega skilyrði fyrir okkur stelpurnar að vera erfiðar til að byrja með. Maður svarar ekki alltaf sms-unum eða símanum, er upptekin og lætur ganga svolítið á eftir sér. Þegar þeir eru orðnir vissir um að áhuginn sé gagnkvæmur er það nýjasta nýtt að borga í sömu mynt og haga sér eins. Þá er víst mest kúl að svara ekki í símann og senda eins atkvæðis sms eins og: ok, jebb eða nóbb. Er þetta alvöru karlmennska? Svo ef maður tekur illa í þetta og hættir að vera í sambandi þá verða þeir alveg vitlausir, skilja ekki neitt í neinu og vilja allt fyrir mann gera.



Einn vinur minn var til dæmis heitur fyrir stelpu sem hann fékk númerið hjá en lét það bíða að hringja í hana í heilar 2 vikur til að halda örugglega kúlinu og ekki virðast örvæntingarfullur. Svo þegar honum var virkilega farið að langa að hitta hana aftur hringdi hann í hana nokkrum sinnum og fékk aldrei svar. Þá var hann barasta búinn að missa tækifærið og hún orðin fúl á móti! Frekar súrt fyrir hann þar sem hann var ekki með neitt sérstaklega margar í símaskránni til að hringja í.

Ég er ansi hrædd um að barátta okkar kvenna fyrir jafnrétti sé farin að skila sér í þessari mynd. Mér finnst alveg sjálfsagt að jafnréttið ráði ríkjum. Að við fáum sömu laun og tækifæri og þeir og að karlmenn fái barneignafrí og þátttökurétt í kvennahlaupinu. Þetta er samt einum of langt gengið. Það er svo sjarmerandi þegar karlmaður opnar fyrir manni hurðina, býður manni út að borða og fer eftir reglum gamla skólans. Kaldhæðnin er hins vegar sú að ef þeir fara of mikið eftir þessum reglum til dæmis með því að kaupa blóm þegar maður er rétt að kynnast eða skrifa ljóð þá verður manni flökurt, maður fær klígju og missir áhugann.

Uppskriftin að því að heilla konu er: mikið af herramennsku, smá töffaraheit, fullt af næsheitum, mjög takmörkuð væmni og láta henni finnast hún vera ótrúlega mikilvæg og ómissandi. Harmonísering er lykillinn!



**Lárétt:**
**2** verkfæri, **6** tónn, **8** kassi, **9** hrædd, **11** á fæti, **12** póll, **14** svikull, **16** bardagi, **17** litlaus, **18** arinn, **20** til, **21** hluti andlits.

**Lóðrétt:**
**1** kjötkássa, **3** drykkur, **4** eðli, **5** undirförul, **7** eiga í útistöðum við, **10** megnaði, **13** sarg, **15** stjórna, **16** ílát, **19** ofn.

**Lausn:**

**Lárétt: 2** töng, **6** as, **8** lár, **9** rög, **11** tá, **12** skaut, **14** ótrúr, **16** at, **17** grá, **18** stó, **20** að, **21** kinn.
**Lóðrétt: 1** fars, **3** öl, **4** náttúra, **5** grá, **7** sökótti, **10** gat, **13** urg, **15** ráða, **16** ask, **19** ón.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

**1** Paul Wolfowitz.

**2** 500.

**3** Tröllabundin.

birta

» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á FÖSTUDÖGUM






**GALDRAMAÐUR Á STRÖNDUM** Ætlar að kveða niður drauga í Afríkuríkinu Malaví þar sem forsetinn hefur flúið höll sína vegna reimleika.

GALDRASETRIÐ Á STRÖNDUM: HYGGST SENDA GALDRAMANN TIL MALAVÍ

# Draugabani sendur til Afríku

Draugasetrið á Ströndum hyggst á næstunni senda galdramann til Afríkuríkisins Malaví að kveða þar niður drauga.

Bingu wa Mutharika, forseti Malaví, hefur flúið úr 300 herbergja höll sinni í höfuðborginni Lilongwe af ótta við draugagang og kemur nú helst ekki í höllina til að vinna nema í bjötru.

Starfsfólk Draugasetursins rakst á frétt um þessa reimleika á vefsíðu BBC-fréttastofunnar og sendi þegar í stað tölvuskeyti til Malaví þar sem galdramaður á Ströndum bauð fram þjónustu sína.

„Við bíðum ennþá eftir svari. Við förum ekkert fyrr en við erum búnir að semja um greiðslu," segir Sigurður Atlason hjá Draugasetrinu, sem reyndar á frekar erfitt með að muna nafn forsetans í Malaví og nefnir hann ýmist Bingó, Bongó eða Bimbó í stuttu spjalli við blaðamann Fréttablaðsins.

„En við höfum gríðarlega reynslu hérna í að kveða niður hvers kyns drauga, sérstaklega þessi tiltekni galdramaður."

Galdramaðurinn hefur verið afar iðinn við að kveða niður drauga á Ströndum síðustu misserin.

Svo iðinn reyndar að menn eru farnir að saka hann um að fara offari.

„Hér fyrir vestan er búið að kveða niður flesta drauga núorðið, þannig að það er orðið hálf einmanalegt hér um að litast. Þess vegna langar okkur að taka þessa útrás og æfa okkur á draugum í öðrum ríkjum. Þá getum við haft okkar til sýnis."

Þessa dagana er galdramaðurinn að svipast um eftir réttum náttúruefnum sem þarf í galdur af þessu tagi.

Sumt af því er helst að finna í fjöru, og hafa menn á Galdrasetrinu nokkrar áhyggjur af hafísnum sem gæti gert fjöruferðir dálítið erfiðar.

Galdramaðurinn hefur einnig svolitlar áhyggjur af því að draugarnir í forsetahöllinni í Malaví líkist sumir hverjir nagdýrum.

Sjálfum er galdramanninum frekar illa við nagdýr.

„Annars erum við óhræddir að fást við verkefni af þessu tagi," segir Sigurður, sem hikar þó svolítið þegar hann er spurður hvort ráðamenn í Malaví hafi örugglega húmor fyrir þessu framtaki Draugasetursins.

„Ég ætla rétt að vona það," segir hann loks. „Annars verðum við bara að gera okkur ósýnilega, en það kunnum við nú líka." ■

# Besta rómantíska parið í Nicelandi

Leikararnir Guðrún Bjarnadóttir og Martin Compston hlutu í fyrradag verðlaun fyrir leik sinn í myndinni Niceland á kvikmyndahátíðinni Faces of Love sem haldin var í Moskvu dagana 8.-16. mars. Leikararnir hlutu **The Silver Arrow** sem besta rómantíska parið fyrir leik sinn.

Friðrik Þór Friðriksson tók við verðlaununum fyrir hönd Guðrúnar og Martins. Friðrik Þór leikstýrði myndinni, sem var byggð á handriti Huldars Breiðfjörð, en það var Zik-Zak sem framleiddi myndina.



**VERÐLAUN TIL NICELANDS** Martin Compston hlaut verðlaun fyrir leik sinn í myndinni Niceland ásamt Guðrúnu Bjarnadóttur. Á myndinni er Martin ásamt leikkonunni Kerry Fox sem einnig lék í Niceland.

# PHILIPS PÁSKATILBOÐ




**Philips 32PW8609**
32" 100Hz BREIÐTJALDSSJÓNVARP með REAL FLAT BlackLine S myndlampa, 40w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, textavarpi, 2 Scart tengjum og fjarstýringu.

**TILBOÐ 79.995**
**Fullt verð kr. 99.995**




**Philips 28PT4458**
28" SJÓNVARP með Blackline FX myndlampa, stereó hljóðkerfi, textavarpi, 2 Scart tengjum og fjarstýringu.

**TILBOÐ 39.995**
**Fullt verð kr. 49.995**




**Philips 20PF7846**
20" Nicam stereó LCD **SJÓNVARP** með Dolby Virtual Surround, 640x480 punkta upplausn, Progressive Scan, útvarpi, textavarpi, Scart tengi, tengi fyrir heyrnatól og fjarstýringu.

**TILBOÐ 97.995**
**Fullt verð kr. 114.995**




**Philips 30PF9946**
30" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Crystal Clear og Progressive Scan, 1280x768 punkta upplausn, textavarpi með 1200 síðna minni, 40w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround og FM útvarpi, 2 Scart tengjum, RGB-inn / CVBS-inn PC-inngangur og tengi fyrir heyrnatól, borðstandur fylgir.

**TILBOÐ 219.995**
**Fullt verð kr. 279.995**

HUGVERKAsmiðja

ÓDÝRARI
RAFTÆKI

**Heimilistæki**
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



FAXE
Besti vinurinn
Léttur öllari




BAKÞANKAR
SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

## Slímseta guðanna

Það er ekki einleikið hvað mannkynið er þróunarfatlað, þótt við höfum eytt þúsundum ára í að þróa endalaus kerfi sem eiga að tryggja réttindi lýðsins. Við höfum skáldað hugtök eins og lýðræði, almannaheill, samhjálp, jafnrétti og hvað það allt heitir, en þegar upp er staðið erum við á sama stað og við vorum á þjóðveldisöld, sama stað og fyrstu hundrað árin eftir að land byggðist, sama stað og í norrænni goðafræði, sama stað og í grískri goðafræði og eflaust væri hægt að leita enn aftar. En þetta dugar.

**Í ÖLLUM** goðafræðum heimsins eru guðir sem hafa fátt þarfara að bardúsa en að ástunda valdníðslu á dauðlegum mönnum. Skella á hörmungum eins og uppskerubresti, aflaleysi, farsóttum og hentisemidauða þegar þeim sýnist. Umbuna og refsa að eigin geðþótta og án þess að nokkurt mannlegt afl fái rönd við reist. Hér á landi urðu strax til goðorð. Þeir sem voru ofan á í tilverunni skipuðu sér þar með í guðatölu og léku sín hlutverk samkvæmt því. Og þótt við eigum elsta Alþingi í heimi er það bara brandari. Hvað gerðist þar?

**JÚ,** þegar þjóðin var kristnuð lagðist eitt erfðagoðið undir feld og ákvað að þjóðin skyldi kristnast. Dálítið gerræðislegt athæfi. Svona er þetta enn í dag. Slímseta ríkisstjórnarinnar hefur rænt hana raunveruleikaskyni. Meðlimir hennar virðast halda að þeir séu ódauðlegir. Þeir setja á nýja skatta að geðþótta sem valda uppskerubresti í pyngjum lýðsins (nefskattur), umbuna meðaljónum og vanhæfum vinum sínum með stöðuveitingum (fréttastjóri) og refsa þeim sem ekki skjalla þá í verkum sínum (þrælsjóaðir fréttamenn). Þeir rústa skólakerfinu, sem sést best á því hversu valbrautum í framhaldsskólum hefur fækkað á síðastliðnum áratug, sem og heilbrigðiskerfinu, sem sést á því hversu mikið hlutur sjúklinga í sjúkra- og lyfjakostnaði hefur aukist á sama tíma.

**ÍSLAND** er eitt af ríkustu löndum heims. En á kostnað hvers? Þjóðin verður veikari, þjakaðri og píndari með hverjum deginum sem líður. Í þágu hverra vinnur þessi guð?




2005

vor í lofti

– sérstakur glaðningur fyrir árrisula

tilboðsdagar í Leifsstöð

Það er vor í lofti í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Dagana frá **15. til 28. mars** verða verslanir á svæðinu með spennandi tilboð á ýmsum vörum.

Allir farþegar, sem mæta í innritun fyrir kl. 6 að morgni, fá páskagjöf og njóta sértilboða í verslunum flugstöðvarinnar.

Páskagjöfin er afhent í innritunarsal og í afgreiðslu Securitas á bílastæðum.

Athugið að innritun hefst kl. 5.00.

**30%** afsláttur af herrayfirhöfnum

**15%** afsláttur af Baguette m/skinku og osti, kaffi Latte og ferskum appelsínusafa

**15%** afsláttur af öllum veitingum

**15%** afsláttur af öllum snyrtivörum

**15-50%** afsláttur af töskum

**20%** afsláttur af Cintamani flíspeysum og Teva sandölum

**15%** afsláttur af allri vöru frá Sand

**20%** afsláttur af Gucci og Dior sólgleraugum

Reykjavik Excursions

Þeir sem taka rútu Kynnisferða kl. 5.00 fá **15% afslátt.**

SECURITAS

Þeim sem mæta á einkabílum fyrir kl. 6 býðst að geyma bílinn **frítt í tvo sólarhringa** á bílastæði Securitas.

ferð til fjár!
Fríverslun Leifsstöð






4.0 milljón pixlar
OLYMPUS MJU-MINI
**STAFRÆN MYNDAVÉL**
**Fermingartilboð kr. 27.900**

SHARP XL-S10H
**HLJÓMTÆKJASTÆÐA**
**Fermingartilboð kr. 10.900**

PIONEER DCS-222
**HEIMABÍÓ**
**Fermingartilboð kr. 49.900**

RADIONAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000

BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON SMÁRALIND